Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi hreppsnefndar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun hreppsnefndar, krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um hagatoll, hvort heldur ákveðinn er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

9. gr.

Nú rís ágreiningur um upprekstrarrétt eða notkun afréttar samkvæmt 8. gr., og skal þá, ef hreppsnefnd tekst eigi að miðla málum, vísa ágreiningnum til sýslunefndar, er úrskurðar málið. Úrskurði sýslunefndar má skjóta til dómstóla.

10. gr.

Enginn má nota afrétt, sem eigi á þar upprekstrarrétt samkvæmt 7. eða 8. gr., nema viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir leyfi, eða landeigandi, ef um einkaeign á afréttarlandi samkvæmt 8. gr. er að ræða. Um slíkar leyfisveitingar, svo og um gjaldskyldu leyfishafa fyrir afréttarnot, skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykkt.

11. gr.

Enginn má hafa afnot afréttar fyrir sjálfan sig, svo sem grasnyt og hlunnindi, nema hreppsnefnd leyfi. Eigi tekur þó ákvæði þetta til fiskveiði eða annarra hlunninda, sem í einkaeign eru, þótt í afrétti séu.

12. gr.

Nú eru beitolönd einstakra jarða notuð til upprekstrar eða sem sameiginlegur bithagi með líkum hætti og afréttir, og skal þá reglum laga þessara um afrétti beitt um þau eftir því, sem við getur átt og nánar er fyrir mælt í fjallskilasamþykkt.

13. gr.

Eftir að sveitarstjórn hefur ákveðið, að vorsmöulun skuli lokið, og allt til fyrstu gangna, má enginn smala afrétt né gera afréttarþúpeningi ónæði, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

14. gr.

Nú eru tveir hreppar eða fleiri í fjallskiladeild (upprekstrarfélagi) og þykir hreppsnefnd í einum þeirra nauðsyn til bera að ganga úr fjallskiladeildinni og stofna nýja, og boðar þá hreppsnefnd til fundar með búendum í hreppnum, sem upprekstur eiga, og lætur atkvæði ganga um málið. Verði $\frac{3}{4}$ þeirra, er atkvæðisrétt eiga, því fylgjandi að ganga úr fjallskiladeildinni, tilkynnir hreppsnefnd það sýslunefnd, og getur hún þá breytt fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveðið hreppnum nýja skilarétt, ef þörf krefur. Sýslunefnd kýs þrjá óvilhalla menn í skiptanefnd, til að stýra skiptum á sameiginlegum eignum fjallskiladeildarinnar. Náist ekki samkomulag aðila um þau skipti, að því er varðar lausafé og mannvirki, sker skiptanefnd úr.

Um skiptingu afréttalanda fer sem hér segir:

- a) Þar sem hver hreppur í fjallskiladeild þeirri sem skipta á, hefur frá fornu fari annast um fjallskil á ákveðnum afréttahluta og haft rétt til upprekstrar í hann, skal ákveða landamerki, þar sem leitamót hafa verið frá fornu fari, og færi sýslunefnd þau í afréttaskrá.
- b) Þar sem afréttur hefur verið leitaður sameiginlega, skal Landgræðsla Íslands fengin til að meta afréttinn gróðurmati og gera tillögur um skiptingu eftir reglum III. kafla þessara laga. Náist eigi samkomulag aðila um landamerki, sker skiptanefnd úr. Kostnað af störfum skiptanefndar og Landgræðslunnar ber sá aðili, er skipta beiddist. Nú þykist annar hvor aðili vanhaldinn af úrskurði skiptanefndar í einhverju efni, og má þá skjóta honum til landbúnaðarráðherra, sem tilnefnir þrjá menn í yfirskiptanefnd, og úrskurðar hún um ágreiningsatriði. Kostnað af störfum hennar bera aðilar að jöfnu.

III. KAFLI

Um verndun beitolands og um ítölu.

15. gr.

Stjórnnum fjallskiladeilda og sveitarstjórnnum, þegar um heimalönd er að ræða, er skylt að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda, og skulu þær hafa um það samráð við gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og Landgræðslu ríkisins.

Berist þessum aðilum rökstuddar ábendingar um, að nýtingu afréttar eða heimalanda sé ekki hagað á skynsamlegan hátt, eða að um ofbeitt sé að ræða, er þeim skylt að leita álits gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins um málið og um aðgerðir til úrbóta.

16. gr.

Þar sem talin er þörf bættar meðferðar afréttar og verndar á gróðri, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, er stjórnnum fjallskiladeilda heimilt að grípa til eftirtalinna aðgerða:

- a) Ákveða, að fjallgöngur á hausti skuli færðar fram, eða að smalað sé af tilteknum hlutum afréttar fyrir göngur.
- b) Ákveða, hvenær fyrst megi reka hverja búfjártegund á afrétt.
- c) Láta girða sérstök svæði á afréttum eða í heimalöndum fyrir hrossabeit.
- d) Banna að stóðhross séu rekin á afrétt, enda séu þau þá undanskilin fjallskilum.
- e) Eiga frumkvæði að félagslegum aðgerðum til hagabóta í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins.
- f) Eiga frumkvæði að ítölu, ákvæði 17.—25. gr.

17. gr.

Ítölu má gera í afrétti og heimalönd fyrir heilar sýslur, einstök sveitarfélög eða hreppshluta, að fullnægðum skilyrðum laga þessara, enda sé gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

18. gr.

Eftirtaldir aðilar geta farið þess á leit við sýslunefndir, að athugun verði gerð á því, hvort þörf sé fyrir ítölu, og krafist ítölu, ef niðurstaða athugunar er á þann veg, að hennar sé talin þörf:

- a) Einstakir bændur, búi þeir á viðkomandi svæði eða á nærliggjandi svæði, þar sem um verulegan samgang búfjár er að ræða á milli svæðanna.
- b) Sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags og sveitarstjórnir nágrannasveitarfélaga, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.
- c) Sýslunefndir aðliggjandi sýslna, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.
- d) Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og gróðurverndarnefnd í nágrannasýslu, ef verulegur samgangur búfjár er á milli sýslanna.
- e) Landgræðsla ríkisins.

19. gr.

Nú hefur sýslunefnd borist ósk um, að gerð verði ítala í ákveðið landsvæði, og er þá skylt að leita álits hlutadeigandi sveitarstjórnar, gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins á málinu. Telji einhver þessara aðila þess þörf, skal gera athugun á beitarþoli og notkun landsins og gefa um það álitsgerð.

20. gr.

Telji gróðurverndarnefnd og Landgræðsla ríkisins, eða hlutadeigandi sveitarstjórn, aðgerða þörf, ítölu eða annarrar gróðurverndar, þá skal stjórn fjallskiladeildar, sýslunefnd, ef heil fjallskilaumdæmi eiga hluta að máli eða sveitarstjórn, ef um heimalönd er að ræða, boða til fundar alla bændur innan þess svæðis, sem um ræðir. Ef um heilt fjallskilaumdæmi eða meira er að ræða, er heimilt að boða til fulltrúafundar, þar sem fulltrúar einstakra sveitarfélaga eða fjallskiladeilda eiga fundarsetu, kosnir af bændafundum í hlutfalli við bændafjölda hvers sveitarfélags eða deildar. Fulltrúafundur getur því aðeins ráðið málinu til lykta, að allar deildir séu því samþykkar.

Sá telst bóndi, er hefur lögbýli til ábúðar. Í fundarboði skal geta um fundarefni. Fundur telst lögmat, ef meira en helmingur atkvæðisþærra manna mætir. Hver maður hefur eitt

atkvæði, og eigi fleiri, þótt hann nýtji eða búi á tveimur eða fleiri lögbýlum. Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og fulltrúi frá Landgræðslu ríkisins eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er að boða þeim slíka fundi.

Skrá skal í fundargerð, hve margir bændur eru á viðkomandi svæði, svo og hve margir hafa greitt atkvæði um fundarefnið.

Verði samþykkt með meirihluta atkvæða á lögmætum fundi að gera ítölu eða grípa til annarra aðgerða til að létta af afréttum eða heimalöndum, sbr. a—e-lið 16. gr., er sú samþykkt bindandi.

Samþykkt um ítölu í afrétti eða heimalönd skal send viðkomandi sýslunefnd, og skal hún annast um, að ítala sér gerð.

Ef aðeins er um að ræða eina fjallskiladeild, eitt sveitarfélag eða hluta sveitarfélags, og fundur samþykkir ítölu einróma, má fela stjórn fjallskiladeildar eða sveitarstjórn að sjá um framkvæmd ítölu. Skylt er þó ætíð að leita aðstoðar sérfróðra manna við ítölumatið.

Fundarályktanir um aðrar aðgerðir samkvæmt heimildum í a—c-lið 16. gr. skal senda viðkomandi fjallskiladeild.

Nú er tillaga um ítölu eða aðrar aðgerðir felld við atkvæðagreiðslu, og er þeim, sem aðgerða hefur krafist, þá heimilt að vísa málinu til landgræðslustjóra, sem fer með það, samkvæmt 23. gr. landgræðslulaga nr. 17/1965. Skylt er að hlíta þeirri ítölu, sem hannig er ákveðin.

21. gr.

Þegar sýslunefnd hefur borist fundarályktun um ítölu samkvæmt 20. gr., annast sýslumaður um skipun 3ja manna ítölunefndar. Sýslumaður tilnefnir formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands og Landgræðsla ríkisins sinn manninn hvort. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

22. gr.

Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í landið en ekki ofskipað miðað við beitarþol. Byggja skal á beitarþolsrannsóknnum svo sem við verður komið, jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna hverju sinni.

Búfé skal lagt í einingar með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í fódurfræði og beitarþolsrannsóknnum. Ítölunefnd er heimilt að ákveða hlutafallstölu einstakra búfjártegunda, sé gróðurfar landsins mjög einhæft.

23. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur kauptúnið sem heild beitararétt í heimahögum og afrétti í hlutfalli við beitiland jarðarinnar, eftir sömu reglum og um getur í 22. og 24. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um önnur sveitarfélög og einstaklinga innan þeirra sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölu úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, því, sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

24. gr.

Þegar ítölunefnd hefur ákveðið heildartölu búfjár, sem hafa má á hverju svæði, sendir hún úrskurðinn viðkomandi sýslumanni, sem birtir hann viðkomandi aðilum og Landgræðslu ríkisins. Sveitarstjórn hefur eftirlit með því að eigi sé haft fleira í högum en ítölunefnd hefur ákveðið.

Nú er fleira búfé á ákveðnu ítölusvæði en þar má ganga samkvæmt úrskurði ítölunefndar, og má þá fela ítölunefnd að ákveða hlutdeild hvers býlis af heildarsveitarréttindum.

Nú hefur hreppsnefnd eða stjórn fjallskiladeildar gert tillögur um hlutdeild einstakra býla í ítölu, og getur þá sá, sem ekki vill una þeim, skotið málinu til ítölunefndar, sem sker úr.

Réttur hvers lögbýlis, sem sérmetið var við fasteignamat árið 1932, skal að $\frac{1}{3}$ vera jafn, en að $\frac{2}{3}$ skal hann vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið metið, má leggja til grundvallar landverð jarðarinnar eftir fasteignamati að frádregnum hlunnindum og að frádregnu verðmæti þess hluta af fullræktuðu landi, sem ætla má að nota verði til heyöflunar. Taka má tillit til sérstakra búskaparháttá á jörðinni.

Heimilt er sveitarfélagi, sem ekki fyllir ítölu sína í afrétti, að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ítölunefnd ákveður. Hafi ábúnadi færri búfé í heimahögum en svarar ítölu hans, má hann taka af öðrum innan sama hrepps, en eigi utan, nema með samþykki sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsþúar ekki þörf nytjalandsins, en sveitarstjórn synjar jarðeiganda að taka fénað utan hrepps, getur hann krafist beitarleigu eftir mati ítölunefndar, enda sé það land, ef um heimaland er að ræða, girt fjárheldri girðingu.

Nú hefur ítala verið ákveðin í afréttarland, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í hlutfalli við ítölu hvers býlis.

25. gr.

Til þess að gera ítölu í land, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í nefnd og er hann formaður, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og landgræðslustjóri hinn þriðja.

26. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri sveitarfélaga, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu búpenings síðastliðin fimm ár. Rísi ágreiningur um reikning ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

27. gr.

Sá, er ekki vill una úrskurði ítölunefndar, getur krafist yfiritölumats innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjú menn í yfiritölunefnd, og sé einn þeirra formaður. Starfar nefndin samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Kostnaður greiðist á sama hátt og segir í 26. gr., ef nefndin breytir ítölu um 10 af hundraði eða meira, ella af þeim, er krafðist endurskoðunar.

28. gr.

Nú telur einhver, að ítölu sé ekki fylgt, og getur hann þá kært málið til sýslumanns.

Nú verður annað sannað, að einhver bóndi hefur fleira búfé í afrétti eða heimahögum en hann hefur rétt til samkvæmt ítölu, og skal þá sýslumaður gera viðkomanda að greiða sekt til fjallskilasjóðs.

Sektarfé skal verja til gróðurbóta á viðkomandi landi.

Sekt skal vera sem samsvarar $\frac{1}{10}$ af meðallambsverði fyrir hverja fjallskilaeiningu, sem er umfram leyfilega tölu, en tvöfalda má sekt fyrir hvert ítrekað brot. Heimilt er að láta sektir niður falla, ef sönnur verða færðar á, að um ásetning hafi ekki verið að ræða.

29. gr.

Skylt er að taka ítölu til endurmats, þegar 4 ár eru liðin frá þeim tíma, að ákvörðun um ítölu tók gildi, ef a.m.k. ¼ ábúenda, sem hlut eiga að máli, krefjast þess, eða ef landgræðslustjóri, stjórn fjallskiladeildar eða gróðurverndarnefnd telur þess þörf.

30. gr.

Nánari ákvæði um ítölu má setja í fjallskilasamþykkt.

IV. KAFLI

Um ágang afréttarpenings o. fl.

31. gr.

Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga, og getur þá sá, er fyrir verður, gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um verulegan eða óeðlilegan ágang virðist að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps eða hreppa, er afrétt þann nota, er ágangspeningur kom frá. Heimilt er þó í fjallskilasamþykkt að ákveða að nokkru aðra skipan á skiptingu þessa kostnaðar. Sama gildir um kostnað við búfé, sem stendur við afréttargirðingar.

32. gr.

Nú verða eigendur eða ábúendur jarða, er að afrétti liggja, fyrir verulegum ágangi afréttarpenings, og geta þeir þá krafist girðingar á milli afréttar og heimalanda sinna skv. 7. gr. laga nr. 10 25. mars 1965 (girðingarlaga).

33. gr.

Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir verður, kært til hreppstjóra. Stafi ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber hreppsnefnd að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.

34. gr.

Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal eigandi gjalda ábúanda bætur. Sé um endurtekinn ágang sama búpenings að ræða, getur ábúandi sett hann inn og gert eiganda aðvart, enda hafi hann áður skorað á eiganda að afstýra frekari ágangi. Skal eiganda tilkynnt um innsetninguna samdægurs. Vitji eigandi eigi hins innsetta búpenings innan tveggja sólarhringa og greiði uslagjald samkvæmt mati tveggja manna, er hreppstjóri nefnir til, má hreppstjóri (bæjarfógeti) selja féð á opinberu uppboði. Uppboðsandvirðið, að frádregnu uslagjaldi og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri búfjáreiganda.

35. gr.

Sé búpeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelt. Ef innsettur fénaður ferst eða verður fyrir slysi, greiðir sá, er inn setur, eiganda bætur.

V. KAFLI

Um göngur og réttir.

36. gr.

Í fjallskilasamþykkt skulu vera ákvæði um vorsmölun heimalanda og afrétta.

37. gr.

Á hvern afrétt skal gera tvennar almennar leitir hið fæsta á hverju hausti. Skal í fjallskilasamþykkt kveða nánar á um leitir á hverjum afrétti.

38. gr.

Öllum, sem búfé hafa undir höndum, sem fjallskilaskyld er, ber að taka þátt í göngum og hreinsun heimalanda samkvæmt fyrirmælum þessara laga og eftir því og á þann hátt, er sveitarstjórn mælir fyrir um á hverjum stað. Húsbændur skulu inna af höndum fjallskil fyrir heimamenn sína, nema sveitarstjórn leggi þau á þá sérstaklega.

39. gr.

Hver bóndi er skyldur að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla, þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar, ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar. Ekki verður umráðamaður lands þó krafinn um þátttöku í smölunarkostnaði, sé honum meinað að nota land sitt til sumarþeir eða leigja það samkvæmt 8. gr. eða vegna búfjárveikivarna.

Í fjallskilasamþykkt skal ákveða nánar, hvað skuli vera aðalleitir, er ákvæði þessi taka til.

40. gr.

Sveitarstjórn eða umboðsmaður hennar (fjallskilastjóri) skipar fyrir um reglulegar afréttargöngur og aðrar leitir samkv. fjallskilasamþykkt, sbr. 33. og 35. gr. Undanþiggja má fjallskilum að einhverju eða öllu leyti fénað, sem gengur í öruggum girðingum eða á eyjum.

Í fjallskilasamþykkt má ákveða, að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

41. gr.

Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skyldt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar vor og haust sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi sýslunefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera $\frac{1}{2}$, hreppar þeir, er fjárvon eiga í löndunum, $\frac{1}{4}$ og ríkið $\frac{1}{4}$. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.

42. gr.

Fjallskilum í afréttum og öðrum sumarþeir högum skal jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Heimilt er þó að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, enda séu um það ákvæði í fjallskilasamþykkt.

43. gr.

Hver fjallskiladeild ritar gerðabók og færir sérstakt bókhald. Skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur.

Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella galdin í peningum eftir mati sveitarstjórnar.

Þeim kostnaði fjallskilasjóðs, sem ekki verður inntur af hendi með skylduvinnu og óvissar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir, er heimilt að jafna niður eftir fyrimælum 42. gr. Fjallskilagjöld má taka lögtaki.

44. gr.

Nú vanrækir maður án lögmætra ástæðna að inna fjallskil af hendi, og skal hann þá, eftir ákvörðun hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, auk greiðslu fyrir fjallskilin, eins og þau eru metin, gjalda sekt í fjallskilasjóð, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

45. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, getur hann kært til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er úrskurðar kærana. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur með því að kæra skotið sér undan að inna af hendi þau fjallskil, er honum voru gerð.

46. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið, að sérstakir kostnaðarliðir, sem af fjallskilum stafa, greiðist úr sveitarsjóði.

47. gr.

Í fjallskilasamþykkt skulu vera ákvæði, er tryggja eins vel og verða má, að göngur fari fram samtímis í löndum, er saman liggja og ekki eru aðgreind frá öðrum með girðingum, vötnum eða fjallgörðum.

Nú verður ágangur fjár frá einu sveitarfélagi í annað eða frá einu fjallskilaumdæmi í annað, og getur þá sá, er fyrir verulegum ágangi verður, krafði hinn aðilann um gjald fyrir, eða að hann sendi menn í göngur, eftir því sem hæfilegt þykir miðað við gangnakostnað og usla í högum. Rétt er, að um þetta séu nánari ákvæði í fjallskilasamþykkt.

48. gr.

Sýslunefnd ákveður í fjallskilasamþykkt, hvar aðalréttir og aukaréttir skuli vera í fjallskilaumdæmi, að fengnum tillögum sveitarstjórna. Þar skal og tiltekið á sama hátt, hvaða leitarsvæði skuli gegnin til hverrar réttar og hvaða daga göngur skuli gerðar á hverjum stað. Gangnadögum má þó breyta fyrir eitt haust í senn með samþykki sýslunefndar, enda sé þess gætt, ef göngum er flýtt eða frestað, að breytingin nái til þeirra leitarsvæða, er saman liggja.

49. gr.

Sveitarstjórn eða fjallskilastjórn ber að sjá um, að til sé á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkrými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið.

50. gr.

Þegar byggja þarf rétt, er landeiganda skylt að leggja til land undir hana, þó ekki tún eða engi.

Metnar skulu landeiganda bætur fyrir jarðrask í sambandi við nýbyggingu réttar eða endurbætur, og rétt á ábúandi á árlegu uslagjaldi fyrir átroðning vegna réttarhalds.

51. gr.

Nú er ákveðið að reisa eða endurbyggja almenningsrétt, og skal þá, ef ekki er öðruvísi ákveðið með samkomulagi aðila, kostnaður við bygginguna greiddur úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar eða deilda. Heimilt er sveitarstjórn að jafna sérstaklega niður á fjallskilaskylda aðila gjaldi í fjallskilasjóð vegna réttarbyggingar, sbr. 42. gr. og 46. gr. Viðhald réttar greiðist með sama hætti.

Nánari ákvæði má setja í fjallskilasamþykkt.

VI. KAFLI

Um hreinsun heimalanda eftir réttir.

52. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð samtímis, svo oft sem þurfa þykir, og að afbæjarfé komist til réttra eigenda.

53. gr.

Skyldur er hver bóndi eða landráðandi að hirða fé það, sem finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið. Í fjallskilasamþykkt skal kveðið nánar á um skil afbæjarfjár.

VII. KAFLI

Um eftirleitir og öræfaleitir o. fl.

54. gr.

Eftirleitir skal gera á afrétt, ef líklegt er, að þar leynist fé. Skal í fjallskilasamþykkt kveða nánar á um eftirleitir.

55. gr.

Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumargöngu-löndum, og skal þá sýslunefnd eða nefndir hlutast til um, að þau séu leituð að minnsta kosti einu sinni á hausti.

56. gr.

Í fjallskilasamþykkt má heimila sveitarstjórn að láta lóga fé á hausti, er finnst í öræfaleitum.

57. gr.

Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgum óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanns eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálfð verð hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist kind eða kindur hins vegar ekki lifandi, skal sýslusjóður, þar sem björgunartilraun var gerð, bera kostnað vegna tilraunarinnar, enda samþykki sýslumaður reikninga.

VIII. KAFLI

Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

58. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga, sem vart kann að verða, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn á öðru óskilafé.

59. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti. Nánari ákvæði má setja í fjallskilasamþykkt.

60. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi, eða um sölu, ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan tiltekins tíma.

61. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár og andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðast eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekens tíma, ella í fjallskilasjóð eða sjóði þeirra fjallskiladeilda, þar sem óskilapeningurinn kom fyrir.

62. gr.

Nánari fyrirmæli um meðferð og förgun ómerkinga og annars óskilapenings má setja í fjallskilasamþykkt.

IX. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

63. gr.

Búfjármörk eru: eyrnámörk, brennimörk, frostmerkingar og plötumerki í eyra. Um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarhólfum fer eftir reglum sem sauðfjársjúkdómanefnd setur samkv. 12. gr. laga nr. 23 10. mars 1956, en heimilt er að ákveða í reglugerð að á tilteknum svæðum skuli allt fé merkt slíkum plötumerkjum.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnámörkuð, þar er til næst, fyrir lok 12. viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á

fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötu í eyra. Þá má í fjallskilasamþykkt veita undanþágur frá þessu ákvæði þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afréttar. Sömu reglur gilda um mörk á öðru búfé.

Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um eyrnamörk, plötumerki og frostmerkingar á stórgripum. Í reglugerð skulu sett ákvæði um notkun auðkenna, framkvæmd frostmerkinga og skyldu eigenda til að láta frostmerkja stórgripi er ganga utan afgirtra svæða.

64. gr.

Búfé skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda eignarrétt nema sannist að annar eigi. Enginn má draga sér búpening sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking rétt hæst, þar næst brennimark, þá löggilt plötumerki og síðast eyrnamark. Eiganda rétt herra marks er skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum, ef eigandi réttlægra marks krefst þess. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

65. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Við framsal á marki og upptöku gerðarmarks skal þess gætt að gerð marksins sé í samræmi við reglur fjallskilaumdæmisins og reglur um bann við sammerkingum skv. 68. gr. og ekki svo líkt öðru marki á svæðinu að hætt sé við misdrætti að dómi markavardar.

Eigendaskipti að marki milli útgáfu markaskráa skulu tilkynnt markaverði. Sama gildir ef markeigandi flyst á milli fjallskiladeilda eða fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, að höfðu samráði við hlutadeigandi markaverði, birtir hann tilkynningu um það í Lögbirtingablaði eða í viðbæti við markaskrá umdæmisins á kostnað hins nýja eiganda. Hreppstjórar og markaverðir á viðkomandi svæðum skulu færa skrá yfir slík mörk og eigendur þeirra.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að bannað sé að nota tiltekin mörk, en að öðru leyti skal í fjallskilasamþykkt tekið fram hvers konar mörk megi taka upp og nota.

66. gr.

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um útgáfu á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu gefnar út samtímis um land allt og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skulu markaskrár næst gefnar út 1988. Stjórnnum fjallskilaumdæma er heimilt að sameinast um útgáfu markaskrár.

Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð og útgáfu markaskrár af sinni hálfu. Skal sem mest samræmi haft í gerð markaskráa um land allt og fylgt í því efni ákvæðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur um mörk og markaskrár.

Ráðherra getur með reglugerð falið Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa og upptöku nýrra marka og ákveðið að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjá þess. Kostnað af starfi Búnaðarfélags Íslands vegna þessa verkefnis greiðir stjórn hvers fjallskilaumdæmis í hlutfalli við markafjölda. Þó er Búnaðarfélaginu heimilt, að fenginni sérstakri fjárveitingu á fjárllögum, að greiða að hluta tölvuvinnslu markaskrána í fyrsta sinn.

Stjórn fjallskilaumdæmis getur ákveðið eftirfarandi markagjöld:

- a. Gjald fyrir skráningu á marki í markaskrá við útgáfu hvernar nýrrar markaskrár. Skal gjaldið fylgja tilkynningu um mark. Heimilt er að ákveða stighækkandi gjald fyrir skráningu á marki þegar sami markeigandi á þrjú eða fleiri mörk og fyrir mark sem markeigandi hefur sannanlega ekki notað í átta ár eða lengur frá útgáfu síðustu markaskrár.

- b. Gjald fyrir skráningu á eigendaskiptum eða upptöku á nýju marki milli útgáfu markaskráa.
- c. Jöfnunargjald sem stjórn fjallskilaumdæmis er heimilt að leggja á í umdæminu í hlutfalli við fjölda skráðra marka. Jöfnunargjald skal þó því aðeins lagt á að gjöld samkvæmt a- og b-lið nægi ekki til að mæta kostnaði fjallskilaumdæmisins samkvæmt þessari grein. Markeiganda er skylt að tilkynna markaverði mark sitt til skráningar í markaskrá fjallskilaumdæmisins og skal það gert innan tiltekens frests sem markavörður auglýsir, m. a. í Lögbirtingablaði.

67. gr.

Mark sem hvorki er skráð í gildandi markaskrá né hefur verið auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 65. gr., eftir útgáfu síðustu markaskrár eða í viðbæti við markaskrá umdæmisins, skal talið niður fallið og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, sem áður átti markið, hafa forgangsrétt til þess ef hann tekur það upp innan átta ára frá útgáfu síðustu markaskrár og heldur það þá aldursrétti, sbr. 4. mgr. 68. gr.

Markavarsla fjallskilaumdæmis getur geymt mark, sem markeigandi tilkynnir ekki til skráningar í markaskrá, með því að skrá það, og leyft öðrum á svæðinu að taka það upp þegar átta ár eru liðin eða fyrr með samþykki fyrri eiganda. Hafi markavarsla geymt mark lengur en átta ár fellur aldursréttur þess niður.

68. gr.

Sammerking er óheimil innan sama fjallskilaumdæmis.

Landbúnaðarráðherra ákveður að öðru leyti í reglugerð, sem sett skal að höfðu samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar en stjórnir fjallskilaumdæma ákveða slíkt varðandi annað búfé.

Það telst vera sammerking þegar tveir eða fleiri markeigendur eiga sama mark.

Markavörðum samliggjandi fjallskilaumdæma er skylt, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð, að vinna saman að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga sem nú fyrirfinnast og fyrirbyggja að nýjar sammerkingar myndist við upptöku nýrra marka eða flutning marka milli fjallskilaumdæma og skulu þeir í því starfi fylgja eftirfarandi reglum:

- a. Ef tveir eða fleiri fjáreigendur á svæði, þar sem sammerkingar eru ekki leyfilegar, tilkynna sama mark til skráningar í markaskrá á viðkomandi svæði eða tilkynnt er um eigendaskipti að marki, skal erfðamark ganga fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Sama gildir um óleyfilegar sammerkingar sem þegar eru fyrir hendi. Aðfluttur maður eða maður, sem öðlast hefur rétt á marki úr öðru fjallskilaumdæmi fyrir framsal, skal breyta marki sínu hvort sem markið er erfðamark, gjafamark eða kaupamark, ef sammerkt á eða of námerkt á hinu nýja fjársamgöngusvæði að dómi markavarða. Sé um sama flokk marks að ræða sem ágreiningur er um þá á sá réttinn sem á eldra markið, þ.e. það mark sem lengur hefur verið samfellt í markaskrá umdæmisins. Sé ekki unnt að leysa úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli framanskráðra reglna eða markaverðir verða ekki sammála um úrlausn máls, skal vísa málinu til úrskurðar hjá markanefnd.
- b. Sé ekki unnt að skera úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli reglna a-liðar þessarar mgr. getur sá, er markið á að missa, umboðsmaður hans eða markavörður sama umdæmis, skotið málinu til úrskurðar markanefndar. Skal markanefnd ákveða hver skuli halda hinu umdeilda marki. Við úrskurð sinn skal nefndin m.a. taka tillit til þess hversu auðvelt hlutaðeigandi eigi með að láta af markinu með tilliti til fyrri notkunar þess og annarra marka hans.

- c. Sá sem missir mark sitt vegna reglna í lögum þessum eða úrskurða markanefndar á ekki kröfu á bótum og honum er skylt að marka búfé sitt nýju marki.
- d. Áður en markaverðir úrskurða hver skuli halda marki skal hlutaðeigendum gefinn kostur á að lýsa viðhorfum sínum skriflega um málið.

69. gr.

Ákvörðunum markavarðar eða fundar markavarða um skráningu á marki, synjun um skráningu og niðurfellingu marks vegna sammerkinga er heimilt að skjóta til markanefndar innan 45 daga frá því að ákvörðun var sannanlega tilkynnt hlutaðeiganda. Ef hann áfrýjar skal hann greiða gjald sem ráðherra ákveður með auglýsingu.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjú menn í markanefnd til átta ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tilnefningu sauðfjár-sjúkdómanefndar og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn með sama hætti. Markanefnd skal fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykktu um mörk og markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál. Ráðherra getur með reglugerð falið markanefnd tiltekin verkefni.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

70. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykktu, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

Gjört í Reykjavík, 21. mars 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

7. apríl 1986

Nr. 7

LÖG

um breyting á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir sjúkdómar skulu nefndir einu nafni kynsjúkdómar:

Sárasótt (syphilis),

lekandi (gonorrhæa),

klamydíusýkingar (sýkingar af völdum *Chlamydia trachomatis*),

þvagrásarbólga af öðrum orsökum (urethritis catarrhalis),
linsæri (ulcus molle),
lymphogranuloma venereum,
granuloma inguinale,
smitun af HTLV3 veiru.

Taka lögín aðeins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Skráningu kynsjúkdóma skal hagað þannig að fyllsta trúnaðar sé gætt varðandi persónu hins smitaða.

Læknar skulu skrá sérstaklega alla einstaklinga með kynsjúkdóma og senda þær upplýsingar til landlæknis á þar til gerðu eyðublaði sem skrifstofa landlæknis gefur út. Þar skal einungis skrá fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn hins smitaða. Læknir hins smitaða skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi auðkenni viðkomandi einstaklings og gæta þess að öll slík auðkenni séu á vitorði hans eins. Gögn, er varða auðkenni einstaklings, skulu ekki fara úr vörslu læknis til vélritunar eða annarra nota.

Ef tveir skráðir einstaklingar hafa sama fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn skulu læknar viðkomandi einstaklinga bera saman fæðingarnúmer þeirra til að koma í veg fyrir tvískráningu.

Sýni, send til rannsóknar frá þeim sem ástæða er til að ætla að hafi kynsjúkdómasmit, skulu merkt með upphafsstöfum þess læknis, sem sýnið sendir, og raðnúmeri sem hann gefur viðkomandi einstaklingi.

Landlæknir sér um faraldursfræðilega skráningu kynsjúkdóma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

SVEITARSTJÓRNARLÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Sveitarfélög eru lögaðilar og nefnast hreppar, bæir eða kaupstaðir.
Hver maður er í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili.

2. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaga.

Engu málefni, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

3. gr.

Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum.
Þó getur ráðuneytið breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarstjórna.

Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker ráðuneytið úr.

4. gr.

Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu ráðuneytisins.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag. Tilkynna skal um þá ákvörðun til ráðuneytisins sem setur almennar reglur um gerð þeirra.

Birta skal staðfestingu á nafnbreytingu sveitarfélags og ákvörðun um byggðarmerki í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar.

Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt og skal ráðuneytið þá eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi. Einnig má þá skipta hinu fámenna sveitarfélagi milli nágrannasveitarfélaga.

Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags.

6. gr.

Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Verkefni þau, sem sýslunefndum eru nú falin með lögum, skulu falla til sveitarfélaga. Héraðsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna og annarra verkefna sem sveitarfélögin fela þeim eða þeim eru falin með lögum. Héraðsnefndir taka við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær. Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum og heimilt er að sameina þær með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Um héraðsnefndir gilda ákvæði IX. kafla eftir því sem við getur átt.

Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast.

Meðal verkefna sveitarfélaga eru:

1. Félagsmál, þar á meðal framfærslumál, aðstoð við aldraða og fatlaða, barnaverndarmál, varnir gegn notkun vímugjafa, rekstur dagvista fyrir börn, rekstur dvalarheimila aldraðra, rekstur heimilishjálpar.
2. Atvinnumál, þar á meðal atvinnuleysissskráning, vinnumiðlun.
3. Menntamál, þar á meðal bygging og rekstur skóla, fullorðinsfræðsla, tónlistarfræðsla.
4. Húsnæðismál, þar á meðal bygging verkamannabústaða, bygging leiguíbúða sveitarfélaga, útrýming heilsuspillandi húsnæðis.
5. Skipulags- og byggingarmál, þar á meðal gerð aðal- og svæðaskipulags, gerð deiliskipulags, framkvæmd byggingarlaga og byggingareftirlit.

6. Almannavarnir og öryggismál, þar á meðal eldvarnir og eldvarnaeftirlit, staðbundnar almannavarnir.
7. Hreinlætismál, þar á meðal sorphreinsun og sorpeyðing, holræsalagnir og skolpeyðing, heilbrigðiseftirlit, meindýraeyðing.
8. Heilsugæsla, þar á meðal rekstur heilsugæslustöðva, rekstur sjúkrastofnana.
9. Menningarmál, þar á meðal rekstur bókasafna, rekstur annarra safna, rekstur félagsheimila, stuðningur við áhugamannafélög um listir og listsköpun.
10. Íþróttir og útivera, þar á meðal bygging og rekstur íþróttavalla, bygging og rekstur íþróttahúsa, gerð aðstöðu fyrir vetraríþróttir og ýmsar aðrar greinar íþróttá, rekstur fólkvanga og annarra útivistarsvæða.
11. Landbúnaðarmál, þar á meðal umsjón með forðagæslu, eyðing refa, minka og vargfugls, fjallskilamál.
12. Bygging og viðhald mannvirkja, þar á meðal gatna, vega og torga, veitukerfa, hafna o.s.frv.
13. Ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort.

II. KAFLI

Sveitarstjórnir.

7. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal vera kjörin sveitarstjórn.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins skv. ákvæðum laga þessara og annarra laga.

Sveitarstjórnir skulu gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Slík samþykkt skal send ráðuneyti til staðfestingar.

8. gr.

Sveitarstjórn kýs oddvita úr sínum hópi, kýs nefndir, framkvæmdastjóra og ræður aðra starfsmenn til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins.

9. gr.

Sveitarstjórnir hafa ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sveitarfélaga og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast, að svo miklu leyti sem ekki eru settar um það reglur í löggjöf.

Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundin verkefni sveitarfélagsins séu rækt og að fylgt sé þeim reglum um meðferð sveitarstjórnarmála sem ákveðnar eru í samþykktum sveitarfélagsins, lögum og reglugerðum.

Sveitarstjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélagið.

10. gr.

Í hreppum nefnist sveitarstjórn hreppsnefnd. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins nefnist hann sveitarstjóri og ef sett er á fót byggðarráð sveitarstjórnar nefnist það hreppsráð.

Í kaupstöðum nefnist sveitarstjórn bæjarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins bæjarstjóri og byggðarráð sveitarstjórnar bæjarráð. Sama gildir í hreppum þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1000 í 3 ár samfellt og svo er kveðið á um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Nefnist þá sveitarfélagið bær.

Í Reykjavík nefnist sveitarstjórn borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarstjórnar borgarráð.

Byggðarráð skal kjörið úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn.

Stöðuheiti oddvita sveitarstjórnar má ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

11. gr.

Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera innan þeirra marka sem hér greinir:

þar sem íbúar eru innan við 200 3–5 aðalmenn,

þar sem íbúar eru 200–999 5–7 aðalmenn,

þar sem íbúar eru 1000–9999 7–11 aðalmenn,

þar sem íbúar eru 10 000–50 000 11–15 aðalmenn,

þar sem íbúar eru 50 000 eða fleiri 15–27 aðalmenn.

Þrátt fyrir þessi ákvæði er ekki skylt að fækka eða fjölga sveitarstjórnarfulltrúum fyrr en íbúatala sveitarfélags hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í 8 ár samfellt.

Um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn skal kveðið á í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

III. KAFLI

Kosning sveitarstjórna.

12. gr.

Lög um kosningar til Alþingis gilda um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á með þeim frávikum sem lög þessi ákveða.

13. gr.

Kjörtímabil sveitarstjórnar er fjögur ár. Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu. Heimilt er, að ósk sveitarstjórna, að fresta kosningum í sveitarfélögum, þar sem færri en $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúnum, til annars laugardags í júní. Ósk um frestun kosninga skal hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. apríl kosningaársins.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Fulltrúar í sveitarstjórnnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem eru með tvennu móti:

- a. Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.
- b. Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

15. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru fleiri en 300, skal kjósa bundinni hlutfallskosningu.

Í öðrum sveitarfélögum skulu kosningar vera óbundnar. Þó skal einnig þar kjósa bundinni hlutfallskosningu ef 20 kjósendur eða einn tíundi hluti kjósenda krefjast þess í bréfi stíluðu til oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en sex vikum fyrir kjördag.

Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu og skal þá kosning verða óbundin.

Nú kemur aðeins fram einn framboðslisti og skal þá yfirkjörstjórn framlengja framboðsfrest um tvo sólarhringa. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en þeim fresti lýkur verður fram kominn framboðslisti sjálfkjörinn.

16. gr.

Þegar kosning er hlutbundin skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur skv. 2. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

17. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o.s.frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, skv. næstu mgr. hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o.s.frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafulltrúar.

18. gr.

Nú ferst fyrir kosning til sveitarstjórnar á tilskildum tíma vegna óveðurs eða af öðrum ástæðum, kosning fer fram vegna sameiningar sveitarfélaga, kjósa þarf í sveitarstjórn einn eða fleiri fulltrúa vegna varanlegra forfalla kjörinna fulltrúa eða kosning hefur verið úrskurðuð ógild og skal þá kosning fara fram svo fljótt sem við verður komið.

19. gr.

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir sem:

- a. eru 18 ára þegar kosning fer fram,
- b. eru íslenskir ríkisborgarar,
- c. eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga, nr. 35/1960, við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar þótt hann hafi tilkynnt flutning skv. Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem fullnægja skilyrðum a- og c-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfelld miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar framboðsfrestur rennur út í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórnarkosningar fara fram í maí.

20. gr.

Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu og hafa ekki verið sviptir lögæði.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 35. gr.

Þeim sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn. Ekki verður nafn manns þó sett á framboðslista án skriflegs samþykkis hans.

Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfelld sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum og sex dögum fyrir kjördag að hann skorist undan endurkjöri.

21. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem fullnægja öllum skilyrðum 19. gr. laga þessara.

Kjörskrár skulu byggðar á kjörskrárstofni sem Hagstofan lætur sveitarstjórnnum í té.

Tilkynningar um lögheimilisskipti, sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin, skal fara með eins og kjörskrárkærur.

22. gr.

Nú ber nauðsyn til að sveitarstjórnarkosningar, aðrar en almennar sveitarstjórnarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi eða veita þá fresti og fyrirvara sem annars er gert ráð fyrir og má þá sveitarstjórn stytta fresti hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega jafnframt því sem kosningin er auglýst.

Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaafleverðlauna 64% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti) sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 70% þegar fiski er landað til bræðslu erlendis.

3. gr.

Þegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði er skiptaverðmæti aflans 60% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti) sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 52% af söluverðmæti kola.

4. gr.

Þegar afli fiskiskips, sem unninn er og frystur um borð, er seldur er skiptaverðmætið 70% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 64,5% af cif-verðmæti sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

II. KAFLI

Um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

5. gr.

Þegar framleiðandi sjávarafurða veðsetur framleiðslu sína við töku afurðaláns hjá viðskiptabanka eða öðrum lánveitanda skal hann greiða minnst 15%, sbr. 7. gr., af samanlögðu hráefnisverði hvers skips, sem lagði hráefni til vinnslunnar, inn á sérstaka bankareikninga. Veðsetji framleiðandi eða annar fiskkaupandi ekki fiskafurðir sínar skal hann eigi að síður inna þessa greiðslu af hendi innan fjórtán daga frá því fiskurinn var afhentur.

Viðskiptabanki útvegsmanns skal við gjaldeyrisskil leggja minnst 15% af brúttósöluverðmæti ísfisks, sem seldur er í erlendri höfn, sbr. 2. og 3. gr., inn á sams konar bankareikninga.

Sama greiðsluskylda og að framan greinir hvílir á útvegsmönnum veiðiskipa sem vinna og frysta afla um borð, og miðast þá 15%-greiðslan við skilaverðmæti framleiðslunnar og fellur í gjalddaga við gjaldeyrisskil.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til opinna báta og þilfarsbáta undir 10 lestum, sbr. 6. gr.

6. gr.

Framleiðendur sjávarafurða og aðrir fiskkaupendur skulu greiða 10% af samanlögðu hráefnisverði þess afla, sem þeir taka við af opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum, inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning smábáta hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa eftir sömu reglum og greinir í 5. gr., eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Fé því, sem haldið er eftir skv. 5. gr., skal miðla á þennan hátt:

1. 7% af hráefnisverði greiðist inn á stofnfjár sjódsreikning skipsins hjá Fiskveiðasjóði Íslands, sbr. lög nr. 4/1976, með síðari breytingum. Semji Fiskveiðasjóður Íslands og útgerðarmaður um hærri greiðslu inn á stofnfjár sjódsreikning skal greiðslan við það miðuð enda sé þá haldið eftir meira fé en 15%, sbr. 5. gr.
2. 6% af hráefnisverði greiðist inn á váttryggingarreikning skipsins hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sbr. lög nr. 17/1976.
3. 2% af hráefnisverði greiðist inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa.

8. gr.

Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning smábáta skv. 6. gr., skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna	48%
2. Til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu skipverja, sams konar þeim sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þar á meðal vegna grásleppuveiða, svo og af váttryggingu báts, og eiga þessi ákvæði við allar veiðar smábáta, einnig við grásleppuveiðar, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur	47%
3. Til Landssambands smábátaeigenda, þar með vegna grásleppuveiða	5%

9. gr.

Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa skv. 3. tölul. 7. gr., skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna	92,0%
2. Til Sjómannasambands Íslands og sjómanna innan Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða	2,4%
3. Til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands	1,6%
4. Til Landssambands íslenskra útvegsmanna	4,0%

10. gr.

Lífeyrissjóður sjómanna skal hafa yfirumsjón með því að fé, sem inn kemur skv. 1. tölul. 8. gr. og 1. tölul. 9. gr., sé skipt og greitt inn á reikning hvers skips til hlutaðeigandi lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjaldsskyldan aflahlut skipverja.

11. gr.

Þeim viðskiptabönkum eða öðrum, sem halda eftir fé útvegsmanna skv. lögum þessum, er skylt að senda þeim viðurkenningar fyrir móttöku fjáris án tafar. Stofnfjár sjóði fiskiskipa er skylt að senda þeim samtökum og sjóðum, sem tilgreind eru í 8. og 9. gr., mánaðarlegt yfirlit yfir allar innborganir á greiðslumiðlunarreikninga og skiptingu þeirra.

Lögtaksréttur fylgir kröfu vegna hlutdeildar af hráefnisverði, sbr. 5. og 6. gr. laga þessara. Sé greiðsla ekki innt af hendi innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af vangreiddri fjárhæð.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 4 13. febr. 1976, um Stofnfjársljóð fiskiskipa.

12. gr.

3. og 4. gr. laga nr. 4/1976 falli niður.

5. gr. þeirra laga orðast svo:

Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá sjóðnum. Inn á reikning þennan renna greiðslur skv. 1. tölul. 7. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Sé innstæða á slíkum reikningi lengur en hálfan mánuð skal Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti sem séu jafnháir hæstu lögleyfðu fasteignaveðlánavöxtum.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 17 19. mars 1976, um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa.

13. gr.

1. gr. laga nr. 17/1976 falli niður.

1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Viðskiptabanki útvegsmanns skal skila því fé, sem greiða skal á reikning hvers fiskiskips skv. 2. tölul. 7. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, inn á reikning Landssambands ísl. útvegsmanna hjá viðkomandi banka til greiðslu iðgjalda af váttryggingu skipsins.

V. KAFLI

Um ráðstöfun endurgreiðslu á söluskatti til sjávarútvegs árið 1986.

14. gr.

Um framlag til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 1. janúar til 15. maí 1986.

1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða III laga nr. 113 31. des. 1985, um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, orðast svo:

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1986 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs að fjárhæð 225 milljónir króna sem stjórn sjóðsins ráðstafar til þess að ljúka skuldbindingum hans.

15. gr.

Um endurgreiðslu söluskatts til fiskvinnslufyrirtækja og framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands frá 15. maí til 31. desember 1986.

Eftir 15. maí 1986 skal verja eftirstöðvum fjárveitingar til endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs, 375 m. kr., sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a. Til fiskvinnslufyrirtækja í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts til hvernar vinnslugreinar en í hlutfalli við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu til hvers fyrirtækis innan greinar eftir reglum sem sjávarútvegsráðherra setur í samráði við samtök fiskvinnslufyrirtækja. Heimilt er að verja hluta af þessu fé til greiðslu árgjalda til Útflutningsráðs Íslands með samþykki hlutadeigandi fiskvinnslufyrirtækja | 305 m. kr. |
| b. Til Fiskveiðasjóðs Íslands til ráðstöfunar í þágu útgerðar eftir reglum sem sjávarútvegsráðherra setur | 70 m. kr. |

VI. KAFLI

Um reglugerð og gildistöku.

16. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga, þar með um innheimtu skv. II. kafla, yfirlit yfir greiðslumiðlun og um endurskoðun og eftirlit með greiðslum sem Fiskveiðasjóður Íslands skal annast fyrir hönd Stofnfjárjóðs fiskiskipa og samtaka sjómanna og útvegsmanna.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til fiskafla og sjávarafurðaframleiðslu frá og með 15. maí 1986. Jafnframt falla úr gildi hinn 15. maí 1986 lög nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum, lög nr. 43/1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, sbr. lög nr. 79/1984, lög nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, og lög um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar. Þá er sjávarútvegsráðherra heimilt að fella niður útflutningsgjald af fódurlýsi sem framleitt er og/eða flutt út frá ársbyrjun 1986 til 15. maí 1986. Enn fremur skal ekki innheimta útflutningsgjald af þeirri skreið sem flutt er út eftir 1. janúar 1986 en framleidd var fyrir 31. desember 1984.

Þótt lög nr. 52/1983 og lög nr. 43/1982 falli úr gildi 15. maí 1986 skal greiða útflutningsgjöld skv. þeim af gjaldskyldum sjávarafurðum sem framleiddar eru fyrir en fluttar út eða greiddar eftir þann dag. Því fé, sem inn kemur af útflutningsgjöldum af þessari vöru eftir 14. maí 1986, skal ráðstafa skv. ákvæðum laga nr. 52/1983 og nr. 43/1982. Til þess að auðvelda framkvæmd ákvæða þessarar mgr. skulu allir framleiðendur sjávarafurða skyldir að senda Fiskifélagi Íslands sérstakt yfirlit yfir birgðir sjávarafurða miðað við 14. maí 1986.

Þegar lög nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, ganga úr gildi lýkur jafnframt starfsemi Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa sem hafa haft tekjur af þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.**I**

Fyrir tímabilið 15. maí til 31. maí 1986 skal Verðlagsráð sjávarútvegsins birta nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla í tvennu lagi:

1. HRÁEFNISVERÐ sem skal vera 58% herra en það verð sem gilt hefði að óbreyttu í maíbyrjun 1986 að meðtöldum helmingi verðuppbóta úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs.
2. SKIPTAVERÐ sem er 70% af hráefnisverði skv. 1. tölul. þessa ákvæðis.

II

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla á grundvelli þessara laga er taki gildi hinn 1. júní 1986. Hið nýja fiskverð skal birta þannig að skýrt komi fram:

1. HRÁEFNISVERÐ. Í því felist allar greiðslur fiskverkenda til þeirra sem afla hráefnis.
2. SKIPTAVERÐ sem skv. 1. gr. þessara laga er 70% af hráefnisverði, sbr. 1. tölul. þessa ákvæðis.

III

Eignum Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingar-sjóðs fiskiskipa hinn 14. maí 1986 skal ráðstafa sem hér segir:

- a. Til þess að ljúka skuldbindingum sjóðanna þriggja fram til 14. maí 1986 þegar starfsemi þeirra lýkur, sbr. 17. gr.
- b. Þær eignir Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 51/1983, með síðari breytingum, er lokið, skulu renna til Fiskveiða-sjóðs Íslands.
- c. Af eignum Tryggingasjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, og reglum settum skv. þeim er lokið, skal verja 12 milljónum króna til öryggismála og björgunaræfinga sjómanna á fiskiskipum í samráði við öryggismálanefnd sjómanna og samtök sjómanna og útvegsmanna, 12 milljónum króna til undirbúnings byggingar sjávarútvegshúss í Reykjavík, skv. tillögum byggingarnefndar hússins er sjávarútvegsráðherra skipar fyrir árslok 1986, og 3 milljónum króna til Landssambands smábátaeigenda, m.a. til að ljúka skuldbindingum Samtaka grásleppuhrognaverkenda við Landsbanka Íslands, sbr. lög nr. 79/1984. Eftirstöðvar eigna Tryggingasjóðs skulu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
- d. Af eignum Úreldingarsjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, er lokið, skal verja 8 milljónum króna til varðveislu sjóminja og sjávardýra að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og 4 milljónir króna skulu renna til Fiskimálasjóðs til að styrkja rannsóknar- og tilraunastarfsemi í sjávarútvegi á þessu ári. Eftirstöðvar eigna Úreldingarsjóðs fiskiskipa skulu varðveittar á bankareikningum og í skuldabréfum með bestu kjörum þar til sett hafa verið ný lög um starfsemi hans og ákvæði um Aldurslagasjóð fiskiskipa í II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hafa verið endurskoðuð.
- e. Sjávarútvegsráðherra staðfestir lokauppgjör Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

**um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985,
um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 30. gr. laganna komi nýr stafliður svohljóðandi:

- e. heimilt að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim. Gjald þetta skal greitt af tollverði hinnar innfluttu vöru og má að hámarki ákveða gjaldið annaðhvort þannig að:

1. samanlagt tollverð og jöfnunargjald hinnar innfluttu vöru miðað við meðaltal innflutningsverðs viðkomandi vöru eða vöruflokks síðasta almanaksmánuð sé ekki hærra en heildsöluverð sömu vöru án álagningar þegar það er ákveðið skv. 13.–15. gr. á innlendri framleiðslu,
2. eða lagt sé allt að 200% gjald á tollverð hinnar innfluttu vöru sé heildsöluverð viðkomandi framleiðsluvöru hér á landi ekki ákveðið skv. 13.–15. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu jöfnunargjalds og hvaða vörur skuli gjaldskyldar. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um innheimtu á jöfnunargjaldi skv. þessum staflið. Tekjur af gjaldi þessu skulu renna í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. gilda ekki um ákvarðanir skv. þessum staflið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um talnagetraunir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Íþróttasambandi Íslands (ÍÍÍ), Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) leyfi til þess að starfrækja saman, í nafni félags sem samtök þessi munu stofna, getraunir er fram fara með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð talna og eða bókstafa.

Heimild þessi gildir til ársloka 2005.

2. gr.

Félagi því, sem starfrækir getraunir samkvæmt 1. gr., skal stjórnað af fimm manna stjórn er skipuð skal til eins árs í senn. Skipar Íþróttasamband Íslands tvo, Öryrkjabandalag Íslands tvo og Ungmennafélag Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Aðilar skipa formann til skiptis, tvö ár í senn, samkvæmt samkomulagi aðila, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Að öðru leyti gera aðilar með sér samkomulag, sem dómsmálaráðherra staðfestir, um rekstur félagsins, þar á meðal um ábyrgð á rekstri þess og skiptingu ágóða.

3. gr.

Gjald fyrir þátttöku í getraununum (miðaverð) ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá stjórn félagsins.

4. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá stjórn félagsins, fjárhæð vinninga, annaðhvort sem hlutfall af heildarsöluverði miða hverju sinni, sem varið skal til vinninga, eða fjárhæð einstakra vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.

5. gr.

Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands eða til að standa undir annarri starfsemi bandalagsins í þágu öryrkja.

6. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um getraunastarfsemina, að fengnum tillögum stjórnar félagsins, og hefur að öðru leyti eftirlit með starfsemi þess.

7. gr.

Óheimilt er öðrum en framangreindu félagi Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Öryrkjabandalags Íslands að starfrækja getraunir með þeim hætti sem um ræðir í 1. gr.

Heimild Íslenskra getrauna til að starfrækja talnagetraunir samkvæmt 1. mgr. 2. gr., sbr. 10. gr. laga um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, fellur niður á meðan heimild samkvæmt lögum þessum er í gildi.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um verðbréfamiðlun.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Með verðbréfi er í lögum þessum átt við hvers konar framseljanleg kröfurettindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.

2. gr.

Með verðbréfamiðlun er í lögum þessum átt við hvers konar milligöngu um kaup eða sölu verðbréfs, kaup eða sölu verðbréfs í annarra þágu og ráðgjöf sem veitt er gegn endurgjaldi um slík kaup eða sölu.

Með verðbréfamiðlara er í lögum þessum átt við þann sem fengið hefur leyfi samkvæmt 4. gr. og þá sem starfa undir stjórn og á ábyrgð hans að verðbréfamiðlun.

3. gr.

Verðbréfasjóður merkir í lögum þessum sérhvern lögaðila er gefur út verðbréf sem eru boðin almenningi til kaups og hefur að markmiði að annast kaup og sölu verðbréfa í eigin nafni.

II. KAFLI

Leyfi til verðbréfamiðlunar og rekstrar verðbréfasjóðs.

4. gr.

Óheimilt er að hafa með höndum verðbréfamiðlun nema með leyfi viðskiptaráðherra, sbr. þó 5. mgr. Leyfi til þeirrar starfsemi skal veitt fullnægi umsækjandi eftirfarandi skilyrðum:

- Er íslenskur ríkisborgari og heimilisfastur hérlendis.
- Hefur óflekkað mannorð.
- Er fjárráða og hefur aldrei verið sviptur forræði á búi sínu.
- Hefur lokið viðurkenndu prófi í hagfræði, lögfræði, viðskiptafræði eða er löggiltur endurskoðandi. Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Verðbréfaþings Íslands, að víkja frá skilyrði þessu hafi umsækjandi sambærilega menntun eða víðtæka starfsreynslu á sviði verðbréfamiðlunar. Ráðherra er heimilt að kveða svo á með reglugerð að þeir, sem fullnægja skilyrðum þessum, þurfi að auki að standast sérstakt próf um verðbréfavíðskipti sem haldið skal í samráði við stjórn Verðbréfaþings Íslands, og skal í slíkri reglugerð ákveða hvers efnis prófraun þessi verði, hversu oft hún skuli haldin og hver árangur þurfi að vera til þess að standast hana.
- Setur bankatryggingu að fjárhæð 2 000 000 kr. til að standa straum af greiðslu skaðabóta sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Fjárhæð bankatryggingar skal bundin lánsklaravísitölu miðað við grunntölu hennar á útgáfudegi laga þessara.

Félagi eða stofnun er óheimilt að reka verðbréfamiðlun nema sá maður, sem veitir verðbréfamiðluninni forstöðu og hefur daglega stjórn hennar með höndum, hafi leyfi skv. 1. mgr. og bankatrygging skv. e-lið 1. mgr. nái einnig til bóta sem félaginu eða stofnuninni kann að verða gert að greiða.

Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfamiðlun.

Viðskiptaráðherra skal fella úr gildi leyfi til verðbréfamiðlunar missi leyfishafi einhver þeirra skilyrða sem getið er í 1. mgr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að veita tilteknum viðskiptamanni sínum þjónustu sem skv. lögum þessum telst til verðbréfamiðlunar sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni.

5. gr.

Óheimilt er að stofna eða starfrækja verðbréfasjóð nema sá maður, sem veitir honum forstöðu og hefur daglega stjórn hans með höndum, hafi fengið leyfi samkvæmt 4. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfasjóði.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur verðbréfamiðlara.

6. gr.

Verðbréfamiðlara ber ávallt að haga störfum sínum á þann hátt að viðskiptamenn hans njóti við kaup og sölu verðbréfa jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör. Skal hann að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanns veita honum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem honum standa til boða.

7. gr.

Verðbréfamiðlara er skylt að halda fjármunum viðskiptamanns á sérstökum nafnskráðum reikningi.

Skylt er verðbréfamiðlara að annast um að verðbréf, sem hann hefur í vörslum sínum, sé skráð á nafn eiganda enda leiði nafnskráning ekki til ábyrgðar framseljanda á efdum skuldbindingarinnar.

Verðbréfamiðlara er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið skriflegt umboð til þess en skylt er honum að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins sé þess krafist. Í slíkri framsalsáritun verðbréfamiðlara ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði. Verðbréfamiðlara er skylt að varðveita slík umboð svo lengi sem réttindi verða byggð á verðbréfi sem hann hefur framselt með þessum hætti.

Sá, sem veitt hefur verðbréfamiðlara umboð samkvæmt 3. mgr., getur ekki beint kröfum að framsalshafa verðbréfs með stöð í heimildarskorti verðbréfamiðlarans nema umboð hans til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Sé þeim, sem krafa samkvæmt verðbréfi beinist að, óskyldt að efna skuldbindingar sínar gagnvart síðasta rétthafa þess nema verðbréfið beri með sér óslitna framsalsröð til hans, skal meta framsalsáritun verðbréfamiðlara samkvæmt 3. mgr. fullgilda þótt umboð fylgi ekki verðbréfinu.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur verðbréfamiðlara.

6. gr.

Verðbréfamiðlara ber ávallt að haga störfum sínum á þann hátt að viðskiptamenn hans njóti við kaup og sölu verðbréfa jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör. Skal hann að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanns veita honum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem honum standa til boða.

7. gr.

Verðbréfamiðlara er skylt að halda fjármunum viðskiptamanns á sérstökum nafnsk-ráðum reikningi.

Skylt er verðbréfamiðlara að annast um að verðbréf, sem hann hefur í vörslum sínum, sé skráð á nafn eiganda enda leiði nafnskráning ekki til ábyrgðar framseljanda á efdum skuldbindingarinnar.

Verðbréfamiðlara er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið skriflegt umboð til þess en skylt er honum að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins sé þess krafist. Í slíkri framsalsáritun verðbréfamiðlara ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði. Verðbréfamiðlara er skylt að varðveita slík umboð svo lengi sem réttindi verða byggð á verðbréfi sem hann hefur framselt með þessum hætti.

Sá, sem veitt hefur verðbréfamiðlara umboð samkvæmt 3. mgr., getur ekki beint kröfum að framsalshafa verðbréfs með stoð í heimildarskorti verðbréfamiðlarans nema umboð hans til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Sé þeim, sem krafa samkvæmt verðbréfi beinist að, óskylt að efna skuldbindingar sínar gagnvart síðasta rétthafa þess nema verðbréfið beri með sér óslitna framsalsröð til hans, skal meta framsalsáritun verðbréfamiðlara samkvæmt 3. mgr. fullgilda þótt umboð fylgi ekki verðbréfinu.

8. gr.

Verðbréfamiðlara er óheimilt að kaupa verðbréf, sem honum er falið til sölu, eða að selja eigið verðbréf í rekstri sínum nema um sé að ræða skráð verðbréf á Verðbréfaþingi Íslands eða viðsemjanda hans sé kunnert hver gagnaðili að viðskiptunum er.

9. gr.

Verðbréfamiðlara ber að gæta þagmælsku um öll viðskipti, sem hann hefur milligöngu um, og um persónuhagi viðskiptamanns síns sem hann öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða edli málsins nema honum sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrlausn eða honum sé að lögum skylt að veita þær.

10. gr.

Skylt er verðbréfamiðlara fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að senda viðskiptamönnum sínum skilagrein þar sem fram kemur hver verðbréf eða fjármuni viðskiptamaður hefur átt í vörslum hans við lok næstliðins árs, hver verðbréf hann hafi keypt eða selt í þágu hans eða haft milligöngu um viðskipti með á næstliðnu ári og á hverju verði þau viðskipti hafa átt sér stað.

11. gr.

Skylt er verðbréfamiðlara að kunngera viðskiptamanni fyrir fram hverja þóknun hann muni áskilja sér fyrir þjónustu sína.

IV. KAFLI

Fjárhagsleg ábyrgð gagnvart viðskiptamanni.

12. gr.

Verðbréfamiðlara ber eftir almennum reglum að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem hann bakar honum með störfum sínum sé ekki mælt fyrir á annan veg í lögum þessum.

13. gr.

Glatist heimildarskjal eða fjármunir sem verðbréfamiðlari hefur í vörslum sínum í þágu viðskiptamanns ber honum að bæta allt það tjón er af því hlýst.

14. gr.

Nú skortir verðbréf einhverja þá kosti sem ætla má að áskildir hafi verið og ber þá verðbréfamiðlara að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem af því hlýst enda verði talið verðbréfamiðlara til gáleysis að hafa ekki vakið athygli viðskiptamanns síns á annmarkanum.

V. KAFLI

Eftirlit.

15. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt verðbréfa-miðlun eða verðbréfasjóður nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, sbr. 4. gr., og gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga þessara. Bankaeftirlitið skal eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá verðbréfamiðlara og verðbréfasjóði sem varða starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins.

Vegna ákvæða 6. gr. skal bankaeftirlitið í janúarmánuði ár hvert semja álitserð um efni viðskiptaauklýsinga sem verðbréfamiðlarar og verðbréfasjóðir beina til almennings. Álitserðin skal send viðskiptaráðherra og verðlagsráði.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara eða verðbréfasjóðs brjóti í bága við lög þessi skal tilkynna það viðskiptaráðherra. Sé um meint brot að ræða á 6. gr. eða V. kafla laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti skal einnig senda tilkynningu til verðlagsráðs.

VI. KAFLI

Viðurlög við brotum.

16. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum hafi maður með höndum verðbréfamiðlun, sbr. 2. gr., eða rekstur verðbréfasjóðs, sbr. 3. gr., án leyfis viðskiptaráðherra eða brjóti gegn ákvæðum III. kafla laga þessara. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Með brot skv. 1. mgr. skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að svipta mann leyfi til verðbréfamiðlunar um stundarsak-ir standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots leyfishafa á ákvæðum laga þessara.

VII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. tekur 10. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1988.

Starfandi verðbréfamiðlurum við gildistöku laga þessara er heimilt að halda áfram starfi sínu án leyfis viðskiptaráðherra til 1. ágúst 1986.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Matthías Bjarnason.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem vinna á farskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að Skipstjórafélag Íslands hafi beitt vinnustöðvun fyrir félagsmenn sína á skipum farskipaútgerða 29. og 30. apríl, 5., 6. og 7. maí. Jafnframt standi yfir ótímabundin vinnustöðvun Sjómannafélags Reykjavíkur vegna félagsmanna á farskipum frá og með 30. apríl s.l. Sáttatilaunir hafi reynst árangurslausar og engar líkur séu taldar á lausn deilnanna í bráð. Verkfall þetta hafi valdið röskun á flutningum til og frá landinu og skapað erfiðleika í helstu útflutningsgreinum landsmanna þannig að hætta sé á að varanlega verði spiltt árangri í markaðs- og sölustarfsemi íslenskra fyrirtækja vestan hafs og austan.

Síðastliðinn vetur náði ríkisstjórnin viðtæku samkomulagi við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Ríkisstjórnin telur það skyldu sína að gera það sem í hennar valdi stendur til að halda þetta samkomulag og tryggja þannig framgang þeirrar meginstefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar sem í samkomulaginu felst. Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipa og binda endi á deilur þessar. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði fyrir 1. september 1986 kaup og kjör félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem vinna á farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skulu vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara skv. bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamninga aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar, sem samið hefur verið um frá því þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms samkv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er óheimilt að segja þeim farmönnum, sem bráðabirgðalögin taka til, upp starfi, nema þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni í starfi eða þeir hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar samkv. 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms, samkv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms, samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Opinber mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 13/1985, og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim og vegna brota á 173. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, skulu rekin og dæmd fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sjá þó 5. gr.

2. gr.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

Ráðherra skipar sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa þekkingu á rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála. Hann nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdóm- arar. Hann getur haldið dómþing hvar á landinu sem er.

3. gr.

Við embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum skulu starfa svo margir fulltrúar er fullnæggi skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa skv. 1. mgr. og fullnægja ákvæðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, heimild til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómstörfum sem þeim eru falin.

4. gr.

Nú þykir þörf á aðgerðum sem að lögum þarf atbeina dómara til, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls varðandi ávana- og fíkniefni, meðan frumrannsókn stendur yfir og getur lögreglustjóri þá snúið sér til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Þó er lögreglustjóra heimilt að leita til almenns sakadómara ef það þykir betur henta. Þegar þörf er slíkra aðgerða vegna rannsóknar máls sem getur varðað bæði ávana- og fíkniefni og önnur sakarefni getur lögreglustjóri snúið sér hvort heldur til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum eða almenns sakadómara.

5. gr.

Þegar höfða skal mál til refsingar þar sem um er að ræða brot á ákvæðum þeim sem talin eru í 1. gr. og jafnframt öðrum lagaákvæðum ákveður ríkissaksóknari hvort málið skuli höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum eða almennum sakadómi.

6. gr.

Um málsmeðferð alla fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 74 21. ágúst 1974, eftir því sem við á.

7. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar að öðru leyti en lög þessi ákveða hver störf skuli lögð undir embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Dómsmálaráðherra ræður sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum starfsmenn.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986.

Jafnframt eru felld úr gildi lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 52/1973, og lög nr. 66/1974, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Nr. 30

LÖG

30. apríl 1986

um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Úr niðurlagi 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott orðin „svo og vindlingapappír og eldspýtur“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eignum og skuldum Söfnunarsjóðs Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Söfnunarsjóði Íslands skal slitið og starfsemi hans lögð niður hinn 1. september 1986. Eignir, skuldir og eigið fé Söfnunarsjóðs skulu afhentar og yfirteknar af þeim ríkisviðskiptabanka sem viðskiptaráðherra ákveður.

2. gr.

Skipa skal tvo skilaneftarmenn til þess að annast fjárhagsleg slit Söfnunarsjóðs og yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eignum hans og skuldum. Skal annar þeirra tilnefndur af þeim viðskiptabanka sem annast yfirtökuna en hinn skal tilnefndur af ráðherra. Kostnaður við slitin skal greiddur af Söfnunarsjóði.

3. gr.

Fjárhæðir á innstæðureikningum í Söfnunarsjóði skulu fluttar á innstæðureikninga í ríkisviðskiptabanka og ávaxtaðar þar á bestu vaxtakjörum sem ákveðin eru á hverjum tíma í hlutaðeigandi banka.

4. gr.

Eigendum innstæðufjár í Söfnunarsjóði skal tilkynnt um flutning innstæðna og breytingu á innlánskjörum með opinberri auglýsingu í Lögbirtingablaði eða á annan sannanlegan hátt.

Nú er viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn glötuð og skal þá stefna handhafa hennar með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar, sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði, til þess að sanna rétt sinn til innstæðunnar með framvísun bókarinnar eða á annan sannanlegan hátt.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur Söfnunarsjóði samkvæmt viðskiptabókinni og skal innstæðan þá falla til varasjóðs. Þó er heimilt að endurgreiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan þriggja ára frá lokum innköllunarfrests.

5. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr., d-liðs 21. gr. og 22. gr. laga nr. 2/1888, um Söfnunarsjóð Íslands, skal innköllunarfrestur ákveðinn þrjú mánuðir frá síðustu birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hinn 1. september 1986 falla úr gildi lög nr. 2/1888, um Söfnunarsjóð Íslands, ásamt síðari breytingum, nr. 3/1934 og 84/1935.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Matthías Bjarnason.

LÖG

um varnir gegn mengun sjávar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna, sem talin eru upp í fylgiskjali 1, og stofnað getur heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins.

2. gr.

Lög þessi ná yfir alla starfsemi skipa, loftfara, palla og annarra mannvirkja á sjó og starfsemi í landi sem hefur eða getur haft í för með sér mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands og stranda landsins, sbr. 1. gr. Undanþegnar lögum þessum eru aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að vernda mannlíf eða tryggja öryggi skipa, loftfara, palla og annarra mannvirkja á sjó eða landi, svo og mengun sökum óviðráðanlegra atvika, veðurofsa eða annarra náttúruhamfara.

3. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

1. Það er „mengun“ þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, óbragðs, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.
2. „Losun“ merkir að vísitandi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem falla frá við eðlilega starfrækslu.
3. „Úrkast“ merkir allt það sem ekki er losun, þ.e. að efnum eða hlutum er vísitandi fleygt í sjóinn frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó, þar með talið að sökkva skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum í sjó.
4. Eftirfarandi telst hvorki „losun“ né „úrkast“:
 - a. að koma fyrir efnum eða hlutum í sjó í öðrum tilgangi en að farga þeim,
 - b. að úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berist í sjóinn en um slíkar rannsóknir og nýtingu skal ráðherra setja sérstakar reglur ef ástæða þykir til.
5. „Sérhafsvæði“ merkir hafsvæði sem tiltekna reglur um varnir gegn mengun sjávar gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.
6. „Hafnarsvæði“ merkir það umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnarreglugerð.
7. „Mengunarlögsaga Íslands“ er það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands.

8. „Mengunartjón“ merkir tjón eða skaða sem hlýst af mengun sjávar hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún stafar. Mengunartjón tekur til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.
9. „Bráðamengun“ merkir mengun sjávar sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða.

II. KAFLI

Losun í sjó.

A. Olía.

4. gr.

„Olía“ merkir í lögum þessum vökvakennd olíuefni í hvaða formi sem er, þar með talin hraólía, svartolía, smurólía, olíuúrgangur og unnin olía.

Losun olíu í sjó, hvort sem er beint eða óbeint, er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri, enda sé olíumagn blöndunnar við útrás ekki meira en 15 hlutar í 1 000 000 hlutum blöndunnar.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um losun olíu og olíublandaðs vatns í sjó frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, þar með talið á sérhafsvæðum, svo og frá þöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um meðferð olíu í olíustöðvum, á smurstöðvum og í verksmiðjum þar sem olía er notuð í miklum mæli og hætta er á bráðamengun af þeim sökum.

B. Lýsi.

5. gr.

„Lýsi“ merkir í lögum þessum allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum.

Losun lýsis eða grútar í sjó er óheimil á innsævi.

Við löndun feitfisks með dælingu úr skipum, svo og við vinnslu feitfisks í landi, skal vinnsluaðili sjá svo um að ekki verði mengun í sjó vegna losunar á lýsi eða grút.

Óheimilt er að setja til sjávar óhreinsað vinnsluvatn nema með leyfi Siglingamálastofnunar ríkisins.

C. Önnur fljótandi efni.

6. gr.

„Fljótandi efni“ merkir í lögum þessum vökva sem hafa lægri gufuþrýsting en $2,8 \text{ kg/sm}^2$ við $37,8^\circ\text{C}$.

Losun fljótandi efna frá skipum að öðru leyti en kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Losun ómengaðs vatns og sjávar er þó heimil.

Utan þess hafsvæðis, sem tiltekið er í 2. mgr. 6. gr., skal losun fljótandi efna einungis heimil samkvæmt þeim reglum sem settar verða skv. 4. mgr. 6. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um flokkun fljótandi efna sem flutt eru í farmgeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í sjó utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Reglur þessar skulu vera í samræmi við alþjóðasamning frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum.

D. Sorp.

7. gr.

„Sorp“ merkir í lögum þessum alls konar matarleifar, úrgang frá vistarverum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang, þar með taldar umbúðir farms, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til falla við eðlilega starfsemi skipa, palla og annarra mannvirkja á sjó og þarf stöðugt eða öðru hvoru að losna við.

Óheimilt er að losa sorp í sjó á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar.

Óheimilt er að losa í sjó öll þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í sjónum, þar með talin plastlát, kaðlar og net.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar. Reglur þessar skulu vera í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

E. Skolp.

8. gr.

„Skolp“ merkir í lögum þessum frárennsli eða annan fljótandi úrgang frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þar með talið annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um losun á skolpi í sjó frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó.

F. Losun annarra efna í sjó.

9. gr.

Í samræmi við alþjóðasamning frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum er samgönguráðherra heimilt, ef þörf krefur, að setja reglur er takmarka losun þeirra efna í sjó frá landi, sem upp eru talin í fylgiskjali 1 með þessum lögum, vegna mengunar sem þessi efni geta valdið í sjó.

III. KAFLI

Móttökuaðstaða fyrir olíuúrgang, sorp og annan úrgang.*A. Olíuúrgangur frá skipum og starfsemi í landi.*

10. gr.

Einstaklingum og fyrirtækjum, er annast dreifingu og sölu á olíu, er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki er til þess hafa leyfi samgönguráðherra, og tryggja viðunandi eyðingu.

Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðarstöðva skulu sjá svo um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum olíuúrgangi sem er eftir í skipunum þegar þau koma í stöðvarnar. Móttökuaðstaðan skal fullnægja ákvæðum gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar frá skipum og þeim þörfum, sem eru fyrir slíka móttökuaðstöðu í viðkomandi stöð, að mati Siglingamálastofnunar ríkisins.

Sérhver aðili í landi, sem þarf árlega að koma fyrir meira en 500 lítrum af olíuúrgangi vegna eigin notkunar á olíu, skal halda sérstakt bókhald um söfnun og afhendingu olíuúrgangs til móttakenda, og skulu starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins jafnan hafa aðgang að þessu bókhaldi.

Samgönguráðherra er heimilt að setja frekari reglur um söfnun og eyðingu úrgangsolíu.

Samgönguráðherra skal setja nánari reglur um móttöku olíuúrgangs frá skipum í höfnum í þeim tilgangi að skip verði ekki fyrir ótilhlýðilegum tófum vegna losunar olíuúrgangs í land.

B. Sorp frá skipum.

11. gr.

Hafnaryfirvöld skulu koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á sorpi frá skipum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er koma í viðkomandi höfn.

C. Annar úrgangur frá skipum.

12. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um móttökuaðstöðu fyrir annan úrgang en þann sem fjallað er um í 10. og 11. gr. Í reglugerðinni komi fram hver sé ábyrgur fyrir móttöku þessa úrgangs og eyðingu hans.

IV. KAFLI

Úrkast efna í hafið.

13. gr.

Allt úrkast efna eða hluta í hafið er óheimilt án leyfis Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar.

Við veitingu leyfis til að kasta efnum eða hlutum í hafið skal taka mið af eðli þeirra og magni og aðstæðum á losunarstað.

Ef um er að ræða úrgang eða efni, önnur en dýpkunarefni, sem hafa svo nokkru nemi efni þau sem upp eru talin í fylgiskjali 1 skal eigi veita heimild til að kasta þeim í hafið nema í neyð enda sé heilsu manna annars stofnað í hættu og engin önnur hagkvæm lausn fyrir hendi.

Heimilt er án leyfis að kasta dýpkunarefnum í hafið nema í þeim séu í verulegum mæli (meira en 0,1%) efni sem talin eru upp í fylgiskjali 2.

Kostnaður við eftirlit með úrkasti í hafið greiðist af leyfishafa.

V. KAFLI

Önnur mengun sjávar.

14. gr.

Óheimilt er að brenna úrgangsefni eða önnur efni á hafi úti, hvort sem er frá skipum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, án leyfis Siglingamálastofnunar ríkisins.

Við veitingu leyfa skv. fyrri mgr. þessarar gr. skal farið eftir ákvæðum gildandi alþjóðasamninga um brennslu úrgangsefna á hafi úti og tekið tillit til þeirra áhrifa sem brennslan hefur á umhverfið.

VI. KAFLI

Ábyrgð.

15. gr.

Hver sá, sem uppvís verður að því að valda mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands, ber fulla ábyrgð á því mengunartjóni sem mengunin veldur. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

16. gr.

Ef hætta er á mengun sjávar, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, skal sá, sem bæri ábyrgð á menguninni, gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans valda öðrum.

VII. KAFLI

Viðbúnaður vegna mengunaróhappa.

17. gr.

Nú er sýnt að mengunarvaldi takist ekki að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skaða af völdum mengunarinnar og skulu þá hafnaryfirvöld tafarlaust hefja aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun á viðkomandi hafnarsvæði og Siglingamálastofnun ríkisins, í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Hafnamálastofnun ríkisins, utan hafnarsvæða.

18. gr.

Sveitarstjórnir skulu skipuleggja viðbúnað, koma upp búnaði og þjálfa lið til hreinsunar á olíu úr sjó í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins sem leitast við að samræma búnað einstakra sveitarfélaga með hagkvæm samnot í huga.

19. gr.

Samgönguráðherra getur krafist þess að fyrirtæki með starfsemi, sem getur valdið bráðamengun, leggi fram til samþykktar áætlun um viðbúnað gegn slíkri mengun.

VIII. KAFLI

Tilkynningarskylda.

20. gr.

Eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraráðilar vinnu- og borpalla á sjó og fyrirtækja í landi skulu tafarlaust tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins eða öðrum viðkomandi yfirvöldum um alla losun eða úrkast, sem lög þessi ná til, í hafið í mengunar- lögsögu Íslands.

IX. KAFLI

Íhlutun.

21. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins getur látið fara fram athugun á skipum, vinnu- og borpöllum á sjó og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun sjávar eða mengun hefur orðið sem brýtur gegn lögum þessum. Siglingamálastofnun ríkisins leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Hollustuverndar ríkisins, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndarráðs og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi eða ónauðsynlegum útgjöldum fyrir viðkomandi.

22. gr.

Samgönguráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins, að stöðva tiltekna starfsemi tímabundið ef hætta er á mengun sjávar er brýtur gegn lögum þessum, meðal annars vegna vanbúnaðar eða annarra ástæðna, svo sem náttúruhamfara. Skal stöðvunin vara þar til eðlilegar aðstæður fyrir starfsemina eru fyrir hendi. Ákvörðun um stöðvun starfsemi skal tilkynna viðkomandi aðilum bréflaga eða með símskeyti eins fljótt og kostur er ásamt ástæðum fyrir stöðvuninni og upplýsingum um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að starfsemi megi hefja á ný.

X. KAFLI

Framkvæmd og eftirlit.

23. gr.

Í þeim tilgangi að treysta framkvæmd laganna er samgönguráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á sjó og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun sjávar af völdum olíu, sbr. þó 9. gr., og enn fremur með hvaða hætti reglubundið eftirlit með þessum búnaði skuli fara fram.

Við setningu reglna um mengunarvarnir vegna olíumengunar frá landstöðvum og samkvæmt heimild í 9. gr. skal haft samráð við heilbrigðismálaráðherra eða menntamálaráðherra eftir því sem við á.

Samgönguráðherra skal, að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra og menntamálaráðherra, setja reglur um flokkun eiturefna og annarra hættulegra efna sem notuð eru til mengunarvarna samkvæmt lögum þessum.

Samgönguráðherra er heimilt, að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra, að setja frekari reglur um söfnun og eyðingu úrgangsolíu.

24. gr.

Eftirlit og framkvæmd laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, er í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins, með aðstoð þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2. másl. 21. gr. Kostnaður af reglubundnu eftirliti með mengunarvarnabúnaði greiðist úr ríkissjóði en annar kostnaður af eigendum búnaðarins.

Samgönguráðherra annast framkvæmd eftirtalinna alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar:

1. Alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, með breytingum frá 1962 og 1969.
2. Alþjóðasamningur frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningurinn).
3. Alþjóðasamningur frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn).
4. Samningur frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (Parísarsamningurinn).
5. Alþjóðasamningur frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL).

Um aðra mengun sjávar en þá, sem kveðið er á um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 117/1985, um geislavarnir.

25. gr.

Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem þeir óska eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða skýrslum yfir athuganir sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða rekstraraðila vegna mengunarvarna, hvort sem athuganir þessar eru gerðar að kröfu opinberra aðila eða að frumkvæði eigenda eða rekstraraðila.

XI. KAFLI

Mælingar á mengunarefnum í sjó.

26. gr.

Í þeim tilgangi að meta og fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins skal samgönguráðherra láta fara fram reglulegar rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í sjó, í sjávarlífverum og á hafsbotni.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rannsóknum þessum.

XII. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

28. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

29. gr.

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Heimilt er þó að hafnarstjóri geri sekt fyrir losun eða úrkast frá skipi á hafnarsvæði sínu, enda sé brot viðurkennt og hafi ekki valdið meiri háttar tjóni, svo og að bætur skv. 15. gr. séu greiddar eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra. Heimild þessi er takmörkuð við sektir allt að 40 000 króna enda játist sökunautar undir þessa ákvörðun og greiði sektina þegar í stað.

Heimilt er einnig að lögreglustjóri geri sekt fyrir slík brot að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. þessarar gr. en þó má sekt nema allt að 100 000 krónum.

Hafnarstjóri skal ávallt tilkynna lögreglustjóra slík brot og þá hvort hann hyggst ljúka málinu eða vísa því til lögreglustjóra til afgreiðslu.

Hafnarstjórar og lögreglustjórar skulu tilkynna ríkissaksóknara og samgönguráðherra um allar slíkar sektargerðir. Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir greiðslu sektar eða látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða að mál, sem lokið er skv. 2. eða 3. mgr. þessarar gr., hefði átt að ganga til dóms og getur ríkissaksóknari þá borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðunar hafnarstjóra eða lögreglustjóra.

Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sektargerða samkvæmt þessari grein.

30. gr.

Ef brotið er gegn ákvæðum II. og IV. kafla laga þessara og brotið tengist skipi, en málinu er ekki lokið með greiðslu sektar skv. 29. gr., skal lagt löghald á skipið og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt og málskostnaður greiddur að fullu, svo og kostnaður skv. 15. gr.

Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging eða önnur trygging jafngild að mati dómara til greiðslu sektar og alls kostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt grein þessari, málskostnaður og kostnaður skv. 15. gr. skal vera lögveð í skipinu.

31. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

32. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó eftir því sem nánar segir í reglugerð er samgönguráðherra setur.

33. gr.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekens frests fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds um að vinna verk eða koma upp búnaði sem fyrir er mælt í lögum þessum eða reglum settum skv. þeim má ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt.

Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð og renna þær í sjóð skv. 32. gr.

XIII. KAFLI

Gildistaka.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 77/1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins; lög nr. 20/1973, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning er gerður var 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum; lög nr. 53/1973, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning er gerður var 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það; lög nr. 67/1981, um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum; og lög nr. 14/1984, um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

Fylgiskjal 1.

1. Lífræn halógen-efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða sem breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.
5. Olíur, olíukennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þar með talinn geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða sem breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkell, eir og zink.
10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

Fylgiskjal 2.

1. Lífræn halógen-efnasambönd.
 - 1.1 DDT og efni gerð þar af, svo sem DDE og DDD.
 - 1.2 Önnur þrávirk, eitruð, lífræn halógen-efnasambönd.
2. Kvikasilfur, kadmín og sambönd þessara efna.
3. Sýra, lútur eða yfirborðsvirk efni í miklu magni.
4. Olía og olíuúrgangur.
5. Önnur efni sem haft geta varanleg áhrif á bragð, lykt, lit, skyggni eða aðra eiginleika hafsins og sem alvarlega geta spillt þokka umhverfisins.
6. Hlutir og efni sem geta flotið, marað eða sokkið og sem geta valdið alvarlegri röskun á lögmætri nýtingu hafsins.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

PÓSTLÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Póstþjónustan, skilgreining og verksvið.

1. gr.

Með pósthjónustu er fyrst og fremst átt við starfsemi er varðar viðtöku, flutning og skil á póstsendingum.

Póstsendingar greinast í þrjá höfuðflokka:

- a. Bréfaþóstsendingar.
- b. Bögglaþóstsendingar.
- c. Fjármunapóstsendingar.

2. gr.

Bréfaþóstsendingar má senda í ábyrgð.

Enn fremur er heimilt að senda bréf og böggla sem verðsendingar.

Til fjármunapóstsendinga teljast greiðsluviðskipti með millifærslum (póstgíró).

Póstsendingar skv. þessari grein skulu ávallt bókfærðar.

Nánari ákvæði um þetta setur ráðherra í reglugerð.

3. gr.

Með pósthjónustu er einnig átt við aðra samrýmanlega starfsemi sem ákveðin er eða kann að verða ákveðin með öðrum lögum, reglum eða samningum.

II. KAFLI

Einkaréttur.

4. gr.

Póst- og símamálastofnun hefur einkarétt á að safna saman, flytja og bera út eftirtalдар sendingar:

- a. Lokaðar bréfaþóstsendingar hvert svo sem innihald þeirra kann að vera.
- b. Aðrar lokaðar sendingar sem uppfylla skilyrði til þess að vera veitt viðtaka í pósth, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum sem heimilt er að flytja án atbeina pósthjónustunnar.

5. gr.

Pósthjónungar skv. 4. gr., sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakenda hér á landi eða flytjast áfram með íslensku flutningafyrirtæki eða um íslenskt pósthvæði, skulu þegar í stað afhentar Póst- og símamálastofnun.

6. gr.

Pósthflytjendum, hvort heldur sem þeir eru starfsmenn Póst- og símamálastofnunar eða flutningsaðila sem á hennar vegum annast pósthflutninga, er óheimilt að flytja sjálfir eða hafa meðferðis sendingar utan pósthflutningsins.

Flutningafyrirtækjum, sem halda uppi reglubundnum farþegaflutningum, er þó heimilt að flytja slíkar sendingar utan pósthlutnings með flutningatækjum sínum milli starfsstöðva fyrirtækisins enda varði þær starfsemi þess.

Enn fremur má flytja fyrrnefndar sendingar utan pósts ef þær eru frímerktar skv. gildandi gjaldskrá fyrir pósthjónustu og frímerkin síðan gerð ógild eða þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða aðila sem hann starfar fyrir.

7. gr.

Á þeim stöðum, þar sem Póst- og símamálastofnun hefur komið á daglegum pósthúsbúðum a.m.k. fimm sinnum í viku, má enginn hafa atvinnu af að safna saman, flytja eða bera út sendingar þær sem greinir í 4. gr.

8. gr.

Óheimilt er óviðkomandi aðilum að nota merki pósthjónustunnar sem er pósthúður með stjörnu og örvum í gegn.

Enn fremur er óheimilt að setja upp á almannafæri neitt það er að lit, lögum og gerð líkist pósthúsum Póst- og símamálastofnunar.

III. KAFLI

Póstleynd.

9. gr.

Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um það hverjir nota póstin eða á hvern hátt hann er notaður, né heldur gefa neinum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem látið er í pósthúsi til flutnings.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

10. gr.

Heimilt er þrátt fyrir ákvæði 9. gr. að opna eftir sérstökum reglum þær pósthúsendingar, sem ekki er unnt að koma til skila, til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur séu svo að unnt sé að endursenda þær. Enn fremur er heimilt eftir sérstökum reglum í undantekningartilvikum að leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til þess að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Reglur skv. þessari grein skulu settar af ráðherra.

11. gr.

Einungis má veita upplýsingar um notkun pósts að undangengnum dómsúrskurði eða skv. heimild í öðrum lögum. Ráðherra ákveður hvort dómsúrskurði skuli áfrýja.

IV. KAFLI

Póstmeðferð.

12. gr.

Með pósthúsmæðferð er átt við viðtöku pósthúsendinga, flutning þeirra og skil.

Húseigendum er skylt að setja upp bréfastöð í eða við hús sín á sinn kostnað. Nánari ákvæði um þetta setur ráðherra í reglugerð.

13. gr.

Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum flutningum innanlands og til útlanda, er skyldur til, sé þess krafist, að flytja póst milli endastöðva og pósthöðva á leiðinni enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Póstur skal njóta forgangs fram yfir annan flutning.

14. gr.

Sendandi hefur ráðstöfunarrétt yfir sendingu sem hann hefur afhent til pósthlutnings þangað til hún er afhent viðtakanda.

15. gr.

Í pósti má ekki flytja neitt sem bannað er að dreifa eða sem að ytra útliti ber með sér eitthvað ólöglegt, ósæmilegt eða móðgandi.

Óheimilt er að taka til flutnings hluti sem hætta stafar af eða erfiðleikar eru á að flytja. Heimilt er þó að veita undanþágur fyrir flutningi ef komið er í veg fyrir hættu eða óhagræði af honum eins og frekast er unnt eða með sérstökum ráðstöfunum og ástæður að öðru leyti mæla með flutningum.

16. gr.

Póstsendingar, aðrar en ábyrgðarbréf í lokuðu umslagi og verðsendingar, mega ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgrip og hliðstæð verðmæti.

17. gr.

Póstsendingar, sem ekki verður komið til skila hvort heldur til viðtakanda eða sendanda, skulu eyðilagðar eða seldar skv. nánari reglum.

18. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um meðferð pósts.

V. KAFLI

Gjaldskrá og frímerki.

19. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunar, gjaldskrá fyrir pósthjónustu.

20. gr.

Gjaldfrjálsar skulu vera þær sendingar sem skv. alþjóðasamningum eru fríðengar í alþjóðapósthjónustunni.

Enn fremur eru gjaldfrjálsar allar sendingar innan Póst- og símamálastofnunar sem snerta þjónustuna.

21. gr.

Póst- og símamálastjóri getur, að höfðu samráði við ráðherra, ákveðið þóknun fyrir ýmsa auka- og viðbótarþjónustu og verð á sölubarningi sem ekki er sérstaklega tilgreint í gjaldskrá fyrir pósthjónustu.

22. gr.

Gjald fyrir pósthjónustu greiðist fyrir fram með álímdum eða áprentuðum frímerkjum, frímerkingarvélastimplum eða áprentunum um greitt burðargjald.

Heimilt er þó að ákveða í reglugerð að burðargjald fyrir ákveðnar tegundir pósthjónunga eða vissar tegundir pósthjónustu skuli ekki greitt með frímerkjum heldur í reiðufé.

23. gr.

Eyðublöð, sem notuð eru í pósthjónustunni, verða ásamt frímerkjum fyrir burðargjaldi sendinganna eign Póst- og símamálastofnunar um leið og viðkomandi póstsendingum er skilað til flutnings.

24. gr.

Um póstmeðferð ófrímerktra eða vanfrímerktra sendinga skal farið skv. því sem ákveðið er í reglugerð sem ráðherra setur.

25. gr.

Póst- og símamálastofnun hefur einkarétt á að gera og gefa út frímerki sem skulu vera til sölu á öllum póststöðvum. Enn fremur er henni heimilt að láta gera kort og umslög með áprentuðum frímerkjum eða áprentun um burðargjald.

Slíkar áprentanir má hún einnig gera á kort og umslög frá einkaaðilum.

26. gr.

Heimilt er að greiða þeim sem hafa algeng frímerki á boðstólum fyrir almenning söluáun og setur Póst- og símamálastofnun nánari reglur þar um.

VI. KAFLI

Skaðabætur.

27. gr.

Póstsending telst í vörslu Póst- og símamálastofnunar frá viðtöku í póst og þar til hún er afhent á reglulegan hátt skv. utanáskrift.

28. gr.

Skaðabætur greiðast ekki fyrir glataðar almennar bréfaþóstsendingar. Heldur ekki þótt innihaldið glatist að nokkru eða öllu leyti.

29. gr.

Fyrir bréfaþóstsendingar í ábyrgð og böggla, sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum er svari til hins raunverulega verðmætis, þó ekki hærri en ráðherra ákveður hverju sinni í gjaldskrá.

30. gr.

Fyrir verðsendingar, sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum er svari til hins raunverulega verðmætis en þó aldrei hærri en nemur hinu tilgreinda verði.

31. gr.

Póst- og símamálastofnun ber fulla ábyrgð á því fé sem hún hefur tekið við til sendingar sem fjármunapóstsendingu.

32. gr.

Skaðabætur ná aðeins til verðs þess hlutar sem glatast hefur eða þeirrar rýrnunar sem hinir skemmdu hlutir hafa orðið fyrir.

Eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða yfirleitt neinar óbeinar afleiðingar skaðans.

33. gr.

Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa fer skv. gildandi milliríkjasamningum. Verði tjón á sendingu meðan hún er á íslensku póstsævæði greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir hlutaðeigandi tjónþola.

34. gr.

Póst- og símamálastofnun getur í sérstökum undantekningartilvikum bætt tjón skv. almennum skaðabótareglum ef tjónið er slíkt og ástæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla um takmarkaðar skaðabætur þykja ekki eiga við.

35. gr.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan árs frá því sending var afhent til flutnings.

VII. KAFLI

Viðurlög.

36. gr.

Brot gegn ákvæðum 4., 5., 6., 7., 8., 12., 13., 15. og 16. gr. varða sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru nema þyngri refsing liggji við skv. öðrum lögum. Fyrir brot á 4. og 6. gr. skal auk sekta greiða venjulegt burðargjald fyrir hverja sendingu sem flutt hefur verið ólöglega.

Fyrir brot á ákvæðum 4., 5., 6., 7., 15. og 16. gr. má ákveða sektina eftir atvikum á hendur sendanda eða þeim sem flutt hefur sendinguna eða þeim báðum. Brot gegn 9. gr. varða refsingu skv. 136. og 137. gr. almennra hegningarlaga.

Auk framangreindra sekta er póst- og símamálastjóra heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi þannig að hvorki séu fluttar til þeirra póstsendingar né frá þeim.

Á sama hátt er heimilt að útiloka frá póstsambandi þá sem gera sig seka um megna og ítrekaða vanrækslu á að fara eftir lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim.

Í reglugerð settri skv. lögum þessum má enn fremur setja ákvæði um sektir fyrir brot á ákvæðum hennar.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Ákvæði þessara laga gilda einnig um póstpjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við milliríkjasamninga um póstpjónustu.

38. gr.

Reglugerðir um framkvæmd laga þessara setur ráðherra.

39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Falla þá jafnframt úr gildi póstlög, nr. 31 12. febrúar 1940, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 73 frá 20. apríl 1954.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um fasteigna- og skipasölu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um heimild til fasteigna- og skipasölu.

1. gr.

Engum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra nema hann hafi fengið til þess löggildingu dómsmálaráðuneytisins skv. lögum þessum eða leyfi skv. lögum nr. 47/1938, sbr. einnig 14. gr. þeirra.

Hæstaréttar- og héraðsdómslögmennt þurfa eigi leyfi til að annast kaup, sölu eða skipti á einstökum fasteignum eða skipum ef það tengist lögmannsstörfum þeirra.

Þar sem rætt er um fasteignasölu eða fasteignasala í lögum þessum er einnig átt við sölu skráningarskyldra skipa og þá sem við slík störf fást.

2. gr.

Hver maður getur fengið löggildingu skv. 1. gr. ef hann:

1. hefur íslenskan ríkisborgararétt,
2. er heimilisfastur hér á landi,
3. er fjárráða og hefur forræði á búi sínu,
4. hefur staðist próf skv. ákvæðum er dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð,
5. leggur fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns, sem viðskiptamenn viðkomandi kunna að verða fyrir af hans völdum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður.

Undanþegnir prófi skv. 4. tölul. 1. mgr. eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmennt.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

3. gr.

Sá, sem öðlast vill löggildingu skv. 1. gr., skal standast próf eftir því sem segir í 2. gr. 1. mgr. 4. tölul. Prófnefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti þrjú menn, skal standa fyrir prófi þessu ákveði dómsmálaráðherra ekki aðra tilhögun. Varamenn skal skipa með sama hætti. Skal próf við það miðað að prófmaður sýni að hann hafi öðlast þá þekkingu og reynslu að hann sé starfinu vaxinn.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófs, skipun prófnefndar og störf prófnefndarmanna en prófsefni ákveður prófnefnd.

4. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá sem þreyta vilja próf skv. lögum þessum. Getur hann falið öðrum aðilum, svo sem Háskóla Íslands, að annast námskeið og próf. Ákvæði um tilhögun námskeiðs, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld skulu sett í reglugerð að tillögu prófnefndar skv. 3. gr. Prófnefnd eða menn, sem hún tilnefnir, hafa á hendi forstöðu námskeiðs og sjá um prófraun feli dómsmálaráðherra það ekki öðrum aðilum.

Kostnaður vegna námskeiða og prófa, þar með talin þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með kennslu- og prófgjöldum er dómsmálaráðuneytið ákveður.

5. gr.

Fasteignasali, sbr. 2. gr., skal fá í hendur löggildingarskírteini er ráðherra gefur út.

Fyrir löggildingu skal aðili greiða gjald í ríkissjóð skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Áður en löggilding er veitt skal aðili vinna drengskaparheit um að rækja í hvívetna með kostgæfni og samviskusemi starf það er löggilding veitir rétt til og hlíta lögum og öðrum réttarreglum er það varðar.

6. gr.

Löggilding til fasteignasölu er bundin við nafn. Þó er eftirlifandi maka heimilt að halda áfram fasteigna- og skipasölu látins maka síns þótt hann fullnægi ekki skilyrðum laga þessara en ráða skal hann þá forstöðumann sem löggiltur er til starfans.

Fasteignasala er skylt að tilkynna dómsmálaráðuneyti hvar starfsstöð hans er en hann getur aðeins haft eina starfsstöð á sama stað og fasteignasalan er rekin.

II. KAFLI

Um réttarstöðu fasteigna- og skipasala, störf þeirra og starfsháttu.

7. gr.

Fasteignasalar hafa réttindi og bera skyldur opinberra sýslunarmanna, þar á meðal þagnarskyldu um það er þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Þeir mega ekki gegna stöðu hjá hinu opinbera ef ætla má að staðan gefi þeim færi á að kynnast málefnum sem hafa þýðingu í viðskiptum með einstakar eignir.

8. gr.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

9. gr.

Fasteignasali skal tryggja sér ótvírætt umboð hjá réttum aðila til að leita eftir tilboðum í eign eða gera tilboð í eign og eftir atvikum að ganga frá samningum og annarri skjalagerð að fengnu samþykki umbjóðanda. Sama er ef óskað er annars liðsinnis fasteignasala við samningsgerð um þessar eignir. Greina skal glögglega hvort um einkaumboð er að ræða ef því er að skipta.

10. gr.

Nú hefur fasteignasali fengið eign til sölumæðferðar eða leitað er liðsinnis hans til að gera tilboð í eign. Skal hann þá semja rækilegt yfirlit yfir öll grundvallaratriði, sem máli skipta fyrir aðila, til þess að gera sér glögga hugmynd um verð eignarinnar. Yfirlit þetta skal geyma eftirfarandi upplýsingar og atriði svo sem kostur er:

1. Upplýsingar um söluverð eignar ef það er ákveðið og hverjir eru söluskilmálar, þar á meðal um þann hluta söluverðs sem staðgreiða á og hversu haga eigi öðrum greiðslum og hversu þær eigi að vera tryggðar.
2. Glöggar upplýsingar og gögn um stærð húss og lóðar, fyrirkomulag innan húss, byggingarlag og byggingarefni húss, aldur þess og endurbyggingar eða viðbyggingar, ef því er að skipta, ástand húss, þar á meðal um galla, sem kunnir eru á því, hversu upphitun sé háttáð og hversu hús sé glerjað, staðsetningu og atriði sem máli skipta vegna byggingar- og skipulagslaga. Einnig skal greina ástand lóðar. Teikning af húsi skal vera fyrir hendi ef kostur er og að jafnaði ljósmyndir af því ef eigi er unnt að skoða það eða vitað er að skoðun muni ekki fara fram. Ef um sameign er að ræða skal greina glögglega eignarhlutdeild í húsi og lóð, svo og um óskipta sameign.

3. Upplýsingar um matsverð eignar skv. fasteignamati og brunabótamati, svo og önnur matsgögn ef til eru.
 4. Nú er seld fasteign eða skip í smíðum og skal þá gera nákvæma grein fyrir því á hvaða stigi smíðin er þegar kaupandi á að taka við eigninni og hversu staða aðilanna verði tryggð.
 5. Grein skal gerð fyrir veðskuldum og öðrum eignarhöftum sem kunna að hvíla á eigninni, stutt vottorði úr þinglýsingarbókum. Greina ber hvers eðlis eignarhöftin eru, þar á meðal kvaðir sem á eign kunna að hvíla. Greina skal glögglega um eftirstöðvar veðskulda sem hvíla eiga á eign og kaupandi tekur að sér að greiða, afborganir af þeim og vexti, hvort skuld sé verðtryggð, hvenær henni eigi að vera lokið og hverjar eftirstöðvar hennar eru að viðbætti verðtryggingu. Þá skal greina kostnað við samningsgerð, þinglýsingu og stimplun skjala og í hvors hlut komi.
 6. Upplýsingar eftir föngum um tekjumöguleika af eigninni, einkum þegar um atvinnuhúsnæði (jörð) er að ræða eða skip er gera skal út, svo og um heildarútgjöld sem ætla má að stafi af eign.
- Hliðstæðar upplýsingar skulu greindar um skip eftir því sem við á.

11. gr.

Yfirlit það, sem greinir í 10. gr., skal vera svo rækilegt og traust að það ásamt skoðun á eign, sem fram skal fara ef kostur er og vanda skal til, sé sem tryggastur grundvöllur undir mati á verðmæti eignarinnar og á arðsemi hennar.

Ráðuneytið getur mælt svo fyrir í reglugerð að upplýsingar um eignir séu greindar á stöðluðum eyðublöðum og kveðið nánar á í reglugerð um þær upplýsingar sem greina skal, þar á meðal sérstaklega varðandi skip.

12. gr.

Fasteignasala, sbr. 1. gr., er skylt að annast alla skjalagerð varðandi sölu fasteigna og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og veðbréfum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn svo að eigi verði um villst. Enn fremur skulu þeir sem annast fasteignaviðskipti skv. framansögðu geta nafns síns í auglýsingum um eignir þessar. Nafngreining skal vera persónuleg skv. þessari málsgrein.

Öll skjalagerð og samningsgerð, er fasteignasali annast um, skal vera vönduð og rækileg og svo úr garði gerð að hagsmunir aðila séu sem best tryggðir og glögg sé hver réttarstaða hvors um sig er.

13. gr.

Fasteignasala er sjálfum óheimilt að ganga inn í samning um kaup á eign sem honum hefur verið falin til umboðssölu nema hann hafi lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölu að hann sé persónulegur kaupandi hennar.

Enn fremur skal fasteignasali tilkynna aðilum hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en að því er snertir sjálf sölulaunin.

14. gr.

Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun fyrir starfa sinn en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu sem í té er látin.

Fyrir aðstoð við kaup eða sölu má þóknun frá kaupanda eða seljanda ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar en rétt er fasteignasala að áskilja sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingakostnað enda hafi eign verið auglýst eftir beiðni eiganda. Þóknun skal yfirleitt vera lægri ef makaskiptum er til að dreifa.

15. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um stöðu, störf og starfshætti fasteignasala, þar á meðal um að tiltekin störf og stöður séu eigi samrýmanleg fasteigna- og skipasölu. Þá má setja sérstök ákvæði í reglugerð um bókfærslu vegna þessara starfa.

III. KAFLI

Aðili fullnægir ekki framar skilyrðum til fasteignasölu.

16. gr.

Nú fullnægir löggiltur fasteignasali eigi framar lögmæltum skilyrðum til löggildingar og fellur þá löggilding hans úr gildi enda ber honum að skila ráðuneytinu aftur löggildingarskrírteini sínu. Ráðherra má veita aðila að nýju löggildingunni ef hann fullnægir síðar þessum lagaskilyrðum að dómi ráðherra.

17. gr.

Nú sætir maður, sem heimild hefur til fasteignasölu, ákæru í opinberu máli og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar eða heimildar til fasteignasölu að kröfu ákærvaldsins undir dómara þess máls eftir því sem ákæra lýtur að.

Ákvörðun um sviptingu löggildingar eða heimildar til fasteignasölu vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill aðili ekki una úrlausn ráðherra og getur hann þá borið sakarefnið undir dómstóla og fer meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra skal halda gildi uns dómur gengur í málinu.

Eftirlit með starfsemi fasteigna- og skipasala er í höndum dómsmálaráðuneytis.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði, refsíákvæði og brottfallin lög.

18. gr.

Þeim mönnum, sem fengið hafa löggildingunni til fasteignasölu skv. lögum nr. 47/1938, svo og þeim sem löggildingunni fá skv. 2. gr., er heimilað að hafa með sér félag.

Stjórn félagsins kemur fram út á við fyrir hönd félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

19. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara, annar en um getur í 4. gr., greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Þeim einum er rétt að nefna sig fasteignasala eða skipasala sem heimilt er að stunda slík störf skv. 1. gr., sbr. 2. gr., og varðar brot gegn þessu viðurlögum skv. 2. mgr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum skv. þeim varða sektum nema þyngri hegning liggja við skv. öðrum lögum.

21. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað og skal fyrsta próf eftir gildistöku þeirra hlíta ákvæðum þeirra og reglugerða settum skv. þeim.

Þeir, sem hlotið hafa leyfi til fasteignasölu skv. lögum nr. 47/1938, sbr. og 14. gr. þeirra, skulu halda þeim enda teljast þeir einnig hafa rétt til að selja skráningarskyld skip til jafns við þá sem löggildingunni fá eftir ákvæðum laga þessara.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu, og lög nr. 20 22. mars 1948, lög nr. 40 29. mars 1961 og lög nr. 49 25. maí 1976, öll um breyting á lögum nr. 47/1938, svo og 48. gr. laga nr. 75 13. maí 1982, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hver sá, sem rekur eigin þjónustu eða starfsemi innan fyrirtækis eða stofnunar, þar með talin framleiðsla vöru til eigin þarfa, sem söluskattsskyld væri við sölu til annarra, skal reikna söluskatt af slíkri þjónustu eða starfsemi og standa skil á honum til ríkissjóðs. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort aðalstarfsemi viðkomandi aðila er undanþegin söluskattsskyldu eða ekki. Ráðherra setur nánari reglur um hvaða eigin þjónusta og starfsemi falli hér undir og á hvaða verði hún skuli reiknuð. Skal í því sambandi sérstaklega hafa hliðsjón af aðstöðu annarra fyrirtækja sem reka hliðstæða þjónustu eða starfsemi sem skattskyld er samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

E-liður 4. gr. laganna orðast svo:

Úttekt úr eigin fyrirtæki, hvort heldur er til einkanota eigandans eða til nota í fyrirtækinu sjálfu. Gildir þetta bæði um aðkeyptar vörur, sem eru framleiddar eða sæta aðvinnslu í fyrirtækinu, sem og vinnu og þjónustu. Enn fremur þjónusta og starfsemi sem rekin er innan fyrirtækis eða stofnunar og skattskyld er samkvæmt 3. mgr. 2. gr. án beinnar sölu til annarra aðila.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um Seðlabanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Skipulag bankans og hlutverk.

1. gr.

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun sem er eign ríkisins en lýtur sérstakri stjórn skv. lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Seðlabankans er:

- a. að annast seðlaútgáfu, láta slá og gefa út mynt og vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt,
- b. að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við,
- c. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum,
- d. að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyris- og peningamál,
- e. að annast bankaviðskipti ríkissjóðs,
- f. að vera banki innlánsstofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum,
- g. að gera sem fullkomnastar skýrslur og áætlanir um allt sem varðar hlutverk bankans,
- h. að annast önnur verkefni sem samrýmanleg eru tilgangi bankans sem seðlabanka.

4. gr.

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náð samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en tvisvar á ári senda ráðherra greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum.

II. KAFLI

Seðlaútgáfa og mynt.

5. gr.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út mynt eða annan gjaldmiðil er geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða lögleggar myntar.

Seðlar og mynt, sem bankinn gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

Ráðherra ákveður að fengnum tillögum Seðlabankans lögum, útlit og fjárhæð seðla þeirra og myntar, sem bankinn gefur út, og lætur birta auglýsingu um það efni.

III. KAFLI

Innlend viðskipti Seðlabankans.

6. gr.

Seðlabankinn tekur við innlánnum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum skv. að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Þó skal Seðlabankanum heimilt að semja við Lánastofnun sparisjóðanna um sameiginlegan viðskiptareikning sparisjóða hjá bankanum.

Þegar sérstaklega stendur á má ákveða í reglugerð að Seðlabankinn taki við innlánnum frá öðrum peningastofnunum en greinir í 1. mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín skv. þessari grein.

7. gr.

Seðlabankinn getur veitt peningastofnunum, sem eiga innlánsviðskipti við bankann, sbr. 6. gr., lán með kaupum verðbréfa eða á annan hátt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar.

Seðlabankanum er heimilt að veita innlánsstofnunum lán með þeim kjörum að höfuðstóll lánsins sé greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri, endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi ákveðins erlends gjaldeyris eða breytingum á gengi íslenskrar krónu. Sé höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri skal innlánsstofnun greiða lántaka lánsfé í íslenskum krónum miðað við kaupgengi hins erlenda gjaldeyris á lántökudegi. Með erlendum gjaldeyri er einnig átt við reikningseiningar sem byggðar eru á fleiri en einum gjaldmiðli og notaðar eru í almennum lánsviðskiptum á alþjóðamarkaði.

Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín skv. þessari grein.

8. gr.

Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn ákveðið með samþykki ráðherra að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum er nemi tilteknu hlutfalli af heildarinnlánsfé hjá hverri stofnun eða af ráðstöfunarfé hennar. Með ráðstöfunarfé í lögum þessum er átt við allt það fé sem innlánsstofnun hefur til útlána. Þó er heimilt að undanskilja tiltekna flokka útlána að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankinn getur ákveðið að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum enda fari heildarinnlánsfé eða ráðstöfunarfé, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem sett er í 1. mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvixla og aðrar sambærilegar eignir.

9. gr.

Seðlabankinn ákveður vexti af innlánnum við bankann og af lánnum sem hann veitir.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvæðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærrí en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.

Ákvarðanir Seðlabankans skv. 2. mgr. skulu birtar í Lögbirtingablaði.

10. gr.

Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Skulu innlán ríkissjóðs geymd í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið.

Seðlabankanum er heimilt að veita ríkissjóði lán til skamms tíma. Skulu slík lán greiddast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabankans. Ríkisvixlar, skuldabréf og önnur verðbréf, sem eru gefin út af ríkissjóði og Seðlabankinn kaupir á verðbréfamarkaði eða af peningastofnunum til þess að stuðla að jafnvægi á peningamarkaði, skulu ekki teljast lán til ríkissjóðs skv. ákvæðum þessarar greinar.

11. gr.

Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf og skal hann vinna að því að á komist skipuleg verðbréfavíðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna og starfrækja í samvinnu við innlánsstofnanir og viðurkennda verðbréfamiðlara verðbréfaþing þar sem verslað er með verðbréf. Seðlabankinn setur reglur um verðbréfaþingið að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankanum er heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis að höfuðstóll og/eða vextir séu bundnir gengi erlends gjaldeyris. Um skattalega meðferð bréfanna gilda sömu reglur og gilda hverju sinni um innlán í bönkum og sparisjóðum.

12. gr.

Heimilt er Seðlabankanum að reka önnur bankaviðskipti sem samrýmanleg geta talist hlutverki hans sem seðlabanka. Hann skal ekki annast viðskipti sem skv. lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni innlánsstofnana. Honum er því óheimilt að skipta við almenning og keppa um viðskipti við innlánsstofnanir. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar sker ráðherra úr.

IV. KAFLI

Bankaeftirlit.

13. gr.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra.

Verkefni þetta skal falið sérstakri deild í bankanum er nefnist bankaeftirlit og starfar hún undir yfirstjórn bankastjórnar og bankaráðs. Ráðherra skipar forstöðumann bankaeftirlitsins og skal hann eigi skipaður til lengri tíma en sex ára í senn. Forfallist forstöðumaður um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað.

Sérstök samstarfsnefnd ráðuneytis og Seðlabanka fylgist með starfsemi bankaeftirlitsins. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúi ráðuneytis, einn bankastjóri Seðlabankans og forstöðumaður bankaeftirlitsins. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

14. gr.

Bankaeftirlitið skal athuga bókhald og reikninga innlánsstofnana og kanna að öðru leyti fjárhag og starfsemi þeirra svo oft sem þurfa þykir. Innlánsstofnunum er skylt að veita bankaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu stofnunarinnar, er varða starfsemina, og veita að öðru leyti þær upplýsingar, sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar til eftirlits, með þeim hætti og svo oft sem óskað er.

15. gr.

Bankaeftirlitið skal fylgjast með að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við innlánsstofnun séu í samræmi við þá áhættu sem í viðskiptunum felst með hliðsjón af greiðslutryggingum, fjárhagslegum styrkleika innlánsstofnunar og eigin fé stofnunarinnar. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða sameiginlega skuldbindingar þeirra við innlánsstofnun.

16. gr.

Bankaeftirlitið getur krafist þess að innlánsstofnanir:

- a. veiti reglulega upplýsingar um efnahag og rekstur á þann hátt og svo sundurliðað sem óskað er,
- b. veiti aðrar upplýsingar sem það telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins.

17. gr.

Komi í ljós við athuganir bankaeftirlitsins skv. ákvæðum þessa kafla að innlánsstofnun fylgir ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hennar skal bankaeftirlitið krefjast þess að úr því sé bætt innan ákveðins frests.

Hafi stjórn innlánsstofnunar vanrækt skyldu sem á henni hvílir skv. lögum, reglugerðum eða samþykktum getur bankaeftirlitið boðað til fundar í stjórn stofnunarinnar um leiðir til úrbóta. Fulltrúi bankaeftirlitsins skal sitja fundinn með málfrelsi og tillögurétti og stýrir hann fundinum.

Bankaeftirlitinu er heimilt að gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan enda þótt ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við.

Sé kröfum eða athugasemdum bankaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt getur það gripið til viðurlaga gagnvart innlánsstofnun, sbr. 41. gr. Bankaeftirlitinu er þá einnig heimilt að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með viðkomandi stofnun. Er stofnuninni skylt að veita eftirlitsmanninum aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum, sem hún hefur í sinni vörslu, og veita að öðru leyti þær upplýsingar sem eftirlitsmaður óskar eftir. Eftirlitsmaðurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn stofnunarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Kostnaður við störf eftirlitsmanns greiðist af viðkomandi innlánsstofnun.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins skv. þessari grein skulu þegar í stað tilkynntar ráðherra, bankaráði hlutadeigandi viðskiptabanka og félagsstjórn sé um aðra innlánsstofnun að ræða. Þá skal Seðlabankinn gefa ráðuneytinu skýrslu um starfsemi bankaeftirlitsins eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

V. KAFLI

Gengismál og erlend viðskipti.

18. gr.

Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri, svo og mörk kaup- og sölugengis. Innan þeirra marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda sem þörf er á vegna almennra viðskipta. Seðlabankinn getur einhliða fellt niður gengisskráningu um stundarsakir.

Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina.

Seðlabankinn skal leitast við að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og varðveita hann, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánnum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er.

19. gr.

Auk Seðlabankans hafa viðskiptabankar, sparisjóðir og Lánastofnun sparisjóðanna rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ráðherra. Seðlabankanum er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að leyfa póststjórninni að versla með erlendan gjaldeyri.

20. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki, svo og viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar. Hann skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum eftir því sem um verður samið.

21. gr.

Til þess að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er Seðlabankanum heimilt að taka lán erlendis.

Enn fremur er Seðlabankanum heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

22. gr.

Seðlabankinn hefur umsjón með gjaldeyrisversluninni og eftirlit með því að lögum og reglum um verslun með og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sé fylgt. Seðlabankanum er heimilt vegna þessa verkefnis að krefjast hvers konar upplýsinga um gjaldeyrismál frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.

Í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum Seðlabankans skv. ákvæðum þessara laga og laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, skal setja nánari reglur um meðferð gjaldeyris og framkvæmd gjaldeyriseftirlits.

23. gr.

Seðlabankinn er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

VI. KAFLI

Hagskýrslugerð.

24. gr.

Seðlabankinn safnar skýrslum og gerir áætlanir um greiðslujöfnuð, gjaldeyris- og peningamál og annað sem hlutverk bankans varðar og skal hann birta opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni.

Skylt skal öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, að láta bankanum í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar og nýtur hann í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og liggja sömu viðurlög við ef út af er brugðið.

VII. KAFLI

Stjórn bankans.

25. gr.

Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum bankastjórnar.

26. gr.

Í bankastjórn Seðlabankans eiga sæti þrjú bankastjórar. Bankastjórnin kýs sér formann úr sínum hópi til þriggja ára í senn.

Ráðherra skipar bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórar skulu eigi skipaðir til lengri tíma en sex ára í senn.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað.

27. gr.

Bankastjórnin ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Bankastjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem einhver bankastjóranna óskar þess.

Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til að skuldbinda bankann. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Skal nánar kveðið á um umboð til skuldbindingar í reglugerð.

28. gr.

Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra. Við starfslok skulu bankastjórar fá greidd biðlaun í tólf mánuði, jafnhá föstum launum er starfi þeirra fylgdu. Eigi bankastjóri rétt til eftirlauna fellur niður greiðsla biðlauna. Taki bankastjóri við annarri stöðu á biðlaunatíma fellur niður greiðsla biðlauna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka biðlaunatímans. Bankaráð ákveður eftirlaun bankastjóra.

Bankastjórum og aðstoðarbankastjórum er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að.

29. gr.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal veita klak- og eldisstöðvum heilbrigðisvottorð, enda hafi reglubundið eftirlit og rannsóknir sýna ekki leitt í ljós sjúkdóma í stöðinni eða grun um þá. Slíkt vottorð veitir heimild til sölu á alifiski og sóttgreinsuðum hrognum innanlands eða til útlanda, sbr. 10. gr., með þeim almennu takmörkunum sem um það kunna að gilda hverju sinni.

15. gr.

Óski fiskeldisstöð eftir frekari rannsóknum en mælt er fyrir um í lögum þessum skal Rannsóknadeild fisksjúkdóma verða við slíkri beiðni eftir því sem kostur er, á kostnaðarverði, og afhenda síðan niðurstöður í skýrslu eða með vottorði eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Kostnaður.

16. gr.

Gjaldskrá skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn með hliðsjón af fjárhagsáætlun Rannsóknadeildar fisksjúkdóma. Fiskeldisstöð leggur til sýni vegna eftirlits og rannsókna án endurgjalds. Við ákvörðun gjaldskrár skal tekið mið af því að fiskeldisstöðvarnar greiði tvo þriðju hluta af launa- og rekstrarkostnaði við skyldurannsóknir, sbr. 10. gr.

Kostnaður við rannsóknir í klak- og eldisstöð, sem sett hefur verið í sölu- eða dreifingarbann vegna uppkomins sjúkdóms, skal greiddur úr ríkissjóði.

Að öðru leyti skal starfsemi deildarinnar kostuð úr ríkissjóði.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

2. mgr. 75. gr. laga nr. 76/1970 orðast svo:

Deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma og dýralæknir fisksjúkdóma skulu vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

18. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim skal refsa með sektum en með varðhaldi séu sakir miklar.

Með mál vegna brota skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Stöðu sérfræðings fisksjúkdóma skal samhliða gildistöku laganna breytt í stöðu deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma.
2. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis og tóbaks samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal einni heimil starfræksla tóbaksgerðar og framleiðsla áfengra drykkja, sbr. þó ákvæði 3. mgr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leyfi til að framleiða áfenga drykki, enda sé slík framleiðsla ætluð til útflutnings eða til sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að gerast eignaraðili að fyrirtækjum sem hafa fengið leyfi til að framleiða áfengi.

Ráðherra er heimilt að setja skilyrði fyrir því að leyfi sé veitt til framleiðslu áfengis. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal sjá um sölu á vínanda til þeirra aðila, sem hafa fengið leyfi til framleiðslu áfengis, og hafa eftirlit með að fylgt sé þeim skilyrðum sem ráðherra setur.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins flytur inn skv. 1. gr. og áfengi sem framleitt er innanlands skv. 3. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna, svo sem röð greina var breytt með lögum nr. 55/1984, koma þrjár nýjar greinar sem verða 14., 15. og 16. gr. laganna og hljóða svo:

a. (14. gr.)

Við Iðnlánasjóð skal starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skal vera:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánunum sem veitt eru eða útvegð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu.
3. Að tryggja, þegar sérstaklega stendur á, samkeppnislán til innlendra aðila er kaupa vélar, tæki og aðrar fjárfestingarvörur sem framleiddar eru innanlands.
4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

b. (15. gr.)

Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll tryggingardeildar útflutningslána en þau skulu háð samþykki iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal við það miðað að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé deildarinnar, þar með talinn varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði. Nú fellur greiðsla á Ríkisábyrgðasjóð vegna þess og skal þá miðað við að iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána breytist þannig að deildin geti endurgreitt Ríkisábyrgðasjóði það sem sjóðurinn hefur innt af hendi á næstu tveimur árum. Iðnlánasjóður getur veitt deildinni lán til að gera henni kleift að standa við skuldbindingar sínar.

c. (16. gr.)

Greiðsluskilmálar lána, sem tryggingardeild útflutningslána tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána vegna trygginga á útflutningslánunum og öðrum kröfum mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 100 millj. kr. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Stjórn Iðnlánasjóðs skal halda sérstaka stjórnarfundi um málefni tryggingardeildar útflutningslána. Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna fulltrúa sem boðaðir skulu á þá stjórnarfundi sem haldnir eru um málefni deildarinnar og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Iðnlánasjóðs setur tryggingardeild útflutningslána nánari starfsreglur sem háðar skulu samþykki iðnaðarráðherra.

2. gr.

Núverandi 14. gr. laganna verður 17. gr. og breytist röð annarra greina skv. því.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um málefni Arnarflugs hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er heimilt að veita Arnarflugi hf. sjálfskuldarábyrgð fyrir láni sem tekið verður til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins. Lánið má nema allt að 2,5 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum. Jafnframt er heimilt að ríkissjóður taki þátt í greiðslu vaxta af láninu.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðar skv. 1. gr. eru þessi:

1. Fyrir liggja skilyrðislaus loforð um nýtt hlutafé í fyrirtækinu að fjárhæð a.m.k. 95 milljónir króna, verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í apríl 1986.
2. Réttindi skv. kaupleigusamningi, sem Arnarflug hf. hefur gert um flugvélina TF-VLT (Boeing 737-205 C), skulu vera til tryggingar áhættu ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðarinnar. Fjármálaráðherra ákveður nánar framkvæmd þessa ákvæðis og setur þá skilmála sem nauðsynlegir þykja til að draga úr áhættu ríkissjóðs.
3. Öll opinber gjöld við ríkissjóð, sem í vanskilum eru, verði greidd upp á næstu fjórum árum. Fjármálaráðherra er heimilt að semja um greiðsluhætti.
4. Enn fremur að uppfyllt verði önnur þau skilyrði sem nauðsynleg þykja að mati fjármálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins,
nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, *húsnæðismálastjórn*, skipa 10 menn, sjö kjörnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum, tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands.

2. gr.

9. gr. laganna breytist svo:

a. 2. og 3. tölul. 1. mgr. orðast svo:

2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum.

3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs, til lífeyrissjóða skv. samningum Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði, svo og með öðrum lántökum skv. nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni.

b. Við greinina bætist ný mgr., svohljóðandi:

Samningar Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði um skuldabréfakaup skv. 3. tölul. 1. mgr. skulu ekki vera til skemmri tíma en tveggja ára. Lánskjör af skuldabréfum skulu miðast við þau kjör sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Einstaklingar, sem sannanlega hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóða tvö undanfarandi ár áður en lánsúmsókn er lögð fram, eiga rétt á lánum skv. 13., 14., 18. og 25. gr. laga þessara, enda hafi lífeyrissjóður umsækjanda gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup, sbr. 13. gr. Kaupi lífeyrissjóður skuldabréf fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu eiga greiðendur iðgjalda til þess sjóðs hámarkslánsrétt en lágmarkslánsrétt ef sjóðurinn kaupir skuldabréf fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðru leyti ákvarðast lánsréttur hlutfallslega þar á milli miðað við skuldabréfakaup. Greiðendur iðgjalda til lífeyrissjóða, sem kaupa skuldabréf fyrir minna en sem nemur 20% af ráðstöfunarfé sínu, eiga ekki rétt til ofangreindra lána. Lánsréttur einstaklings, sem greitt hefur iðgjöld til tveggja eða fleiri sjóða næstu tvö árin áður en hann sækir um lán, ákvarðast með hliðsjón af þeim lánsréttindum, sem skuldabréfakaup hvers einstaks sjóðs veita, og greiðslutíma iðgjaldanna til hinna einstöku sjóða.

Lánsréttur þeirra, sem hafa verið tímabundið utan vinnumarkaðar vegna árstíðarbundinnar atvinnu eða veikinda, skal ekki skerðast af þeim sökum.

Hafi maður haft heimilisstörf að aðalstarfi og ekki haft meiri launuð störf á vinnumarkaði en nemur fjórðungi ársverks eða meiri árslaun en 75 000 kr. miðað við kauplag á árinu 1985 á hann hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. sé hann ekki í hjúskap eða sambúð en annars á hann sama lánsrétt og maki hans.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar, sem greitt hafa til lífeyrissjóðs samtals í a.m.k. tvö ár, eiga sama rétt og einstaklingar skv. 1. mgr. Hafi ellí- og örorkulífeyrisþegi lífeyri frá fleiri en einum lífeyrissjóði miðast lánsréttur hans við skuldabréfakaup þess sjóðs sem greiðir honum mestan lífeyri á þeim tíma sem sótt er um lánið. Þeir ellí- og örorkulífeyrisþegar sem fullnægja ekki skilyrðum þessarar mgr. eiga hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sama máli gegnir um þá sem hafa verið utan vinnumarkaðar vegna fötlunar og örorku þótt þeir séu ekki lífeyrisþegar.

Lánsréttur hjóna og sambýlisfólks miðast við meðaltal lánsréttar þeirra.

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan tveggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá bindandi svar um lánsfjárhæð og afgreiðslutíma lánsins. Áður en gengið er frá lánsamningi skal kostnaðar- og greiðsluáætlun liggja fyrir og skal Húsnæðisstofnun kynna umsækjanda þá greiðslubyrði sem væntanleg lántaka hans hefur í för með sér. Telji Húsnæðisstofnun að augljóst sé að umsækjandi geti með engu móti staðið undir fjármögnun viðkomandi íbúðar skal skýra umsækjanda frá því. Húsnæðismálastjórn er þá jafnframt heimilt að krefjast ríkari ábyrgðar á láninu en að öðrum kosti synja um lánveitingu.

Lán skulu afgreidd í sömu röð og umsóknir berast, og/eða íbúðir verða veðhafar, þó þannig að úthlutun til þeirra, sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, gangi fyrir úthlutun annarra lána skv. nánari reglum sem settar skulu í reglugerð. Heimilt er að skipta láninu í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum er húsnæðismálastjórn setur, enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

Hafi húsnæðismálastjórn gert samning við lánastofnun um afgreiðslu lána skv. 10. gr. skal lántakanda gefinn kostur á að lánssamningur, afgreiðsla og útborgun lánsins verði á vegum viðkomandi lánastofnunar sem þá annast mat kostnaðar- og greiðsluáætlana.

Lán til sama umsækjanda skv. 13., 14. og 25. gr. laga þessara skal ekki veita oftar en á fimm ára fresti að jafnaði.

4. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Lán skv. 1. tölul. 11. gr. eru veitt til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Þegar einstaklingur á í hlut ræðst lánsfjárhæð af samningi lífeyrissjóðs umsækjanda um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins skv. 12. gr., því hvort umsækjandi er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eða ekki og af stærð íbúðarinnar sem hér segir:

- a. Eigi umsækjandi, sem er að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. 12. gr. nemur lán til hvernar íbúðar kr. 2 100 000, en eigi hann lágmarkslánsrétt nemur lán til hvernar íbúðar kr. 700 000. Önnur lán eru hlutfallslega þar á milli eftir lánsrétti umsækjanda í samræmi við skuldabréfakaup lífeyrissjóðs hans skv. 1. mgr. 12. gr. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982 = 100), og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar vísitölnnar. Umsækjandi getur talist vera að byggja eða kaupa í fyrsta sinn þótt hann hafi áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins, enda hafi hann misst íbúð sína eða mestan hluta eignar sinnar í henni, svo sem vegna hjónaskilnaðar, greiðsluerfðleika eða gjaldþrots. Nánar skal kveða á um þessi atriði í reglugerð.
- b. Eigi umsækjendur íbúð fyrir nemur lán til hvernar íbúðar 70% af lánsfjárhæðum skv. a-lið þessarar greinar.
- c. Lán skv. a- og b-liðum þessarar greinar skulu skerðast um 2,0% fyrir hvern m² sem íbúðin er stærri en 170 m². Er þá miðað við innanmál útveggja hússins alls að frádragnum bílskúr.

Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liða þessarar greinar má lánsfjárhæð samkvæmt þessari grein aldrei vera hærri en nemur 70% af kostnaðaráætlun viðkomandi íbúðar, eða 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Ef húsnæði, sem íbúðarlán hefur verið veitt til, er tekið til annarra nota en íbúðar fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara. Sama gildir ef íbúð, sem lánað er til, er sameinuð annarri íbúð sem áður hefur hlotið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Lán skv. þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem byggja sérhannaðar söluíbúðir fyrir aldraða eða leiguíbúðir fyrir almennan markað. Þegar slíkir aðilar eiga í hlut skal lánsfjárhæð miðast við lágmarkslánsrétt.

Lán skv. þessari grein skulu veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera allt að 40 árum. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

5. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Lán skv. 2. tölul. 11. gr. eru veitt til kaupa á íbúðum sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki byggingaryfirvalda.

Lánsfjárhæðir miðast við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr., svo og því hvort umsækjandi er að kaupa íbúð í fyrsta sinn eða á íbúð fyrir. Umsækjandi sem er að kaupa íbúð í fyrsta sinn á rétt á láni sem nemur 70% af lánnum skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

Umsækjandi, sem átt hefur íbúð áður, skal á sama hátt eiga rétt á láni sem nemur 70% af láni skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má lán, sem veitt er skv. þessari grein, að viðbættum áhvílandi lánnum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af nýbyggingarláni miðað við lánsrétt umsækjanda. Enn fremur má lánið aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. og 2. veðrétti.

Lánstími skal vera allt að 40 árum. Um lánskjör og tryggingar gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr.

6. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákvarða hámarkshlutfall lána skv. þessari grein af byggingarkostnaði. Lánsfjárhæð skal miðast við verðlag þess ársfjórðungs þegar byggingin verður fókheld. Sé lán greitt út í tveimur eða fleiri hlutum skulu lánshlutarnir fylgja breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

7. gr.

18. gr. laganna breytist svo:

a. 2. mgr. orðast svo:

Lán til viðbyggingar eða endurbóta miðast við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr. og má nema allt að 70% af samþykktri kostnaðaráætlun en þó ekki hærri fjárhæð en lán skv. b-lið 1. mgr. 13. gr., sbr. og c-lið þeirrar greinar.

b. 5. mgr. orðast svo:

Lán til meiri háttar endurbóta má að jafnaði fyrst veita ef íbúð er eldri en 15 ára og ekki má veita slíkt lán til sömu íbúðar oftari en á 15 ára fresti.

8. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Lán skv. þessari grein mega koma til viðbótar lánnum skv. 2. tölul. 11. gr. en samtals mega þau þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

9. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Nú sækir sá sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. b-lið 20. gr. til þess að byggja eða kaupa íbúð handa fólki sem býr í heilsuspillandi húsnæði að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að 70% af hámarksláni skv. b-lið 13. gr. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 70% af byggingarkostnaði. Lán skv. þessari mgr. skal greiða í tvennu lagi ef um nýbyggingar er að ræða. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fokheld en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

10. gr.

22. gr. laganna breytist svo:

a. 3. mgr. orðast svo:

Lán þessi mega nema allt að 70% af viðgerðarkostnaði en þó aldrei hærri upphæð en 70% af hámarksláni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

b. 5. mgr. orðast svo:

Lánstími má vera allt að 26 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr.

11. gr.

24. gr. laganna breytist svo:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fjárhæð láns skv. 6. tölul. 11. gr. má nema allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði, enda séu framkvæmdir nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar. Þó má lán þetta aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af hámarksláni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

b. 3. mgr. orðast svo:

Lánstími má vera allt að 26 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr.

12. gr.

26. gr. laganna breytist svo:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fjárhæð láns má nema allt að 70% endurbótakostnaðar. Þó má lán þetta aldrei nema hærri fjárhæð en skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

b. 4. mgr. orðast svo:

Lánstími skal vera allt að 21 ári en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

13. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Lánskjör.

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins skv. 1.–8. tölul. 11. gr. laga þessara skulu vera að fullu verðtrygð og miðast höfuðstóll lánsins við lánsjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13. frá 10. apríl 1979.

Hvert lán skal að jafnaði tryggt með 1. eða 2. veðrétti í þeirri íbúð sem lánað er til, eins og nánar greinir í lögum þessum. Jafnframt má ákveða að veitt lán og áhvilandi megi ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af kaupverði, fasteignamati eða brunabótamati.

Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera breytilegir. Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðis-

málastjórnar og umsögn Seðlabankans. Lántökugjöld og aðrar þóknanir af lánnum sjóðsins skulu ákveðnar með reglugerð.

Lán skv. 1.–7. tölul. 11. gr. skulu vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið í skuldabréfi. Af lánnum skv. 8. tölul. 11. gr. skal að jafnaði greiða afborgun strax á fyrsta ári nema húsnæðismálastjórn ákveði annað.

Gjalddagar lána skv. 1.–7. tölul. 11. gr. skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

Gjalddaga lána skv. 8. tölul. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

14. gr.

2. mgr. 31. gr. laganna falli brott.

15. gr.

32. gr. laganna falli brott.

16. gr.

1. mgr. 39. gr. laganna falli brott.

17. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Stærð íbúða í verkamannabústöðum miðast við fjölskyldustærð umsækjanda.

Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Skal sérstaklega huga að stærð íbúða, hagkvæmni þeirra og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðarverð með sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið, með stöðlun og samkeppnisútbodum. Senda skal skriflega álitserð um framangreind atriði til hlutadeigandi sveitarstjórnar og stjórnar verkamannabústaða til umsagnar.

18. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Telji húsnæðismálastjórn að ekki sé gætt ákvæða 41. gr. eða að íbúðir séu óhóflegar að stærð og gerð synjar hún um lán til slíkra framkvæmda.

19. gr.

49. gr. laganna orðast svo:

Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði verkamanna til hvernar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður skv. lögum þessum. Lánið má nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði en þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt. Heimilt er húsnæðismálastjórn að hækka lánshlutfallið í allt að 90% ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsástæður. Einnig er heimilt að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun.

Aður en framkvæmdir hefjast við hvern áfanga í byggingu verkamannabústaða eða íbúðir eru keyptar skal Húsnæðisstofnun fara yfir teikningar og gera tillögur um lánveitingu.

Sveitarstjórn eða stjórn verkamannabústaða í hennar umboði ber fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar herra en sá kostnaðargrundvöllur sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að lánveitingu greiðir viðkomandi sveitarstjórn þann kostnað sem umfram er.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera að fullu verðtryggð og skal höfuðstóll lánsins miðast við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af lánnum Byggingarsjóðs verkamanna. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af lánnum Byggingarsjóðs verkamanna að fenginni umsögn Seðlabankans. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og aðra þóknun af lánnum sjóðsins.

Lánin eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið en endurgreiddast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Sé veitt sérstakt lán til þriggja ára til þeirra, sem eiga í erfiðleikum með útborgun, skulu lánin vera afborgunarlaus fyrstu þrjú árin.

Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Húsnæðisstofnun ríkisins er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Byggingarsjóður verkamanna veitir samsvarandi fyrirgreiðslu með sömu kjörum vegna endursöluíbúða sem sveitarstjórnir leysa til sín skv. ákvæðum þessara laga um kaupskyldu og forkaupsrétt.

Húsnæðismálastjórn getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir tiltekið hlutfall af dagvinnutekjum greiðanda.

20. gr.

7. mgr. 51. gr. laganna orðast svo:

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna að því marki að heildarlán sjóðsins nemi allt að 85% af endursöluverði íbúðarinnar.

21. gr.

Í stað 1.–3. mgr. 58. gr. laganna koma tvær nýjar mgr. svohljóðandi:

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða skv. b- og c-lið 33. gr. mega nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar herra en ofangreindur kostnaðargrundvöllur greiðir hlutaðeigandi byggingaraðili þann kostnað sem umfram er.

22. gr.

3. mgr. 64. gr. laganna orðast svo:

Slíkt lán má nema allt að 85% söluverðs íbúðar en þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt. Heimilt er að láta áhvílandi lán hvíla áfram á íbúðinni og veita viðbótarlán allt að fyrrnefndu hámarki.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1986.

Á tímabilinu september til desember 1986 skal lánsréttur einstaklinga ráðast af því hve háu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1986 lífeyrissjóðir þeirra verja til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Peir, sem lagt hafa inn fullgilda umsókn um lán úr Byggingarsjóði ríkisins fyrir gildistöku laga þessara en eiga eftir að fá lánið greitt að öllu leyti eða hluta þess, skulu eiga kost á því að farið verði með lánsumsóknir þeirra eftir lögum þessum á eftirfarandi hátt, enda hafi lífeyrissjóðir umsækjanda þá gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup skv. 9. gr. laga þessara:

Finna skal þann mismun sem er á ógreiddum lánshlutum miðað við lánsrétt skv. lögum þessum og á ógreiddum lánshlutum skv. eldri lögum að viðbættu samsvarandi hlutfalli af þeim lífeyrissjóðslánum sem umsækjandi hefur fengið síðan 1. september 1985. Umsækjandi á þess kost að fá hækkun sem ofangreindum mismun nemur á þeim lánshlutum sem til greiðslu koma frá 1. september 1986, enda sé lífeyrissjóður umsækjanda reiðubúinn til að auka sérstaklega skuldabréfakaup sín af Húsnæðisstofnun ríkisins sem mismuninum nemur.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Alexander Stefánsson.

23. apríl 1986

Nr. 55

L Ö G

**um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs
vegna fiskvinnslufólks.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysisbóta fastráðins fiskvinnslufólks skulu inntar af hendi til fiskvinnslufyrirtækja eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vinnuveitandi, sem hefur skuldbundið sig til þess að greiða fastráðnu fiskvinnslufólki föst laun fyrir dagvinnu í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð, þótt hráefnisskortur valdi vinnslustöðvun, skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem hér segir:

Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu allt árið með a.m.k. 10 fastráðnum starfsmönnum og þarf að stöðva framleiðslu tímabundið vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi til vinnslu, skal eiga rétt til greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag umfram tvo sem fyrirtækið heldur starfsmönnum á launaskrá.

Greiðsla samkvæmt þessari grein skal nema fjárhæð hámarksdagpeninga skv. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 64/1981 fyrir hvern starfsmann í fullu starfi, sem orðið hefur verkefnalaus vegna stöðvunarinnar, meðan stöðvunin varir, þó ekki lengur en fjórar vikur í senn og aldrei lengur en í sex vikur á hverju almanaksári. Vegna starfsmanna í föstu hlutastarfi skal greiðslan vera í samræmi við samningsbundið starfshlutfall hlutaðeigandi starfsmanna.

Greiðsla samkvæmt þessari grein takmarkast við tímabilin 1. janúar til 31. maí og 1. september til 31. desember ár hvert.

2. gr.

Fyrirtæki, sem hyggst njóta greiðslu skv. 1. gr., skal með a.m.k. fimm sólarhringa fyrirvara tilkynna fyrirhugaða vinnslustöðvun og orsakir hennar til vinnumiðlunar á staðnum þar sem það á við en ella til oddvita eða sveitarstjóra sem annast atvinnuleysis-skráningu, sbr. 6. gr. laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985. Þessir aðilar meta hvort skilyrði greiðslu eru fyrir hendi og tilkynna fyrirtæki niðurstöðu sína.

Sé greiðsla samþykkt skal atvinnurekandi afhenda vinnumiðlun eða sveitarstjórn skrá um allt fastráðið fiskvinnslufólk sem stöðvunin tekur til þar sem tilgreint sé starfshlutfall hvers starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi. Eintak skrárinnar með árituðu samþykki sínu sendir vinnumiðlun eða sveitarstjórn Atvinnuleysistryggingasjóði eða hlutaðeigandi umboðsmanni Tryggingastofnunar ríkisins, svo og úthlutunarnefnd eða nefndum atvinnuleysisbóta vegna þeirra stéttarfélaga sem málið varðar.

3. gr.

Þegar Atvinnuleysistryggingasjóður eða umboðsmaður hans hefur fengið í hendur launaskrá skv. 2. gr. og hafa ekkert við hana að athuga greiðist sú fjárhæð sem viðurkennd er til hlutaðeigandi fyrirtækis vikulega á meðan vinnslustöðvun stendur, sbr. þó 4. og 5. mgr. 1. gr.

Skyll er fyrirtæki sem nýtur greiðslna atvinnuleysisbóta skv. ákvæðum þessara laga að tilkynna vinnumiðlun þegar í stað ef breyting verður á fjölda fastráðinna starfsmanna sem misst hafa vinnu af völdum vinnslustöðvunar. Hafi fastráðinn starfsmaður hafið störf annars staðar meðan vinnslustöðvun varir og launagreiðslur fyrirtækisins falla niður fellur greiðsla niður frá sama tíma.

Vinnumiðlun skal hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhaldi fyrirtækis, svo og að fastráðningarsamningum, sem í gildi eru milli fyrirtækisins og starfsmanna þess, í því skyni að ganga úr skugga um réttmæti framlagðrar launaskrár. Sama rétt á Atvinnuleysistryggingasjóður eða umboðsmaður hans.

Ef ágreiningur rís um rétt til greiðslu sker stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs úr ágreiningnum.

4. gr.

Fyrirtækjum, sem nýta rétt sinn til greiðslu skv. 1. gr., er skyllt að hlutast til um að starfsfræðslunámskeið fyrir fiskvinnslufólk verði fyrst og fremst haldin á þeim tíma sem vinnslustöðvun varir. Verði því með engu móti við komið á fyrirtæki rétt á greiðslu fyrir þær vinnustundir hvers starfsmanns sem tapast vegna setu á námskeiðum sem haldin eru að opinberri tilhlutan, þó ekki meira en 40 stundir vegna hvers einstaklings. Þegar svo stendur á fer um tilkynningu og ákvörðun greiðslu eftir ákvæðum 2. gr. eftir því sem við á. Auk þess er þar greinir skal leggja fram staðfestingu þess aðila, er stendur fyrir námskeiði, um námskeiðshaldið, tíma og efni. Greiðslur þessar teljast hluti þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. gr.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, m.a. um greiðslur vegna námskeiða fyrir starfsfólk fyrirtækja með færri en 10 fastráðna starfsmenn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1986 og gilda til 31. maí 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prátt fyrir gildistökuákvæði laga þessara er heimil greiðsla fyrir tapaðar vinnustundir vegna setu starfsmanna á námskeiðum sem haldin eru fyrir 1. júní 1986, enda sé skilyrðum ákvæða 4. gr. að öðru leyti fullnægt. Greiðsla getur þó ekki átt sér stað fyrir en eftir gildistöku laganna og reglugerðar samkvæmt þeim.

Takmörkun greiðslu skv. 5. mgr. 1. gr. tekur ekki til greiðslu vegna starfsfræðslunám-skeiða sem haldin verða á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 1986.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum nr. 7 26. febrúar 1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í London 19. nóvember 1981.

Alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum eru prentaðar sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þegar alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu þær hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Í stað fylgiskjals með lögnum komi fylgiskjal með lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Fylgiskjal.**ALÞJÓÐAREGLUR**

**til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972
(ásamt breytingum 1981).**

KAFLI A — ALMENN ÁKVÆÐI**1. regla****Notkun.**

a) Reglur þessar gilda um öll skip á hafi úti og á öllum leiðum, sem eru tengdar því og færar eru skipum.

b) Í þessum reglum skal ekkert vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði sérreglum, sem hlutaðeigandi yfirvöld setja um skipalægi, hafnir, fljót, vötn eða vatnavegu innanlands, sem tengdir eru úthafi og færir eru skipum. Slíkar sérreglur skulu fylgja reglum þessum eins náð og auðið er.

c) Í þessum reglum skal ekkert vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hverjum þeim sérstöku reglum, er einstakar ríkisstjórnir setja um frekari notkun legu- eða merkjaljósa, dag- eða hljóðmerkja á herskipum og skipum, sem sigla í skipalest. Reglurnar brjóta heldur ekki í bága við frekari notkun legu- eða merkjaljósa eða dagmerkja á fiskiskipum, sem veiða í flota. Legu- eða merkjaljós, dag- eða hljóðmerki, sem eru ákveðin með sérreglum, skulu svo framast sem unnt er vera þannig gerð, að þau verði ekki tekin fyrir nokkur þeirra ljósa eða merkja, sem fyrirskipuð eru annars staðar í þessum reglum.

d) Til að framfylgja þessum reglum kann Alþjóðasiglingamálastofnunin að setja ákvæði um aðskildar siglingaleiðir.

e) Ef skip af sérstakri gerð eða skip, sem ætlað er sérstakt hlutverk, getur ekki, að álitu ríkisstjórnar, að öllu leyti fylgt ákvæðum einhverra þessara reglna um fjölda, staðsetningu, sjónarlengd eða lögun ljósa eða merkja, sem og um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjatækja, án þess að það brjóti í bága við hið sérstaka hlutverk skipsins, þá skal skipið fara eftir öðrum ákvæðum um fjölda, staðsetningu, sjónarlengd og lögun ljósa eða merkja, sem og um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjatækja, er að álitu hlutaðeigandi ríkisstjórnar fylgir ákvæðum þessara reglna eins náð og kostur er.

2. regla**Ábyrgð.**

a) Í þessum reglum getur ekkert leyst skip, eiganda þess, skipstjóra eða áhöfn undan ábyrgð,

ef reglunum er ekki fylgt eða vanrækt er að gæta þeirrar varúðar, sem almenn sjómennska krefst eða sérstakar aðstæður kunna að útheimta.

b) Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær, ber að taka fullt tillit til hvers konar hættu við siglingar, árekstrarhættu og allra sérstakra kringumstæðna, þar á meðal takmarkaðrar hæfni hlutaðeigandi skipa til að víkja, sem kann að valda því að ekki verður komist hjá að sniðganga þessar reglur til að forðast yfirvofandi hættu.

3. regla**Almennar skilgreiningar.**

Við túlkun þessara reglna gilda eftirfarandi skilgreiningar á orðum og hugtökum, nema annað komi fram af samhengi textans:

a) „Skip“ merkir sérhvert fljótandi far, þar á meðal farkosti án særymis og sjóflugvélar, sem eru notaðar eða nota má til flutninga á sjó eða vötnum.

b) „Vélskip“ merkir sérhvert skip, sem knúið er áfram með vélarafli.

c) „Seglskip“ merkir sérhvert skip undir seglum, svo fremi aflvél — sé skipið buið henni — er ekki notuð.

d) „Skip að fiskveiðum“ merkir sérhvert skip, sem veiðir með netum, línu, togvörpu eða öðrum veiðarfærum, sem draga úr stjórnhæfni skips, en á ekki við um skip, sem veiðir með toglinum eða öðrum þeim veiðarfærum, sem draga ekki úr stjórnhæfni.

e) „Sjóflugvél“ merkir hvert það loftfar, sem er þannig buið, að því má stjórna á sjó.

f) „Stjórnvana skip“ merkir skip, sem vegna óvenjulegra aðstæðna verður ekki stjórnað eða snúið eins og krafist er í þessum reglum og getur því ekki vikið fyrir öðru skipi.

g) „Skip með takmarkaða stjórnhæfni“ merkir skip, er hefur takmarkaða hæfni til stjórnataka eins og kveðið er á um í þessum reglum, vegna þeirra sérstöku starfa, sem skipið er bundið, og getur það því ekki vikið úr leið fyrir öðru skipi.

Meðal skipa með takmarkaða stjórnhæfni má telja:

1. skip við lögn, viðgerð eða upptöku siglingamerkis, neðansjárstrengs eða leiðslu;

2. skip við dýpkun, sjómælingar eða neðansjárvinnu;

3. skip við móttöku eða losun vista og farms skipa á milli eða við flutning manna, vista eða farms meðan skipið er laust;

4. skip við flugtak eða landingu flugvélar um borð;

5. skip, sem starfar að hreinsun tundurdufla-svæða;

6. skip, sem dregur eitthvað við þær aðstæður, að mjög erfitt er fyrir það að víkja frá stefnu sinni.

h) „Skip, sem er bagað vegna djúpristu“ merkir vélskip, sem á mjög erfitt með að víkja frá stefnu sinni vegna mikillar djúpristu miðað við það dýpi, sem er á siglingaleið þess.

i) „Laust“ er skip, sem liggur hvorki við akkeri né landfestar né stendur á grunn.

j) „Lengd“ og „breidd“ skips merkir mestu lengd og mestu breidd þess.

k) Skip eru því aðeins talin „í sjónmáli“, að þau sjáist með berum augum hvert frá öðru.

l) „Takmarkað skyggni“ merkir hverjar þær aðstæður, þegar dregur úr skyggni vegna þoku, dimmviðris, snjókomu, steypiskúra, sandstorma eða af öðrum svipuðum orsökum.

KAFLI B — REGLUR UM STJÓRN OG SIGLINGU

I. hluti — Sigling og stjórn skipa í hvers konar skyggni.

4. regla Notkun.

Reglur í þessum hluta eiga við í hvaða skyggni sem er.

5. regla Vörður.

Á hverju skipi skal ávallt halda dyggilega vörð, jafnt með auga og eyra sem öllum tiltækum tækjum, er eiga við aðstæður og ástand hverju sinni, svo að unnt sé að leggja fullkomið mat á aðstæður og hver hættu sé á árekstri.

6. regla Örugger ferð.

Hverju skipi skal ávallt sigla með öruggri ferð svo að beita megi réttum og fullnægjandi stjórntökum til að komast hjá árekstri og unnt sé að stöðva skipið á hæfilegri vegalengd, sem aðstæður og ástand marka hverju sinni.

Þegar ákveða skal, hvað sé örugg ferð, skal m. a. taka tillit til eftirtalinnna atriða:

- a) Öll skip skulu taka tillit til:
 1. skyggnis;
 2. fjölda skipa á siglingaleið, þar með þéttra flota fiskiskipa eða annarra skipa;

3. stjórnhæfni skipa, sérstaklega með tilliti til stöðvunarvegalengdar og hæfni til að snúa við aðstæður hverju sinni;

4. villuljósa að nóttu til frá ljósum í landi eða vegna endurspeglunar ljósa á eigin skipi;

5. vindhraða, sjólags og strauma og nálægðar á hættum fyrir siglingar skipa;

6. djúpristu skipsins miðað við dýpi siglingaleiðar.

b) Skip, sem nota ratsjá, skulu auk þess taka tillit til:

1. sérstakra eiginleika, myndgæða og takmarkana ratsjár;

2. allra annmarka, sem stafa af fjarlægðarstillingu, sem notuð er;

3. áhrifa sjólags, veðurs og annarra truflana-valda á ratsjármynd;

4. líkinda þess, að lítil skip, ís og reköld komi ekki fram á ratsjóni í nægilegri fjarlægð;

5. fjölda, legu og hreyfinga skipa, sem birtast á ratsjóni;

6. nákvæmara mats á skyggni, sem má fá, þegar ratsjá er notuð til að ákveða fjarlægð til skipa eða annarra hluta í nánd.

7. regla

Hætta á árekstri.

a) Á sérhverju skipi skal beita öllum þeim tækjum og ráðum, sem tiltæk eru og eiga við aðstæður og ástand hverju sinni, til að ganga úr skugga um, hvort hættu sé á árekstri. Ef nokkur vafi er, skal líta svo á, að árekstrarhætta sé fyrir hendi.

b) Ef skip er búið ganghæfri ratsjá, skal nota hana af árvekni. Í því felst m. a. stilling ratsjár á lengri vegalengdir, svo að fá megi viðvörðun um árekstrarhættu í tæka tíð, svo og útsetning ratsjármyndar eða íafngild kerfisbundin athugun á endurvörpum, sem birtast á ratsjóni.

c) Eigi skal draga ályktanir af ónógum upplýsingum, einkum þó ófullnægjandi upplýsingum frá ratsjá.

d) Þegar ákvarða skal, hvort hættu sé á árekstri, skal m. a. taka til athugunar og hliðsjónar:

1. ef kompásmiðun af skipi, sem nálgast, breytist ekki svo að greint verði, skal gera ráð fyrir, að slík hættu sé fyrir hendi;

2. jafnvel þó að miðun breytist greinilega getur stundum verið hættu á árekstri, einkum þegar komið er nær mjög stóru skipi eða einhverju, sem dregið er, eða nálgast er annað skip, sem er mjög skammt undan.

8. regla

Hvernig komast skal hjá árekstri.

a) Sérhver stjórnök, sem beitt er til að komast hjá árekstri, skulu, þegar aðstæður leyfa, framkvæmd hiklaust og í tæka tíð, og um leið skal taka fullt tillit til þess, sem góð sjómennska krefst.

b) Stefubreyting og/eda hraðabreyting til að komast hjá árekstri skal, ef aðstæður leyfa, vera svo mikil, að á skipi, þar sem fylgst er með siglingu með berum augum eða í ratsjá, verði breytingarinnar vart þegar í stað. Forðast skal tíðar og litlar breytingar á stefnu og/eda hraða.

c) Ef nægilegt svigrúm er, getur stefubreyting ein saman verið árangursríkast stjórnatak til að komast hjá því að nálgast annað skip um of, svo framarlega sem það er gert í tæka tíð, breytt er um stefnu svo um munar og stefubreyting leiðir ekki til þess, að siglt verði of nærri enn öðru skipi.

d) Þegar afstýra skal árekstri við annað skip, skal það gert þannig, að skipin fari hvort framhjá öðru í öruggri fjarlægð. Fylgst skal vandlega með, að stjórnatak til að víkja beri tilætlaðan árangur, uns komið er alveg framhjá skipinu og á frían sjó.

e) Draga skal úr ferð skips eða stöðva það, ef nauðsynlegt er til að forðast árekstur eða ef þörf er frekari tíma til mats á aðstæðum. Þetta skal gert með því að stöðva skrófu eða annað það, sem knýr skipið áfram, eða með því að láta vél eða skrófu ganga aftur á bak.

9. regla

Þröngar leiðir.

a) Skip, sem siglir um þröngt sund eða ál, skal halda eins nærri ytri mörkum sundsins eða leiðarinnar, sem veit að stjórnborða, og unnt er án áhættu.

b) Skip, sem er styttra en 20 metrar, eða seglskip má ekki hindra siglingu skips, er aðeins getur siglt af fullu öryggi með því að þræða þröngt sund eða ál.

c) Skip, sem er að fiskveiðum, má ekki trufla siglingu skips, er fer eftir þröngu sundi eða ál.

d) Skip má ekki sigla þvert yfir þröngt sund eða ál, ef það truflar með því siglingu skips, sem öryggis vegna verður að þræða sundið eða álinn. Á síðarnefnda skipinu má nota hljóðmerki, sem kveðið er á um í d-lið 34. reglu, ef vafi leikur á um fyrirætlaða siglingu þess skips, sem ætlar þvert yfir.

e) 1. Sé því aðeins unnt að sigla fram úr skipi í þröngu sundi eða ál, að skipið hliðri til og beiti sérstökum stjórnökum, svo að sigla megi framhjá því með fullu öryggi, þá skal á skipinu, sem

ætlar að sigla uppi og framhjá, láta þá fyrirætlun í ljós með víðeigandi hljóðmerki, eins og mælt er fyrir um í 1. grein c-liðar 34. reglu. Sé fallist á framúrsglingu, skal á skipinu, sem sigla á fram úr, gefa rétt hljóðmerki, eins og ákveðið er í 2. grein c-liðar 34. reglu, og gera viðhlítandi ráðstafanir til að sigla megi framhjá skipinu með fullu öryggi. Ef nokkur vafi er á því, getur sama skip gefið frá sér hljóðmerki, eins og kveðið er á um í d-lið 34. reglu.

2. Regla þessi leysir ekki þann, sem siglir fram úr, undan ákvæðum 13. reglu.

f) Skip, sem nálgast bugðu eða svæði í þröngu sundi eða ál, þar sem önnur skip geta verið í hvarfi, skal sigla með sérstakri árvekni og varúð og gefa víðeigandi hljóðmerki, eins og mælt er fyrir í e-lið 34. reglu.

g) Sérhvert skip skal, svo fremi aðstæður hverju sinni leyfa, forðast að varpa akkeri í þröngu sundi.

10. regla

Aðskildar siglingaleiðir.

a) Regla þessi gildir um aðskildar siglingaleiðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur sett ákvæði um.

b) Skip, sem siglir innan aðskilinna siglingaleiða skal:

1. sigla innan afmarkaðrar siglingaleiðar, sem við á, og í þá höfuðátt, sem umferð skipa er stefnt innan leiðarmarkna;

2. halda sig eftir því sem framast er unnt frá sjálfum leiðarmörkunum og svæðum, sem aðskilja umferðarleiðir;

3. sigla að jafnaði inn á afmarkaða siglingaleið eða út úr henni við enda leiðarinnar. Þegar siglt er frá annarri hvorri hlið inn á afmarkaða siglingaleið eða út úr henni, skal það gert undir eins litlu horni, miðað við höfuðstefnu leiðarinnar, og framkvæmanlegt er.

c) Eftir því sem framast er unnt, skal forðast að sigla skipi yfir afmarkaða siglingaleið, en ef nauðsyn ber til, þá skal fara yfir leiðina í stefnu, er myndar sem næst rétt horn við höfuðstefnu hinnar afmörkuðu siglingaleiðar.

d) Strandleiðir (inshore traffic zones) skulu að jafnaði ekki notaðar af skipum, sem sigla framhjá og hættulaust geta fylgt réttri afmarkaðri siglingaleið þeirrar aðskildu siglingaleiðar, sem næst liggur. Þó mega skip, sem styttri eru en 20 metrar, og seglskip alltaf nota strandleiðir.

e) Að jafnaði má ekki sigla skipi yfir svæði, sem skilar að umferðarleiðir, né heldur má sigla yfir markalínu, nema því aðeins, að skipið ætli að sigla þvert yfir leiðina, út úr henni eða inn á hana.

Undantekning er þó gerð:

1. Þegar um bráða hættu er að ræða, sem komast verður hjá;

2. við fiskveiðar á svæði, sem skilur að umferðarleidir.

f) Á siglingu við endamörk aðskilinna siglingaleiða skal gæta sérstakrar varúðar.

g) Eftir því sem framast er unnt skal komist hjá að varpa akkeri á aðskilinni siglingaleið eða í nánd við endamörk leiðarinnar.

h) Skip, sem siglir ekki eftir aðskilinni siglingaleið, skal halda sig eins fjarri leiðinni og unnt er.

i) Skip að fiskveiðum má ekki trufla ferðir skipa, sem sigla eftir afmarkaðri siglingaleið.

j) Skip, sem er styttra en 20 metrar, eða seglskip má ekki hindra örugga siglingu vélskipa á afmarkaðri siglingaleið.

k) Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna aðgerða, sem varða siglingaöryggi, á aðskildum siglingaleiðum, er undanþegið ákvæðum reglu þessarar að því marki, sem nauðsynlegt er, svo það megi ljúka aðgerðum sínum.

l) Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna starfa við lagningu, viðhald eða upptöku neðan-sjávarstrengja innan aðskilinna siglingaleiða er undanþegið ákvæðum reglu þessarar að því marki, sem nauðsynlegt er, svo það megi sinna störfum sínum.

II. hluti — Sigling skipa, sem eru í sjónmáli hvert frá öðru.

11. regla

Notkun.

Reglur í þessum hluta eiga við skip, sem eru í sjónmáli hvert frá öðru.

12. regla

Seglskip.

a) Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað, þannig að hætta er á árekstri, skal annað þeirra víkja fyrir hinu eftir þeim reglum, sem nú skal greina:

1. Þegar þau hafa vind á gagnstæð borð, skal skipið, sem hefur vindinn á bakborða, víkja fyrir hinu;

2. Þegar bæði hafa vind á sama borð, skal skipið, sem til kulborða siglir, víkja fyrir hinu, sem til hlés siglir;

3. Ef skip sést til kulborða frá seglskipi, sem hefur vind á bakborða, og ekki er hægt að ákvarða með fullri vissu, hvort skipið til kuls

hefur vindinn á bakborða eða stjórnborða, þá skal víkja fyrir því.

b) Með orðinu „kulborði“ í þessari reglu er átt við borðið, sem er gagnstætt því, sem stórseglið er haft í, eða — sé um rásigt skip að ræða — gagnstætt því borði sem stærsta stagegelið eða gaffalseglið er haft í.

13. regla

Sigt fram úr skipi.

a) Sérhvert skip, sem siglir fram úr öðru skipi, skal víkja fyrir því, án tillits til þess, sem annars segir í kafla B, I. og II. hluta, í reglum þessum.

b) Skip telst sigla fram úr öðru skipi, ef það nálgast það úr átt, sem er meira en 22,5 gráður aftan við þverskipstefnu þess, þ. e. a. s. í þeirri afstöðu, miðað við skipið, sem siglt er fram úr, að um nóttu mundi aðeins sjást skutljós þess, en hvorugt hliðarljósa.

c) Þegar ekki er unnt að ákvarða með vissu, hvort eigið skip teljist sigla fram úr öðru skipi, þá skal álíta, að svo sé, og haga siglingu samkvæmt því.

d) Ekki skal nein breyting, er síðar verður á innbyrðis afstöðu þessara tveggja skipa, valda því, að skipið, sem siglir fram úr, falli undir ákvæði í reglum þessum um skip, er leiðir þeirra liggja á mis, né leysa það undan þeirri skyldu að halda sig frá skipi því, sem siglt er fram úr, uns komið er alveg framhjá því á frían sjó.

14. regla

Skip sem sigla gagnstæðar stefnur.

a) Þegar tvö vélskip mætast á gagnstæðri eða næstum gagnstæðri stefnu, svo að hætt er við árekstri, skulu bæði víkja til stjórnborða, svo að þau komist hvort fram hjá öðru á bakborða.

b) Telja verður, að þetta eigi við, þegar skip sést beint framundan eða næstum beint framundan. Að nóttu mundi þá sigluljós skipsins bera saman eða því sem næst og/eða bæði hliðarljósín sjást, en að degi til væri afstaða skipsins tilsvareandi.

c) Þegar ekki er unnt að ákvarða með vissu, hvort skip séu í þeirri afstöðu, sem að framan greinir, skal álíta, að svo sé, og haga siglingu í samræmi við það.

15. regla

Þegar leiðir skerast.

Þegar tvö vélskip stefna þannig, að leiðir þeirra liggja á mis, og hætt er við árekstri, skal það skipið víkja, sem hefur hitt á stjórnborða, og skal, ef aðstæður leyfa, forðast að fara fyrir framan hitt skipið.

16. regla

Stjórn tök skips, sem vikur.

Skip, sem á að vikja fyrir öðru skipi, skal eftir því sem framast er unnt og í tæka tíð beita stjórn tökum, sem um munar og duga til að vikja og veita nóg rúm.

17. regla

Stjórn tök skips, sem halda skal stefnu og ferð óbreyttri.

a) 1. Þegar annað sveggja skipa á að vikja, skal hitt halda stefnu sinni og ferð óbreyttri.

2. Á skipi, sem halda skal stefnu og ferð óbreyttri, má samt sem áður grípa til eigin stjórntaka til að afstýra árekstri, jafnskjótt og ljóst er, að um borð í skipi því, sem átti að vikja, eru ekki gerðar viðhlítandi ráðstafanir til þess samkvæmt reglum þessum.

b) Þegar skip það, sem halda skal stefnu og ferð óbreyttri, er af einhverjum ástæðum komið svo nærri, að ekki verður komist hjá árekstri með því einu, sem skipið er átt að vikja gerir til þess, skal hið fyrrnefnda grípa til hverra þeirra úrræða, sem best geta afstýrt árekstri.

c) Ef vélskip fylgir 2. grein a-liðar þessarar reglu til að afstýra árekstri við annað vélskip, er leiðir þeirra liggja á mis, skal það, ef aðstæður leyfa, ekki breyta stefnu til bakborða, þegar vikið er fyrir skipi, sem það hefur á bakborðshlið.

d) Regla þessi leysir ekki skipið, sem á að vikja úr leið, undan þeirri skyldu sinni.

18. regla

Gagnkvæmar skyldur skipa.

Komi ekki annað fram í 9., 10. og 13. reglu gilda eftirfarandi ákvæði:

a) Vélskip, sem er laust, skal vikja fyrir:

1. stjórnvana skipi;
2. skipi með takmarkaða stjórnhæfni;
3. skipi að fiskveiðum;
4. seglskipi.

b) Seglskip, sem er laust, skal vikja fyrir:

1. stjórnvana skipi;
2. skipi með takmarkaða stjórnhæfni;
3. skipi að fiskveiðum.

c) Skip að fiskveiðum, sem er laust, skal eftir því sem framast er unnt vikja fyrir:

1. stjórnvana skipi;
2. skipi með takmarkaða stjórnhæfni.

d) 1. Sérhvert skip, annað en stjórnvana skip eða skip með takmarkaða stjórnhæfni, skal, eftir því sem aðstæður leyfa, forðast að tálma örugga leið skips, sem er bagað vegna djúpristu og sýnir ljós- eða dagmerki, sem um getur í 28. reglu.

2. Skip, sem er bagað vegna djúpristu, skal sigla með sérstakri varúð, og taka skal fullt tillit til hinna sérstöku aðstæðna skipsins.

e) Sjóflugvél á sjó skal að jafnaði halda sig fjarri öllum skipum og forðast að hindra siglingu þeirra. Við þær aðstæður, að hætta er á árekstri, skal sjóflugvél þó fara að reglum þessa kafla.

III. hluti — Stjórn og sigling skipa í takmörkuðu skyggni.

19. regla

Stjórn og sigling skipa í takmörkuðu skyggni.

a) Regla þessi á við um skip, sem eru ekki í sjónmáli hvert frá öðru, þegar siglt er á eða nærri svæði, þar sem skyggni er takmarkað.

b) Sérhvert skip skal sigla með öruggri ferð, sem miðast við aðstæður og ástand hverju sinni vegna takmarkaðs skygnis. Vélskip skal hafa vélar sínar viðbúnar tafarlausri gangskiptingu.

c) Þegar fara skal eftir reglum I. hluta þessa kafla, skal á hverju skipi taka fullt tillit til aðstæðna og ástands hverju sinni vegna takmarkaðs skygnis.

d) Þegar aðeins verður vart nærveru annars skips í ratsjá, skal ganga úr skugga um, hvort skipin muni nálgast hvort annað um of og/eða hvort hætta sé á árekstri. Ef svo er, skal í tæka tíð gera ráðstafanir til að auka fjarlægð milli skipanna og afstýra árekstri. Ef breytt er um stefnu við þau stjórn tök, skal eftir því sem framast er unnt forðast:

1. að breyta stefnu til bakborða fyrir skipi, sem er framan við þverskipsstefnu, nema breytt sé stefnu fyrir skipi, sem siglt er fram úr;

2. að breyta stefnu í átt að skipi, sem er þvert eða aftan við þverskipsstefnu.

e) Þegar þokumerki heyrir frá skipi, sem virðist vera framan við þvert, eða óumflýjanlegt er að nálgast um of annað skip, sem er framan við þvert, skal draga úr ferð og sett á minnstu stjórnferð. Þetta á við, nema því aðeins að ekki sé talin hætta á árekstri. Ef nauðsyn krefur, skal stöðva skipið alveg og í öllum tilvikum skal sigla með ítrustu varkárni, þar til hætta á árekstri er liðin hjá.

KAFLI C — LJÓS OG DAGMERKI

20. regla

Notkun.

a) Fylgja skal reglum þessa kafla, hvernig sem viðrar.

b) Reglunum um ljós skal fylgja frá sólsetri til sólaruppkomu, og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa, sem unnt er að rugla saman við hin lögbodnu ljós og gera erfiðara að greina þau eða draga úr sérstökum einkennum þeirra eða torvelda góða útsýn frá skipinu.

c) Á skipum, sem eru búin þeim ljósum, sem fyrirskipuð eru í þessum reglum, skal einnig hafa ljósin frá sólaruppkomu til sólseturs í takmörkuðu skyggni, og þau má alltaf sýna, þegar það er álitid nauðsynlegt.

d) Reglum um dagmerki skal fylgja að deginum.

e) Ljós og dagmerki þau, sem mælt er fyrir að nota og lýst er í reglunum, skulu vera í samræmi við þau fyrirmæli, sem eru gefin í I. viðauka við þessar reglur.

21. regla

Skilgreiningar.

a) „Sigluljós“ er hvítt ljós, sem er yfir miðlangskurðarfleti skips og varpar samfelldri birtu á 225 gráðu boga af sjóndeildarhringnum. Sigluljósi skal þannig komið fyrir, að það lýsi beint fram og til hliðar 22,5 gráður aftur fyrir þverskipstefnu á hvorri hlið skipsins.

b) „Hliðarljós“ er grænt ljós á stjórnborðshlið og rautt ljós á bakborðshlið og varpi ljósin hvort um sig samfelldri birtu á 112,5 gráðu boga af sjóndeildarhringnum. Þeim sé þannig komið fyrir, að ljósið lýsi beint fram og til hliðar 22,5 gráður aftur fyrir þverskipstefnu á hvorri hlið, eftir því sem við á. Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, má hafa hliðarljósin í einu samsettu ljóskeri, sem er í mið-langskurðarfleti skipsins.

c) „Skutljós“ er hvítt ljós, sem er komið fyrir eins nærri skut skipsins og unnt er og varpar samfelldri birtu yfir 135 gráðu boga af sjóndeildarhringnum; þannig að ljósið lýsi beint aftur og 67,5 gráður á hvora hlið skipsins.

d) „Dráttarljós“ er gult ljós, sem lýsir eins og skutljósið, sem skilgreint er í c-lið þessarar reglu og er komið fyrir á sama hátt.

e) „Hringljós“ er ljós, sem varpar samfelldri birtu á 360 gráðu boga sjóndeildarhringsins.

f) „Blossaljós“ er ljós, sem blossom með reglulegu millibili og með tíðni, sem er 120 blossom eða fleiri á hverri mínútu.

22. regla

Langdrægni ljósa.

Ljós, sem kveðið er á um að hafa uppi í reglum þessum, skulu hafa þann ljósstyrk, sem tilgreindur er í 8. hluta I. viðauka við reglurnar. Ljósin skulu að minnsta kosti vera sýnileg þá vegalengd er hér greinir:

a) Á skipum, sem eru 50 metrar á lengd eða lengri:

- sigluljós sjáist 6 sjómílnur;
- hliðarljós sjáist 3 sjómílnur;
- skutljós sjáist 3 sjómílnur;
- dráttarljós sjáist 3 sjómílnur;
- hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós sjáist 3 sjómílnur.

b) Á skipum, sem eru 12 metrar á lengd eða lengri, en styttri en 50 metrar:

- sigluljós sjáist 5 sjómílnur, nema á skipum, sem eru styttri en 20 metrar, lýsi ljósið 3 sjómílnur;
- hliðarljós sjáist 2 sjómílnur;
- skutljós sjáist 2 sjómílnur;
- dráttarljós sjáist 2 sjómílnur;
- hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós sjáist 2 sjómílnur.

c) Á skipum, sem eru styttri en 12 metrar:

- sigluljós sjáist 2 sjómílnur;
- hliðarljós sjáist 1 sjómílnu;
- skutljós sjáist 2 sjómílnur;
- dráttarljós sjáist 2 sjómílnur;
- hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós sjáist 2 sjómílnur.

d) Á lítt áberandi skipum að nokkru í kafi eða hlutum í drætti:

- hvítt hringljós sjáist 3 sjómílnur.

23. regla

Vélskip, sem er laust.

a) Vélskip, sem er laust, skal hafa uppi:

1. sigluljós frammá;
2. annað sigluljós aftar og ofar en sigluljósið frammá. Skip, styttri en 50 metrar, eru ekki skyld að hafa þetta ljós, en mega hafa það;
3. hliðarljós;
4. skutljós.

b) Svifskip, sem fer á loftpúða yfir sjóinn og án nokkurs særymis, skal auk þeirra siglingaljósa, sem kveðið er á um að hafa í a-lið þessarar reglu, hafa uppi gult hring-blossaljós.

c) 1. Vélskip, styttra en 12 metrar, má í stað ljósa þeirra, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, hafa uppi hvítt hringljós auk hliðarljósa;

2. Vélskip, sem er styttra en 7 metrar og fer með 7 sjómílna hámarkshraða á klukkustund, má

hafa uppi hvítt hringljós í stað þeirra ljósa, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, og skal einnig hafa uppi hliðarljós, ef framkvæmanlegt er;

3. Sigluljósinu eða hringljósinu á vélskipi, sem er styttra en 12 metrar, má koma fyrir utan miðlangskurðarflatar skipsins, sé annað óframkvæmanlegt, þó að því tilskildu að skipið sé búið samsettu hliðarljósakeri, sem haft skal í miðlangskurðarfletinum eða eins nærri og mögulegt er í sama langskurðarfleti og sigluljósið eða hringljósið.

24. regla

Skip, sem draga eða ýta.

a) Vélskip, sem dregur eitthvað, skal hafa uppi:

1. tvö sigluljós og sé annað lóðrétt upp af hinu, og koma þau í stað ljósanna, sem kveðið er á um í 1. eða 2. grein a-liðar í 23. reglu; þrjú sigluljós, lóðrétt hvert upp af öðru, þegar lengd þess, sem dregið er, mæld frá skut skipsins, sem dregur, til afturenda þess, sem dregið er, verður yfir 200 metra;

2. hliðarljós;

3. skutljós;

4. dráttarljós, lóðrétt ofan við skutljósið;

5. tígullaga dagmerki, þar sem best verður séð, þegar lengd þess, sem dregið er, er yfir 200 metra.

b) Þegar skip, sem ýtir, og annað, sem ýtt er áfram, eru fast tengd í eina samsetta heild, þá skal líta á þau sem eitt vélskip, og hafa skal uppi ljós sem mælt er fyrir um í 23. reglu.

c) Þegar vélskip ýtir einhverju áfram eða dregur sér við hlið í öðrum tilvikum en þeim, að um samsetta heild sé að ræða, þá skal skipið hafa uppi þessi ljós:

1. tvö sigluljós og sé annað lóðrétt upp af hinu, og koma þau í stað ljósanna, sem kveðið er á um í 1. eða 2. grein a-liðar í 23. reglu;

2. hliðarljós;

3. skutljós.

d) Þegar a- eða c-liður þessarar reglu á við vélskip, þá skal það enn fremur hlífa 2. grein a-liðar í 23. reglu.

e) Á skipi eða öðru því, sem dregið er og ekki fellur undir g-lið þessarar reglu, skal hafa uppi:

1. hliðarljós;

2. skutljós;

3. tígullaga dagmerki, þar sem best verður séð, þegar lengd þess, sem dregið er, verður yfir 200 metra.

f) Ef fleiri skip eru dregin eða þeim ýtt í hóp, skulu þau sýna ljós eins og um eitt skip væri að ræða:

1. skip, sem ýtt er áfram og ekki er hluti samsettrar heildar, skal hafa hliðarljós frammá skipinu;

2. skip, sem dregið er við hlið dráttarskips, skal hafa uppi skutljós og frammá skipinu hliðarljós.

g) Lítt áberandi skip að hluta í kafi eða hlutur í drætti, eða samfelld heild slíkra skipa eða hluta, skal hafa uppi:

1. ef breiddin er undir 25 metrum, hvítt hringljós á eða við framendann og annað á eða við afturendann; undanteknar eru farmslóngur (dracones), sem ekki þurfa að hafa ljós á eða við framendann;

2. ef breiddin er 25 metrar eða meiri, tvö hvít hringljós að auki, sem komið skal fyrir á eða við þá staði, sem breiddin er mest;

3. ef lengdin fer yfir 100 metra, hvít hringljós til viðbótar, sem staðsett skulu milli ljósanna, sem fyrirskipuð eru í 1. og 2. grein þessa liðar, á þann veg, að fjarlægðin milli ljósanna fari ekki fram úr 100 metrum;

4. tígullaga dagmerki á eða við afturenda aftasta skipsins eða hlutarins, sem dreginn er, og, fari lengd þess, sem dregið er, fram úr 200 metrum, skal haft uppi annað tígullaga dagmerki, þar sem best verður séð og svo nærri framenda, sem unnt er.

h) Sé af gildri ástæðu óframkvæmanlegt á skipi eða öðru því, sem dregið er, að hafa uppi ljós þau eða merki, sem kveðið er á um í e- eða g-lið þessarar reglu, þá skal gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að lýsa upp skipið eða það, sem dregið er. Annars skal að minnsta kosti gera viðvart um að verið sé með slíkt skip eða annað í drætti.

i) Sé af gildri ástæðu óframkvæmanlegt á skipi, sem að jafnaði er ekki notað sem dráttarskip, að hafa uppi ljós þau, sem kveðið er á um í a- eða c-lið þessarar reglu, skal því ekki skylt að sýna þau ljós, þegar það dregur annað skip, sem er í nauðum statt, eða á annan hátt þarf aðstoðar við. Allar tiltækur ráðstafanir skulu gerðar til að láta í ljós tengslin milli skips þess, er dregur, og þess, sem dregið er, eins og 36. regla heimilar, svo sem að varpa ljósi á dráttartaugina.

25. regla

Seglskip, sem er laust, og skip undir árum.

a) Seglskip, sem er laust, skal hafa uppi:

1. hliðarljós;

2. skutljós.

b) Á seglskipi, sem er styttra en 20 metrar, má hafa ljós þau, sem kveðið er á um í a-lið þessarar

reglu, í einu samsettu ljóskeri, á eða nærri siglutoppi, þar sem það sést best.

c) Á seglskipi, sem er laust, má auk þeirra ljósa, sem kveðið er á um í a-lið, hafa uppi, á eða nærri siglutoppi, þar sem þau sjást best, tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu. Efra ljósið skal vera rautt og neðra ljósið grænt. Hringljósin má þó ekki hafa uppi með samsetta ljóskerinu, sem heimilað er í b-lið.

d) 1. Á seglskipi, sem er styttra en 7 metrar, skal hafa uppi ljósin, sem kveðið er á um í a- eða b-lið, ef slíkt er framkvæmanlegt. Ef seglskipið hefur ekki uppi þessi ljós, skal raflugt eða tendrað ljósker, sem sýnir hvítt ljós, vera tiltækt, og skal því brugðið upp í tæka tíð til að hindra árekstur.

2. Á skipi undir árum má hafa uppi þau ljós, sem seglskip á að hafa samkvæmt þessari reglu, en ef þau ljós eru ekki sýnd, skal raflugt eða tendrað ljósker, sem sýnir hvítt ljós, vera tiltækt, og skal því brugðið upp í tæka tíð til að hindra árekstur.

e) Á skipi undir seglum, sem jafnframt er knúið vélarafli, skal frammá skipinu, þar sem best verður séð, hafa uppi keilu og vísi oddur keilunnar niður.

26. regla

Fiskiskip.

a) Skip að fiskveiðum, hvort sem það er laust eða liggur við akkeri, skal aðeins hafa uppi þau ljós og merki, sem kveðið er á um í þessari reglu.

b) Skip að togveiðum, þ. e. skip, sem dregur vörpu eða annað veiðarfæri í sjó, skal hafa uppi:

1. tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu; efra ljósið skal vera grænt og neðra ljósið hvítt; eða dagmerki, sem er tvær keilur, önnur lóðrétt upp af hinnu, og snúi topparnir saman; á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi kórflu;

2. sigluljós, aftar og ofar en græna hringljósið; á skipi, styttra en 50 metrar, er ekki skylt að hafa uppi þetta ljós, en það má hafa;

3. hliðarljós og skutljós, þegar það er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir þessum lið.

c) Skip að fiskveiðum, annað en skip að togveiðum, skal hafa uppi:

1. tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu; efra ljósið skal vera rautt og neðra ljósið hvítt; eða dagmerki, sem er tvær keilur, önnur lóðrétt upp af hinnu, og snúi topparnir saman; á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi kórflu;

2. hvítt hringljós eða keilu, þegar veiðarfæri í sjó nær lengra en 150 metra í lárétta stefnu frá skipinu, og snúi toppur keilunnar upp og í þá átt, sem veiðarfærið liggur;

3. hliðarljós og skutljós, þegar það er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir þessum lið.

d) Á skipi að fiskveiðum, rétt í námunda við önnur skip, má auk þess hafa uppi þau viðbótarmerki, sem lýst er í II. viðauka við þessar reglur.

e) Þegar skip er ekki að fiskveiðum, má ekki hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem kveðið er á um að sýna í þessari reglu, heldur aðeins þau ljós og dagmerki, sem jafnlöng skip eiga að sýna.

27. regla

Stjórnvana skip og skip með takmarkaða stjórnhæfni.

a) Stjórnvana skip skal hafa uppi:

1. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, og þar sem þau sjást best;

2. tvær kúlur eða áþekk dagmerki, annað lóðrétt upp af hinu, og þar sem þau sjást best;

3. hliðarljós og skutljós, þegar skipið er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir þessum lið.

b) Skip með takmarkaða stjórnhæfni, nema skip, sem starfar að hreinsun tundurduflasvæða, skal hafa uppi:

1. þrjú hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru, og þar sem þau sjást best. Efsta og neðsta ljósið skal vera rautt, en miðljósið hvítt;

2. sem dagmerki þrjú tákn, lóðrétt hvert upp af öðru, og þar sem best verður séð. Efsta og neðsta merkið á að vera kúla, en miðmerkið tígullaga;

3. sigluljós, hliðarljós og skutljós, þegar það er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir 1. grein þessa liðar;

4. ljós eða dagmerki þau, sem mælt er fyrir um í 30. reglu, þegar legið er við akkeri, auk ljósa og dagmerkja, sem kveðið er á um að sýna í 1. og 2. grein þessa liðar.

c) Vélskip, sem dregur, þannig að geta þess eða þess, sem dregið er, til að vikja frá stefnu er verulega takmörkuð, skal hafa uppi, auk ljósanna og dagmerkjanna, sem kveðið er á um í a-lið 24. reglu, ljósin eða dagmerkin, sem fyrirskipuð eru í 1. og 2. grein b-liðar þessarar reglu.

d) Dýpkunarskip eða skip við neðansjávárvinnu, sem hefur takmarkaða stjórnhæfni, skal hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. grein b-liðar þessarar reglu; er

skipið mætir hindrun, skal það ennfremur hafa uppi:

1. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, eða tvær kúlur, önnur lóðrétt upp af hinni, sem sýna á hvora hlið hindrunin er;

2. tvö græn hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, eða tvö tígullaga merki, annað lóðrétt upp af hinu, sem sýna á hvora hlið önnur skip geta siglt framhjá;

3. þegar legið er við akkeri, ljós þau eða dagmerki, sem kveðið er á um í þessum lið, í stað ljósanna eða dagmerkjanna, sem fyrirskipuð eru í 30. reglu.

e) Þegar stærð skips að köfunarstörfum veldur því, að óframkvæmanlegt er að hafa uppi öll þau ljós og dagmerki, sem kveðið er á um í d-lið þessarar reglu, þá skal það sýna:

1. þrjú hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru, þar sem þau sjást best. Efsta og neðsta ljósið skal vera rautt, en miðljósið hvítt;

2. stíft spjald með nákvæmri mynd af alþjóða-fánanum „A“. Spjaldið skal ekki vera lægra en einn metri á hæð og þess skal gætt, að það sjáist úr öllum áttum.

f) Skip, sem starfar að hreinsun tundurdufla-svæða, skal auk ljósanna, sem kveðið er á um í 23. reglu að vélskip skuli sýna, eða ljósanna eða dagmerkis, sem fyrirskipuð eru skipum, sem liggja við akkeri, í 30. reglu, eftir því sem við á, hafa uppi þrjú græn hringljós eða þrjár kúlur. Eitt þessara ljósa eða dagmerkja skal vera á eða nálægt húni framsiglu og eitt á hvorum enda framrár. Ljósin eða kúlurnar merkja, að hættulegt sé fyrir önnur skip að fara nær hinu skipinu en 1000 metra.

g) Á skipum, sem eru styttri en 12 metrar, öðrum en þeim, sem eru að köfunarstörfum, er ekki skylt að hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem fyrirskipuð eru í þessari reglu.

h) Ljós og dagmerki, sem á að hafa uppi eftir þessari reglu, eru ekki merki skipa, er þarfnast aðstoðar og eru í sjávarháská. Neyðarmerkjum er lýst í IV. viðauka við þessar reglur.

28. regla

Skip böguð vegna djúpristu.

Skip, sem er bagað vegna djúpristu, má auk ljósa þeirra, sem mælt er fyrir um í 23. reglu, að vélskip skuli sýna, hafa uppi, þar sem best verður séð, þrjú rauð hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru, eða sivalning.

29. regla

Hafnsöguskip.

a) Skip, sem gegnir hafnsöguerindum, skal hafa uppi:

1. tvö hringljós á eða nærri siglutoppi, annað lóðrétt upp af hinu; efra ljósið skal vera hvítt, neðra ljósið rautt;

2. auk þess hliðarljós og skutljós, þegar það er laust;

3. þegar legið er við akkeri, auk ljósanna, sem lýst er í 1. grein, þau ljós eða dagmerki, sem fyrirskipuð eru í 30. reglu um skip, sem liggja við akkeri.

b) Á hafnsöguskipi, sem gegnir ekki leiðsöguerindum, skal hafa uppi sömu ljós eða dagmerki og sams konar skip jafnlöng eiga að hafa uppi.

30. regla

Skip, sem liggja við akkeri eða standa á grunn.

a) Skip, sem liggur við akkeri, skal hafa uppi, þar sem best verður séð:

1. hvítt hringljós eða kúlu framan til á skipinu;

2. annað hvítt hringljós á eða nærri skut og lægra en ljósið, sem kveðið er á um í 1. grein.

b) Skip, sem er styttra en 50 metrar, má í stað ljósanna, sem mælt er fyrir um í a-lið, hafa uppi hvítt hringljós, þar sem best verður séð.

c) Þegar skip, sem er 100 metrar á lengd eða lengra, liggur við akkeri, þá skal jafnframt lýsa upp þilför þess með vinnuljósum þeim, sem um borð eru, eða öðrum jafngildum ljósgjöfum. Önnur skip, sem liggja við akkeri, má lýsa upp á sama hátt.

d) Skip, sem stendur á grunn, skal hafa uppi þau ljós, sem mælt er fyrir um að sýna í a- og b-lið þessarar reglu, og auk þess, þar sem best verður séð:

1. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu;

2. þrjár kúlur, hver lóðrétt upp af annarri.

e) Á skipi, styttra en 7 metrar, er ekki skylt að hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem kveðið er á um í a- og b-lið þessarar reglu, þegar legið er við akkeri annars staðar en í eða nálægt þröngu sundi eða ál eða á akkerislegu eða þar sem er almenn umferð skipa.

f) Á skipi, styttra en 12 metrar, þegar það stendur á grunn, er ekki skylt að hafa uppi ljós þau eða dagmerki, sem fyrirskipuð eru í 1. og 2. grein d-liðar þessarar reglu.

31. regla Sjóflugvélar.

Þegar óframkvæmanlegt reynist að hafa uppi ljós og dagmerki á sjóflugvél, með þeim einkennum, lögum og staðsetningu, sem krafist er í reglum þessa kafla, þá skal flugvélina hafa uppi ljós og dagmerki, sem fara eins nærri hinum réttu einkennum og staðsetningu og framast er unnt.

KAFLI D — HLJÓÐ- OG LJÓSMEKRI

32. regla Skilgreiningar.

a) „Flauta“ er sérhvert hljóðgefandi tæki, sem getur gefið frá sér þau hljóð, sem á að gefa, og fullnægir þeim sérstöku kröfum, sem eru settar fram í III. viðauka við þessar reglur.

b) „Stutt hljóð“ merkir hljóð, sem varir í um það bil eina sekúndu.

c) „Langt hljóð“ merkir hljóð, sem varir í fjórar til sex sekúndur.

33. regla Tæki til hljóðmerkjagjafa.

a) Skip, sem er 12 metrar á lengd eða lengra, skal búið flautu og skipsklukku. Skip, sem er 100 metrar á lengd eða lengra, skal auk þess vera búið málmtrumbu og verði hljómur hennar og hljóð ekki tekið fyrir klukknaðringingu. Skipsflautan, klukkan og málmtrumban eiga að fullnægja þeim sérstöku kröfum, sem eru settar fram í III. viðauka við þessar reglur. Í stað klukkunnar eða málmtrumbunnar má nota annað tæki, sem gefur sömu hljóðeinkenni og þau hvort um sig. Þess skal þó gætt, að ávallt sé unnt að gefa hin fyrirskipuðu hljóðmerki með handafli.

b) Ekki er skylt að búa skip, sem er styttra en 12 metrar, hljóðgjöfum þeim, sem kveðið er á um í a-lið. En ef skipið er ekki búið þessum tækjum, skal það hafa einhvern annan útbúnað, sem gefur frá sér fullnægjandi hljóð.

34. regla Stjórn tök og viðvörðunarkerki.

a) Þegar skip eru í sjónmáli hvert frá öðru, skal á vélskipi, sem er laust, og ef beitt er stjórn tökum, sem heimiluð eru eða krafist er í reglum þessum, láta það í ljós með eftirfarandi hljóðmerkjum frá flautunni:

— eitt stutt hljóð merkir: „Ég sný til stjórnborða“,

— tvö stutt hljóð merkja: „Ég sný til bakborða“,

— þrjú stutt hljóð merkja: „Ég læt vélina knýja aftur á bak“.

b) Á hverju skipi má auk hljóðmerkja, sem lýst er í a-lið þessarar reglu, gefa ljósmerki, sem eftir atvikum eru endurtekin á meðan stefnu skipsins eða ferð er breytt:

1. Ljósmerki þessi skulu hafa svohljóðandi merkingu:

— einn blossi merkir: „Ég sný til stjórnborða“,

— tveir blossar merkja: „Ég sný til bakborða“,

— þrír blossar merkja: „Ég læt vélina knýja aftur á bak“.

2. Lengd hvers blossa skal vera um það bil ein sekúnda; bilið milli blossanna skal einnig vera um það bil ein sekúnda og bil milli ljósmerkja, sem eru send hvert á eftir öðru, skal ekki vera styttra en 10 sekúndur.

3. Ef skipið er búið sérstöku ljóskeri til þessara merkjagjafa, skal það vera hvítt hringljós, sem sést að minnsta kosti í 5 sjómílna fjarlægð, og skal það fullnægja þeim fyrirmælum, sem eru sett í I. viðauka við þessar reglur.

c) Þegar skip eru í sjónmáli hvort frá öðru í þröngu sundi eða ál, gilda þessar reglur:

1. Á skipi, sem ætlar að sigla fram úr öðru skipi, skal í samræmi við 1. grein e-liðar í 9. reglu láta vita um fyrirhugaða framúrsiglingu með hljóðmerkjum frá flautunni:

— tvö löng hljóð með eftirfarandi stuttu hljóði merkja: „Ég ætla að sigla fram úr yður á stjórnborða“,

— tvö löng hljóð með eftirfarandi tveimur stuttum hljóðum merkja: „Ég ætla að sigla fram úr yður á bakborða“.

2. Á skipi því, sem sigla á fram úr, skal í samræmi við 1. grein e-liðar í 9. reglu láta í ljós að fallist sé á framúrsiglingu með þessum hljóðmerkjum frá flautunni:

— eitt langt hljóð, eitt stutt, eitt langt og eitt stutt hljóð; og skal gefa hljóðmerkin í þessari röð.

d) Þegar skip eru í sjónmáli hvort frá öðru og nálgast hvort annað, en fyrirætlanir og sigling annars skipsins er af einhverjum ástæðum óskiljanleg stjórnendum hins, eða efast er um, að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar á hinu skipinu til að komast hjá árekstri, þá skal þegar í stað láta slíkar efasemdir í ljós með því að blása hratt að minnsta kosti 5 stutt hljóð í flautuna. Auk hljóðmerkisins má sýna ljósmerki, sem eru a. m. k. 5 stuttir blossar, er lýsa hratt hver á eftir öðrum.

e) Á skipi, sem nálgast bugðu eða svæði í sundi eða ál, þar sem önnur skip geta verið í hvarfi, skal gefa eitt langt hljóð. Á skipi, sem nálgast bugðuna eða hvarfið hinum megin frá,

þar sem hljóðmerkið kann að heyrast, skal því svarað með öðru löngu hljóði.

f) Ef skip eru búin flautum með meira en 100 metra innbyrðis fjarlægð, þá skal aðeins nota eina flautu til að gefa hljóðmerki vegna stjórnataka og til viðvörunar.

35. regla

Hljóðmerki í takmörkuðu skyggni.

Á eða nærri svæði, þar sem skyggni er takmarkað, skal, hvort sem er á nóttu eða degi, gefa hljóðmerki þau, sem lýst er í þessari reglu, þannig:

a) Á vélskipi, sem er á ferð, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við eitt langt hljóð.

b) Á vélskipi, sem er laust, en hefur stöðvast og er ferðlaust, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við tvö löng hljóð með um það bil 2ja sekúndna þögn á milli þeirra.

c) Á stjórnvana skipi, skipi með takmarkaða stjórnhæfni, skipi, sem er bogað vegna djúpristu, seglskipi, skipi að fiskveiðum og skipi, sem dregur annað skip eða ýtir því, skal í stað hljóðmerkja þeirra, sem fyrirskipað er að gefa í a- eða b-lið þessarar reglu, með 2ja mínútna millibili í mesta lagi gefa þrjú hljóð hvert á eftir öðru, sem sé eitt langt hljóð og á eftir því tvö stutt hljóð.

d) Skip, sem liggja við akkeri og eru að fiskveiðum eða öðrum störfum, sem takmarka stjórnhæfni þeirra, skulu í stað hljóðmerkja þeirra, sem kveðið er á um í g-lið þessarar reglu, gefa hljóðmerkið, sem c-liðurinn mælir fyrir um.

e) Á skipi, sem dregið er, eða ef fleiri en eitt skip eru dregin, þá á síðasta skipi í lestinni, ef það er mannað, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi gefa fjögur hljóð hvert á eftir öðru, sem sé eitt langt hljóð og á eftir því þrjú stutt. Þegar því verður við komið, skal gefa þetta hljóðmerki strax á eftir hljóðmerkjum dráttarskipsins.

f) Þegar skip, sem ýtir, og annað, sem ýtt er áfram, eru fast tengd í eina samsetta heild, þá skal líta á þau sem vélskip og gefa skal hljóðmerki þau, sem fyrirskipað er að gefa í a- eða b-lið þessarar reglu eftir því sem við á.

g) Á skipi, sem liggur við akkeri, skal með einnar mínútu millibili í mesta lagi hringja skipklukkunni ótt og títt í um það bil 5 sekúndur. Á skipum, sem eru 100 metrar á lengd eða lengri, skal hringja klukkunni frammá skipinu, og strax á eftir klukknastringunni skal berja málmtrumbu afturá skipinu ótt og títt í um það bil 5 sekúndur. Á skipi, sem liggur við akkeri, má auk þess gefa þrjú hljóð hvert á eftir öðru, sem sé eitt stutt, eitt langt og eitt stutt hljóð, til að vara skip,

sem nálgast, við stað skipsins og hver hætta kunni að vera á árekstri.

h) Á skipi, sem stendur á grunni, skal hringja klukkunni ótt og títt í um það bil 5 sekúndur, og ef þess er krafist skal berja málmtrumbuna eins og kveðið er á um í g-lið þessarar reglu. Auk þess skal slá þrjú aðgreind og greinileg högg á klukkuna strax á undan og eftir hverri klukknastringu. Á skipi, sem stendur á grunni, má auk þess gefa önnur hljóðmerki með flautunni eftir því sem við á.

i) Á skipi, sem er styttra en 12 metrar, er ekki skylt að gefa ofangreind hljóðmerki. Ef slík hljóðmerki eru ekki gefin, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi gefa einhver önnur greinileg hljóðmerki.

j) Á hafnsöguskipi, sem gegnir leiðsöguerindum, má auk hljóðmerkja, sem kveðið er á um í a-, b- eða g-lið þessarar reglu, gefa fjögur stutt hljóð til auðkenningar hafnsöguskipinu.

36. regla

Merki til að vekja á sér athygli.

Á sérhverju skipi má sýna ljós eða gefa hljóðmerki, ef það telst nauðsynlegt til þess að vekja athygli áhafnar um borð í öðru skipi. Þessum ljós- eða hljóðmerkjum má þó ekki rugla saman við neitt af þeim merkjum, sem heimilað er að nota annars staðar í þessum reglum. Einnig má beina ljóskastara í átt að hættunni, en þó þannig, að það trufla ekki önnur skip. Hvers konar ljós, sem notað er til þess að vekja athygli annars skips, skal vera þannig að það verði ekki tekið fyrir nein þau ljós, er varða siglingaöryggi. Svo regla þessi megi ná tilgangi sínum, skal forðast að nota sterk blikk- eða hverfi-ljós, svo sem „strobe“ eða þess háttar.

37. regla

Neýðarmerki.

Þegar skip er í sjávarháská og þarfnast aðstoðar, skal nota eða sýna þau merki, sem lýst er í IV. viðauka við þessar reglur.

KAFLI E — UNÐANÞÁGUR

38. regla

Undanþágur.

Sérhvert skip (eða flokkur skipa), sem lagður er kjölur að eða er á samsvarandi smíðastigi, áður en þessar reglur taka gildi, má, svo fremi að skipið uppfylli kröfur í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó 1960, vera undanþegið að fylgja þessum reglum varðandi þau atriði, sem hér greinir:

a) Uppsetningu ljósa með þá langdrægni, sem krafist er í 22. reglu, í allt að 4 ár frá þeim degi, að þessar reglur taka gildi.

b) Uppsetningu ljósa með þeim sérstöku litar-einkennum, sem krafist er í 7. hluta í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 4 ár frá þeim degi, að þessar reglur taka gildi.

c) Tilfærslu ljósa vegna breytinga frá ensku máli í metrakerfi og notkun lengdarmála upp á heilan og hálfan metra, um alla framtíð.

d) 1. Tilfærslu á sigluljósi skipa, sem eru styttri en 150 metrar, vegna fyrirmæla í 3. hluta a) í I. viðauka við þessar reglur, um alla framtíð.

2. Tilfærslu sigluljósa skipa, sem eru 150 metrar á lengd eða lengri, vegna fyrirmæla í 3. hluta a) í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

e) Tilfærslu sigluljósa vegna fyrirmæla í 2. hluta b) í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

f) Tilfærslu hliðarljósa vegna fyrirmæla í 3. hluta b) í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

g) Fyrirmæli um hljóðmerkjataeki, sem kveðið er á um í III. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

h) Tilfærslu hringljósa í samræmi við 9. hluta b) í I. viðauka við þessar reglur, um alla framtíð.

b) Lóðrétt fjarlægð milli sigluljósa vélskipa skal vera svo mikil, að aftara sigluljósið sjáist frá sjávarfleti í 1000 metra fjarlægð frá stafni skipsins, og við eðlilegan stafnhalla ofan við fremra sigluljósið og aðgreint frá því.

c) Sigluljósi vélskipa, sem er 12 metrar á lengd eða lengra, en styttra en 20 metrar, skal komið fyrir a. m. k. í 2,5 metra hæð ofan við borðstokk skipsins.

d) Efsta ljósið á vélskipi, sem er styttra en 12 metrar, má vera lægra en 2,5 metra ofan við borðstokkinn. Þegar sigluljós er haft uppi auk hliðarljósa og skutljóss, skal sigluljósið samt vera að minnsta kosti einum metra hærra en hliðarljósin.

e) Öðru tveggja eða einu þriggja sigluljósa, sem vélskip skulu hafa uppi, er þau draga annað skip eða ýta því, skal komið fyrir annaðhvort á sama stað og fremra eða aftara sigluljósi vélskipa; séu ljósin höfð uppi á aftursigli, skal það lægsta þeirra að minnsta kosti vera 4,5 metrum hærra en fremra sigluljósið.

f) 1. Sigluljósinu eða ljósunum, sem kveðið er á um í a-lið 23. reglu, skal ætíð komið fyrir ofan við og laust við önnur ljós og hindranir, nema svo standi á, eins og lýst er í 2. grein þessa liðar.

2. Sé óframkvæmanlegt að hafa hringljósin, sem fyrirskipuð eru í 1. grein b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, undir sigluljósunum, má koma þeim fyrir ofan við aftara sigluljósið eða milli fremra og aftara sigluljóssins, svo fremi að framfylgt verði ákvæðum c-liðar 3. hluta þessa viðauka.

g) Á vélskipi má ekki setja hliðarljós hærra yfir bol skipsins en sem nemur $\frac{3}{4}$ af hæð fremra sigluljóssins. Hliðarljósin mega ekki vera svo lág, að þeim verði ruglað saman við þilfarsljós.

h) Ef hliðarljósin eru í samsettu ljóskeri á skipi, sem er styttra en 20 metrar, þá skulu hliðarljósin vera að minnsta kosti einn metra neðan við sigluljósið.

i) Þegar mælt er fyrir í reglum að hafa uppi tvö eða þrjú ljós lóðrétt hvert upp af öðru, skal fjarlægð milli ljósanna vera sem hér segir:

1. Á skipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skulu að minnsta kosti vera 2 metrar á milli ljósanna. Neðra eða neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í 4 metra hæð upp frá bol skipsins.

2. Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, skal að minnsta kosti vera einn metri milli ljósanna. Neðra eða neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í tveggja metra hæð upp frá bol skipsins.

3. Þegar þrjú ljós eru höfð uppi, skal vera jafnt bil á milli þeirra.

I. VIÐAUKI

STAÐSETNING LJÓSA OG MERKJA, SÉR-STÖK GERÐ ÞEIRRA OG LÖGUN

1. Skilgreining.

„Hæð upp frá bol skipsins“ merkir hæð upp frá efsta þilfari, sem nær stafna á milli. Skal hæðin mæld frá punkti, sem er lóðrétt undir ljósinu.

2. Lóðrétt staðsetning ljósa og fjarlægð á milli þeirra.

a) Á vélskipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skal koma sigluljósum fyrir sem hér segir:

1. Fremra sigluljósið, eða ef einungis er haft uppi eitt sigluljós, þá það ljós, skal að minnsta kosti vera í 6 metra hæð upp frá bol skipsins. Ef skipið er breiðara en 6 metrar, þá skal ljósið vera að minnsta kosti jafnmarga metra upp frá bol skipsins og breidd skipsins nemur. Sigluljósið þarf þó ekki að setja hærra en 12 metra upp frá bol skipsins.

2. Þegar 2 sigluljós eru höfð uppi skal aftara ljósið vera að minnsta kosti 4,5 metrum hærra en fremra ljósið, mælt í lóðlínu.

j) Á skipi að fiskveiðum skal lægra hringljósið, er þau skip skulu hafa uppi, vera svo hátt ofan við hliðarljósin að nemi að minnsta kosti tvöfaldri fjarlægð milli hringljósanna.

k) Þegar höfð eru uppi tvö akkerisljós, skal fremra ljósið, sem krafist er samkvæmt ákvæðum 1. greinar a-liðar 30. reglu, vera að minnsta kosti 4,5 metrum ofar en aftara ljósið. Á skipi, sem er 50 metrar á lengd eða lengra, skal fremra akkerisljósinu komið fyrir að minnsta kosti í 6 metra hæð upp frá bol skipsins.

3. Lárétt staðsetning ljósa og fjarlægð á milli þeirra.

a) Lárétt fjarlægð milli sigluljósa á skipi, sem er skylt að hafa uppi tvö sigluljós, skal vera að minnsta kosti hálf skipslengdin, en þarf þó ekki að vera lengri en 100 metrar. Fremra sigluljósi má ekki koma fyrir fjar stafni en sem nemur fjórðungi af lengd skipsins.

b) Á vélskipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skal ekki setja hliðarljósin framan við fremri sigluljósin. Hliðarljósunum skal komið fyrir á eða nærri hliðum skipsins.

c) Þegar ljósunum, sem kveðið er á um í 1. grein b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, er komið fyrir milli fremra og aftara sigluljóssins, skulu þau ekki vera nær mið-langskurðarfleti skipsins en 2 metrar, mælt lárétt í þverskipsstefnu.

4. Nánari ákvæði um staðsetningu stefnuljósa á fiskiskipum, dýpkunarskipum og skipum við neðansjárvinnu.

a) Ljósið, sem kveðið er á um að sýna í 2. grein c-liðar 26. reglu og sýnir í hvaða átt veiðarfæri skips að fiskveiðum liggur, skal vera að minnsta kosti í 2ja metra, en í mesta lagi í 6 metra láréttri fjarlægð frá bæði rauða og hvíta hringljósinu. Ljós þetta skal ekki vera hærra en hvíta hringljósið, sem mælt er fyrir að sýna í 1. grein c-liðar 26. reglu, og ekki lægra en hliðarljósin.

b) Ljós og merki, sem kveðið er á um að hafa uppi í 1. og 2. grein d-liðar 27. reglu til að sýna á hvora hlið dýpkunarskips og skips, er vinnur við neðansjárvinnu, hindrunin er og/eða á hvora hlið telst öruggt að sigla framhjá, skal komið fyrir í eins mikilli láréttri fjarlægð og unnt er frá ljósum þeim eða merkjum, sem kveðið er á um að hafa uppi í 1. og 2. grein b-liðar 27. reglu; lárétt fjarlægð frá nefndum ljósum og merkjum skal þó aldrei vera minni en 2 metrar. Hærra ljósið eða dagmerkið má ekki undir neinum kringumstæð-

um vera hærra en það ljós eða dagmerki, sem lægst er þeirra þriggja ljósa og dagmerkja, er á að hafa uppi skv. 1. og 2. grein b-liðar 27. reglu.

5. Hlífar fyrir hliðarljós.

Hliðarljósin á skipum, sem eru 20 metrar á lengd eða lengri, skulu á þeirri hlið, sem veit inn að skipinu, vera búin hlífum, sem eru svartmálaðar, en gljáluasar. Hlífarnar skulu fullnægja þeim kröfum, sem eru gerðar í 9. hluta þessa viðauka. Gildir þetta einnig um styttri skip, ef nauðsynlegt er, svo þau megi fullnægja sömu kröfum. Þegar notað er samsett ljósker með einni lódréttri þráðgrind og örmjóu bili milli græna og rauða ljósgeirans, þá þarf ekki að búa hliðarljósin hlífum að utanverðu.

6. Dagmerki.

a) Dagmerki skulu vera svört og af eftirfarandi stærðum:

1. Þvermál kúlu skal ekki vera minna en 0,6 metrar.

2. Þvermál grunnflatar keilu skal ekki vera minna en 0,6 metrar. Hæð keilunnar skal vera jöfn þvermáli grunnflatar hennar.

3. Þvermál sívalnings skal vera a. m. k. 0,6 metrar. Hæð sívalnings skal vera tvisvar sinnum þvermál hans.

4. Tígullaga merki skal vera 2 keilur, sem hafa sameiginlegan grunnflöt og séu keilurnar af sömu gerð og lýst er í 2. grein að ofan.

b) Lódrétt fjarlægð á milli merkja skal vera a. m. k. 1,5 metrar.

c) Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, má hafa uppi minni dagmerki, en þau skulu svara til stærðar skipsins; fjarlægð milli merkjanna má stytta samsvarandi.

7. Skilgreining lita á ljósum.

Litur allra siglingaljósa skal vera í samræmi við eftirfarandi staðla, sem eru innan marka, er tilgreind eru um hvern lit í litatöflu, sem Alþjóðaljósanefndin (CIE) hefur gert.

Mörkin fyrir hvern lit eru gefin með hornhnitum, sem eru þessi:

1. Hvítt

x	0.525	0.525	0.452	0.310	0.310	0.443
y	0.382	0.440	0.440	0.348	0.283	0.382

2. Grænt

x	0.028	0.009	0.300	0.203
y	0.385	0.723	0.511	0.356

3. Rautt

x	0.680	0.660	0.735	0.721
y	0.320	0.320	0.265	0.259

4. Gult

x	0.612	0.618	0.575	0.575
y	0.382	0.382	0.425	0.406

8. Ljósstyrkur.

a) Minnsta ljósstyrk skal reikna út með því að nota jöfnuna:

$$I = 3,43 \times 10^6 \times T \times D^2 \times K^{-D}$$

þar sem I er ljósstyrkur í kertum (candela), þegar ljósið er komið á sinn stað og í notkun.

T er raftregðustuðull 2×10^{-7} lux.

D er langdrægni (sjónarlengd) ljóssins í sjómílum.

K er ljósburðargæði andrúmsloftsins eða hver skilyrði eru til þess að ljósið sjáist.

Fyrir ljós þau, sem lýst er í reglunum, skal K-gildið vera 0,8 og svarar það til, að skyggni með berum augum sé um það bil 13 sjómílar.

b) Í eftirfarandi töflu er röð samsvarandi gilda, sem eru fundin með jöfnunni:

Langdrægni ljóssins (sjónarlengd) í sjómílum	Ljósstyrkur í kertum (candela) K 0,8
D	I
1	0,9
2	4,3
3	12
4	27
5	52
6	94

Athugið: Hámarksljósmagn siglingaljósa ætti að miða við að komist verði hjá óæskilegri blindu og skal því takmarki ekki náð með stillanlegum ljósmagnsrofa.

9. Láréttir ljósgeirar.

a) 1. Hliðarljósin skulu þaðan, sem þeim er komið fyrir um borð, sýna lágmarksljósmagn, sem krafist er í stefnu fram á við. Ljósstyrkur skal minnka og verða í reynd ómælanlegur 1—3 gráður utan þess geira, sem ljósið skal lýsa í.

2. Lágmarksljósstyrkur skutljósa og hliðarljósa, 22,5 gráður aftan við þverskipstefnu, skal vera á boga af sjóndeildarhringnum, sem er allt að því 5 gráður frá mörkum og innan þeirra ljósgeira, sem kveðið var á um í 21. reglu. Frá fimm gráðum innan marka lögboðinna ljósgeira má ljósmagnið minnka um 50 af hundraði að endamörkum þeirra; ljósstyrkur skal síðan minnka stöðugt, uns hann er í reynd ómælanlegur og skal vera svo eigi síðar en á boga, sem er 5

gráður utan ljósgeiranna, sem fyrirskipað er að ljósin lýsi.

b) Hringljósum skal þannig komið fyrir, að ekki beri fyrir þau stærri hluti mastra, siglutoppa eða yfirbygginga, en sem nemi 6 gráðum af sjóndeildarhringnum; þetta ákvæði á þó ekki við um akkerisljósin, sem kveðið er á um í 30. reglu, en þau þarf ekki að setja ofar bol skipsins en vel er framkvæmanlegt.

10. Lóðréttir ljósgeirar.

a) Lóðréttir ljósgeirar uppsettra rafljósa, nema um seglskip sé að ræða, skulu lýsa og tryggja:

1. að lágmarksljósmagn, sem krafist er, verði á samfelldum 10 gráðu boga frá 5 gráðum yfir láréttum fleti að 5 gráðum undir láréttum fleti;

2. að minnsta kosti 60 af hundraði þess lágmarksljósmagns, sem krafist er, verði á samfelldum boga frá 7,5 gráðum yfir láréttum fleti að 7,5 gráðum undir láréttum fleti.

b) Ef um seglskip er að ræða, skal þess gætt, að lóðréttir ljósgeirar uppsettra rafljósa lýsi þannig:

1. að lágmarksljósmagn, sem krafist er, verði á samfelldum 10 gráðu boga frá 5 gráðum yfir láréttum fleti að 5 gráðum undir láréttum fleti;

2. að minnsta kosti 50 af hundraði þess lágmarksljósmagns, sem krafist er, verði á samfelldum boga frá 25 gráðum yfir láréttum fleti að 25 gráðum undir láréttum fleti.

c) Þegar um önnur ljós en rafljós er að ræða, skal fylgja þessum ákvæðum um lýsingu eins náði og kostur er.

11. Ljósstyrkur annarra ljósa en rafljósa.

Önnur ljós en rafljós skulu, eftir því sem framkvæmanlegt er, uppfylla kröfur um lágmarksljósstyrk eins og skilgreint er í töflu í 8. hluta þessa viðauka.

12. Stefnuljós.

Þrátt fyrir ákvæði í f-lið 2. hluta þessa viðauka, skal stefnuljósi, sem kveðið er á um að hafa í b-lið 34. reglu, komið fyrir í sama lóðrétta langskurðarfleti og sigluljósið eða sigluljósin eru í; þar sem það er framkvæmanlegt skal stefnuljósið vera að minnsta kosti 2 metra lóðrétt ofan við fremra sigluljósið en þess skal þó gætt, að stefnuljósið sé að minnsta kosti 2 metra lóðrétt fyrir ofan eða neðan aftara sigluljósið. Á skipi með aðeins eitt sigluljós skal, ef skip er búið sérstöku stefnuljósi,

hafa ljósið þar sem það sést best, en að minnsta kosti í 2ja metra lóðréttri fjarlægð frá siglu-ljósinu.

13. Samþykki.

Útbúnaður ljósa og merkja svo og uppsetning ljósa um borð í skipum skal uppfylla þær kröfur, sem settar eru af hlutaðeigandi opinberum yfirvöldum í landi því, sem á þjóðfána þann, sem skipinu er heimilt að bera.

II. VIÐAUKI

VIÐBÓTARMERKI FYRIR FISKISKIP, SEM ERU AÐ VEIÐUM Í GRENND HVERT VIÐ ANNAÐ

1. Almenn ákvæði.

Ef ljós þau, sem hér er um fjallað, eru samkvæmt heimild í d-lið 26. reglu höfð uppi, skal þeim komið fyrir þar sem þau sjást best með að minnsta kosti 0,9 metra millibili, en lægra en ljósunum, sem lýst er í 1. grein b- og c-liðar 26. reglu. Ljósín skulu sjást úr öllum áttum, í að minnsta kosti einnar sjómílu fjarlægð, en þó styttra en ljósin, sem skylt er að hafa á fiskiskipum eftir þessum reglum.

2. Merki skipa að togveiðum.

a) Á skipi að togveiðum, hvort sem það veiðir með botnvörpu eða flotvörpu, má hafa uppi:

1. þegar vörpunni er kastað: tvö hvít ljós, annað lóðrétt upp af hinu;

2. þegar varpan er hífð um borð: hvítt ljós, lóðrétt yfir rauðu ljósi;

3. þegar varpan er föst í einhverri hindrun: tvö rauð ljós, annað lóðrétt upp af hinu.

b) Á skipum, er toga vörpu á milli sín, má á hvoru þeirra um sig:

1. beina ljóskastara að nóttu til fram á við og fyrir stafn hins skipsins, sem varpan er toguð í félagi með;

2. hafa uppi ljósin, sem kveðið er á um í lið 2 a) að framan, þegar vörpunni er kastað eða hún er hífð um borð, eða er föst í einhverri hindrun.

3. Merki skipa að nótaveiðum.

Á skipum að nótaveiðum má hafa uppi 2 gul ljós, annað lóðrétt upp af hinu. Ljósín skulu blossa til skiptis hverja sekúndu, þannig að ljós sé á efra ljóskeri, þegar slökkt er á því neðra og svo öfugt. Ljós þessi má eingöngu sýna, þegar skipið er bundið veiðarfærum sínum.

III. VIÐAUKI

UM TÆKNILEGAN ÚTBÚNAÐ OG GERÐ HLJÓÐMERKJATÆKJA

1. Flautur.

a) Tíðni og langdrægni hljóðmerkja.

Grundvallartíðni skal vera innan marka 70 og 700 riða (Hz).

Langdrægni heyrarlegra hljóðmerkja frá flautu skal ákvarða með tíðnum, sem eru innan marka 180—700 riða (Hz) ($\pm 1\%$) og ná því stigi hljóðþrýstings, sem tilgreint er í c-lið hér á eftir. Tíðnirnar geta verið grundvallartíðnin og/eða ein eða fleiri hærri tíðnir.

b) Mörk grundvallartíðna.

Til þess að tryggja mikla fjölbreytni í einkennum hljóðmerkja frá skipsflautu skal grundvallartíðni flautu liggja milli eftirfarandi marka:

1. 70—200 rið (Hz) á skipum, sem eru 200 metrar á lengd eða lengri.

2. 130—350 rið (Hz) á skipum, sem eru 75 metrar á lengd eða lengri, en styttri en 200 metrar.

3. 250—700 rið (Hz) á skipum, sem eru styttri en 75 metrar.

c) Styrkur hljóðmerkja og langdrægni þeirra.

Skipsflauta um borð skal í þá átt, sem hljóðstyrkur flautunnar er mestur, og í eins metra fjarlægð frá flautunni ná hljóðþrýstistigi, sem er að minnsta kosti einn þriðji úr áttund og innan tíðnimarkna 180 og 700 riða (Hz) ($\pm 1\%$) og ná a. m. k. þeim gildum, sem gefin eru í eftirfarandi töflu:

Skipslengd í metrum	Tónstiginn $\frac{1}{3}$ úr áttund í eins m fjarlægð, talinn í dB, 2×10^{-5} N/m ²	Langdrægni heyrarlegra hljóðmerkja í sjómílum
200 eða lengri	143	2
75, en styttri en 200	138	1,5
20, en styttri en 75	130	1
Styttri en 20	120	0,5

Tölur um langdrægni hljóðmerkja í töflunni að ofan eru til upplýsinga. Í kyrru veðri um borð í skipi með venjulegan hávaða í bakgrunni á þeim stöðum, sem hlustað er, eru 90% líkur til að tölurnar gefi nokkurn veginn þá langdrægni, sem heyrna má í flautu í beinu framhaldi af langskurðarfleti (miðjuási) hennar. Venjulegur bakgrunnshávaði er talinn vera 68 dB í þeirri áttund, sem hefur miðju á 250 riðum (Hz), og 63 dB í áttund, sem hefur miðju á 500 riðum (Hz).

Í reynd er sú vegalengd, sem hljóð flautunnar heyrir, ákaflega breytileg og ræður veðurlag

mestu um langdrægni hljóðsins. Gildin, sem eru gefin, má líta á sem dæmigerð, en í roki og miklum hávaða í nánd við þá staði, sem hlustað er, getur dregið verulega úr langdrægni hljóðmerkjanna.

d) Stefnugefandi þættir.

Hljóðþrýstistig flautu, sem beinir hljóðinu í ákveðna átt, skal ekki vera meira en 4 dB undir fyrirskipuðu hljóðþrýstistigi í langskurðarfleti flautunnar í hvaða stefnu sem er í láréttum fleti innan $\pm 45^\circ$ horns frá langskurðarfletinum. Hljóðþrýstistigið í allar aðrar áttir í láréttum fleti skal ekki vera meira en 10 dB undir fyrirskipuðu hljóðþrýstistigi í langskurðarfleti flautunnar, þannig að langdrægni hljóðsins í allar áttir verði að minnsta kosti helmingur af langdrægni í stefnu, sem er í beinu framhaldi af langskurðarfletinum. Hljóðþrýstistigið skal mælt á hljóðsviðinu einn þriðji úr áttund, sem ákvarðar langdrægni hljóðmerkja.

e) Staðsetning skipsflautu.

Pegar nota skal sem einu flautuna um borð flautu, sem beinir hljóðinu í ákveðna átt, skal koma henni þannig fyrir, að hámarkshljóðstyrkur flautunnar sé beint framundan.

